
**NYTJASTOFNAR SJÁVAR
2007/2008**

**AFLAHORFUR
FISKVEIÐIÁRIÐ 2008/2009**

State of Marine Stocks in
Icelandic Waters 2007/2008

Prospects for the
Quota Year 2008/2009

1. Prentun

Reykjavík, júní 2008

Ritstjórar: Þorsteinn Sigurðsson og Guðmundur Þórðarsson.

Þessi skýrsla er unnin í umsjá sérstakrar verkefnisstjórnar um veiðiráðgjöf. Formaður verkefnisstjórnar er Björn Ævarr Steinarsson. Aðrir í verkefnisstjórn eru Ásta Guðmundsdóttir, Einar Hjörleifsson, Einar Jónsson, Guðmundur Þórðarson, Hrafnkell Eiríksson, Höskuldur Björnsson, Sigurður Þ. Jónsson og Þorsteinn Sigurðsson. Eftirtaldir sérfræðingar hafa einnig unnið í náinni samvinnu við verkefnisstjórn að gerð skýrslunnar: Ásgeir Gunnarsson, Ástþór Gíslason, Droplaug Ólafsdóttir, Gísli A. Víkingsson, Guðmundur Guðmundsson, Guðmundur V. Óskarsson, Guðrún G. Þórarinsdóttir, Gunnar Pétursson, Héðinn Valdimarsson, Jónbjörn Pálsson, Kristján Kristinsson, Sveinn Sveinbjörnsson og Unnur Skúladóttir. Myndlistarmanninum Jóni Baldri Hlíðberg eru þökkun af teikningum í skýrslunni og Heidi Pardoe fyrir leiðréttingar á enskum texta.

Helga Lilja Bergmann og Guðrún G. Þórarinsdóttir önnuðust útgáfu skýrslunnar ásamt ritstjórum.

Efnisyfirlit Content

Formáli (<i>Forewords</i>).....	5
Ágrip (<i>Summary in Icelandic</i>).....	7
1. Umhverfispættir (<i>Environmental conditions</i>).....	15
2. Ástand nytjastofna (<i>State of marine stocks</i>)	19
2.1 Þorskur (<i>Cod</i>).....	19
2.2 Ýsa (<i>Haddock</i>)	26
2.3 Ufsi (<i>Saithe</i>).....	30
2.4 Karfastofnar (<i>Redfish stocks</i>).....	34
2.5 Grálúða (<i>Greenland halibut</i>)	41
2.6 Lúða (<i>Halibut</i>)	43
2.7 Skarkoli (<i>Plaice</i>).....	45
2.8 Sandkoli (<i>Dab</i>).....	47
2.9 Skrápflúra (<i>Long rough dab</i>)	49
2.10 Langlúra (<i>Witch</i>).....	51
2.11 Þykkvalúra (<i>Lemon sole</i>)	53
2.12 Stórkjafta (<i>Megrim</i>)	55
2.13 Steinbítur (<i>Wolffish</i>).....	56
2.14 Blálanga (<i>Blue ling</i>).....	58
2.15 Langa (<i>Ling</i>)	59
2.16 Keila (<i>Tusk</i>)	61
2.17 Skötuselur (<i>Anglerfish</i>).....	63
2.18 Hrognkelsi (<i>Lumpsucker</i>)	65
2.19 Síld (<i>Herring</i>)	66
2.20 Loðna (<i>Capelin</i>).....	70
2.21 Kolmunnir (<i>Blue whiting</i>)	73
2.22 Gulllax (<i>Greater silver smelt</i>).....	75
2.23 Humar (<i>Nephrops</i>)	76
2.24 Rækja (<i>Northern shrimp</i>).....	79
2.25 Hörpudiskur (<i>Iceland scallop</i>)	85
2.26 Kúfiskel (<i>Ocean quahog</i>).....	87
2.27 Beitukóngur (<i>Whelk</i>).....	88
2.28 Hvalir (<i>Whales</i>).....	89
2.29 Selir (<i>Seals</i>).....	92
3. Töflur (<i>Tables</i>).....	95
4. English summary	169
5. Viðaukar (<i>Appendices</i>)	175



Formáli

Í þessari skýrslu um ástand nytjastofna sjávar fiskveiðiárið 2007/2008 og aflahorfur 2008/2009 er að finna hefðbundið yfirlit yfir ástand einstakra nytjastofna, þróun veiða og stofnstærð. Á grundvelli langtíma markmiðs um sjálfbæra nýtingu er lagður til hámarksafli fyrir á fjórða tug stofna, sem miðast við áætlað veiðiþol þeirra og varúðarsjónarmið þar sem það á við. Jafnframt er í skýrslunni stuttur kafli um mikilvæga umhverfisþætti og áhrif þeirra á lífríki sjávar.

Sem fyrr byggir skýrslan á yfirgripsmiklu framlagi fjölmargra starfsmanna Hafrannsóknastofnunarinnar og samstarfsaðila hennar á sjó og landi sem hér með er þakkað mikið og vel unnið starf. Sérstakar þakkir fá sérfræðingar Veiðiráðgjafarsviðs undir stjórn Björns Ævarrs Steinarssonar og ritsjónr skýrslunnar undir forystu Þorsteins Sigurðssonar. Eins og jafnan hefur einnig verið fjallað um flesta mikilvægustu fiskistofnana við landið í vinnunefndum og Ráðgjafarnefnd Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES) og er lesendum sérstaklega bent á vefslóð ráðsins www.ices.dk þar sem er að finna ítarlegt efni um þessa stofna. Þá er að finna í viðauka skýrslunnar nánari útlistun aðferða við mat á stærð fiskistofna og myndir er sýna dreifingu sóknar og afla fyrir mikilvægustu fisktegundirnar.

Það mat á ástandi þorskstofnsins sem kynnt er í þessari skýrslu er í samræmi við mat Hafrannsóknastofnunarinnar á síðasta ári. Þó víða heyrast fréttir af góðum aflabrogðum um þessar mundir er það ekki vegna þess að staða þorskstofnsins hafi verið að styrkjast umfram það sem gera mátti ráð fyrir, heldur fyrst og fremst vegna þess að enn nýtur miðlungs sterkra árganga er komust á legg fyrir síðustu aldamót. Hafa verður í huga að þegar dregið er hratt úr sókn í fiskistofn, t.d. vegna takmarkana á aflamarki, geta aflabrogð batnað hratt vegna friðunar á veiðislóð. Hins vegar ber að hafa í huga að árgangur 2007 er slakur og bætist því við röð árganga eftir aldamótin sem eru undir langtíma meðaltali að fjölda. Mun það augljóslega setja skorður við mögulega aukningu heildarafla næstu árin.

Eitt aðal markmið tillagna Hafrannsóknastofnunarinnar um samdrátt í þorskveiðum, var að styrkja hrygningarstofninn og auka aldursbreidd hans. Það er talið auka líkurnar á stærri þorsársárgöngum í framtíðinni og þar með leggja grunn að auknum afla. Með ákvörðun sjávarútvegráðherra á síðasta ári um að breyta veiðihlutfalli þorsks úr 25% veiðistofns í 20% með sveiflujöfnun sem þá var í gildi og með ákvörðun um að takmarka aflamark fiskveiðiársins 2007/2008 við 130 þúsund tonn, voru mörkuð þáttaskil í nýtingu þorskstofnsins. Með þessum aðgerðum eru líkur á að þorskstofninn styrkist frekar á komandi árum, hann gefi jafnari afrakstur, aukinn afla á sóknareiningu og ef að líkum lætur, betri nýliðun þegar til langs tíma er litið. Hafrannsóknastofnunin leggur hins vegar áherslu á að aðlögunartími gildistöku 20% aflareglu verði ekki framlengdur meira en ákveðið hefur verið enda mikilvægt að framkvæmd reglunnar komist á hið fyrsta.

Nauðsyn ber til að vekja athygli á að lágmarksákvæði um aflamark ("gólf") í aflareglu, sem ákveðið var að gildi í tvö ár, samrýmist ekki varúðarnálgun við stjórn fiskveiða. Í alþjóðasamþykktum er miðað við að ef stofn fer undir skilgreind líffræðileg viðmiðunarmörk beri að draga verulega úr fiskveiðidauða. Engin slík viðmiðunarmörk hafa verið skilgreind fyrir íslenska þorskstofninn. Hafrannsóknastofnunin mun því gangast fyrir því á þessu ári í samvinnu við stjórnvöld og aðila í atvinnugreininni að skilgreind verði slík líffræðileg viðmiðunarmörk og ákvarða með hvaða hætti skuli bregðast við ef stofninn fer undir þau. Slík skilgreining á mörkum mun styrkja undirstöður aflareglunnar og trúverðugleika veiðistjórnunarinnar.

Vel ígrunduð aflaregla í fiskveiðum er einn mikilvægur þáttur vistkerfisnálgunar við

stjórn fiskveiða sem verður nú stöðugt meira áberandi í umfjöllun um stöðu fiskistofna um heim allan. Í vistkerfisnálguninni felst m.a. að almennt sé gætt varúðar við nýtingu fiskistofnanna og að reynt sé að meta áhrif veiða, ekki eingöngu með tilliti til þess stofns sem nýttur er, heldur einnig lífríkisins í heild. Þó íslenskur sjávarútvegur standi án efa vel að mörgu leyti í þessu tilliti er ýmislegt sem má færa til betri vegar. Þetta varðar t.d. blandaðar veiðar en til að auðvelda þær í aflamarkskerfi er mikilvægt að jafnvægi ríki í aflamarki í tegundum sem veiðast á sömu miðum og að forðast sé að hafa mjög lágt veiðihlutfall í einni tegund en hátt í annari. Framkvæmd þessa er þó fjarri því að vera einföld en til að taka á þessum þáttum hafa verið heimilaðar tilfærslur aflamarks milli tegunda og á milli ára. Þessu hafa fylgt nokkrir gallar, t.d. er ekkert hámark á því hlutfalli sem má bæta við aflamark tiltekinnar tegundar, sem getur leitt til alltof mikillar sóknar þegar um lítinn stofn er að ræða. Eins og fram kemur í þessari skýrslu eru vísbendingar um þetta í flatfiskveiðunum. Mikilvægt er að atriði af þessu tagi séu reglulega yfirfarin og löguð að breyttum aðstæðum. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að endurskoðun á reglum um tegundatilfærslur fari fram hið fyrsta enda er það forsenda fyrir hagkvæmum veiðum í aflamarkskerfi og dregur úr líkum á brottkasti.

Reykjavík, 4. júní 2008

Jóhann Sigurjónsson

Ágrip af skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar um nytjastofna sjávar 2007/2008 og aflahorfur fiskveiðiárið 2008/2009

2.1. Þorskur

Heildarafli úr íslenska þorskstofninum árið 2007 var 170 þús. tonn samanborið við 196 þús. tonn árið 2006. Úthlutað aflamark fyrir fiskveiðiárið 2007/2008 var 130 þús. tonn.

Meðalþyngd þorsks eftir aldri hefur lækkað verulega á síðustu árum og var meðalþyngd flestra aldursflokka í stofnmælingu haustið 2007 og í afla ársins 2007 við sögulegt lágmark. Meðalþyngd í stofnmælingu í mars 2008 lækkaði ekki miðað við fyrra ár. Rekja má þessa þróun í meðalþyngd til minna magns loðnu á undanföllum árum. Holdafar fisks í stofnmælingunum hefur hins vegar lítið breyst.

Vísitölur stofnstærðar úr mælingum á vori (SMB) árið 2008 voru svipaðar og á árinu 2007. Síðustu 5 árin hefur vístala þorsks stærri en 80 cm verið há samanborið við mælingar í upphafi áratugarins. Stofnmælingar að hausti (SMH) gefa svipaða mynd af þróun stofnsins á undanföllum árum.

Hrygningarstofninn hefur verið mjög lítill síðustu 35 ár samanborið við fyrri hluta síðustu aldar. Hrygningarstofn minnkaði í sögulegt lágmark árið 1993, eða um 120 þúsund tonn en hefur stækkað frá þeim tíma og er nú talinn vera um 230 þúsund tonn. Samkvæmt stofnmæti eru árgangar 2001–2007 allir metnir undir meðallagi, eða að meðaltali 115 milljónir samanborið við 180 milljónir langtíma-meðaltal. Slök nýliðun ásamt lágri meðalþyngd eftir aldri þýðir að framleiðslugeta stofnsins er mjög lítil um þessar mundir. Viðmiðunarstofninn (B4+) hefur því farið lakkandi á undanföllum árum og er í upphafi árs 2008 um 590 þúsund tonn. Þetta er svipað mat og áætlað var í síðust úttekt stofnunarinnar. Veiðihlutfallið á síðustu fimm árum hefur verið um 30% samanborið við um og yfir 40% fyrir upptöku aflareglunnar. Með núverandi takmörkunum á afla er áætlað að veiðihlutfallið lækki enn frekar og verði um 22% á árinu 2008. Ef fylgt er 20% aflareglu til lengri tíma er ólíklegt að viðmiðunarstofninn verði minni en hann er nú og líklegt að hrygningarstofninn vaxi á næstu fjórum árum.

Hafrannsóknastofnunin lagði til á árinu 2007 að aflamark á komandi árum yrði miðað við meðaltal af aflamarki yfirstandandi fiskveiðiárs og 20% af viðmiðunarstofni. Samkvæmt fyrirbyggjandi stofnmæti gefur þessi tillaga 124 þúsund tonna aflamark á fiskveiðiárinu 2008/2009. Ákvörðun Sjávarútvegsráðuneytisins um 130 þúsund aflamark fyrir fiskveiðiárið 2008/2009 mun leiða til lækkunar á fiskveiðidauda miðað við undanfarin ár. Hafrannsóknastofnunin leggur áherslu á að aðlögunartími gildistöku 20% aflareglu verði ekki framlengdur meira en ákveðið hefur verið enda mikilvægt að framkvæmd reglunnar komist á sem allra fyrst.

Hafrannsóknastofnunin mun á þessu ári skilgreina líffræðileg viðmiðunarmörk í stofnstærð þorsks og leggja fram tillögur um reglur sem notaðar eru ef stofninn fer undir slík mörk.

Auk þess leggur stofnunin til að núverandi reglur um hámarksstöskvastærð og lokanir á hrygningarstöð verði í gildi enn um sinn.

2.2. Ýsa

Ýsuafllinn á árinu 2007 var tæp 110 þús. tonn eða 12% meiri en árið 2006. Fyrir fiskveiðiárið 2007/2008 lagði Hafrannsóknastofnunin til 95 þús. tonna aflahámark og heildaraflamark var ákveðið 100 þús. tonn.

Nýliðun ýsu var mjög góð á árunum 1998–2003, árgangar 2004–2006 eru nærri meðallagi en árgangur 2007 fremur stór. Árgangur 2003 er talinn stærsti árgangurinn í stofninum í að minnsta kosti hálfa öld. Stórir árgangar frá 1998–2000 leiddu til mikillar stækkunar ýsustofnsins frá 2001–2004 og hefur hann verið stór síðan.

Við mat á stærð stofnsins var eins og í fyrra, stuðst við aldursgreindan afla og aldurskiptar vísitölur úr stofnmælingum botnfiska í mars og október. Í forsendum framreikninga er gert ráð fyrir að vöxtur ýsu árin 2008–2009 verði eins og hann var 2007 þegar ýsan óx mjög hægt. Tekið er tillit til þess að árgangar sem vaxa hægt koma seinna inn í veiðina. Áætlað er að ýsuafli árið 2008 verði 100 þúsund tonn.

Stærð stofns ýsu þriggja ára og eldri í upphafi árs 2008 er metin 260 þúsund tonn. Meðalveiðidánartala árið 2007 er metin um 0.55 en áætlað að hún verði um 0.43 árið 2008. Framreikningar benda til að ýsustofninn muni minnka hratt á næstu árum þegar stóri árgangurinn frá 2003 hverfur úr stofninum.

Borið saman við úttekt ársins 2007 er mat á fjöldataölum mjög líkt en meðalþyngd mikilvægustu árganganna er lægri en gert var ráð fyrir. Áætlun vaxtar er stærsti óvissuþátturinn í mati á þróun stofnsins á næstu árum.

Í ljósi framangreindra atriða leggur Hafrannsóknastofnunin til að hámarksafli ýsu á fiskveiðiárinu 2008/2009 fari ekki yfir 83 þús. tonn.

2.3. Ufsi

Ufsaafllinn árið 2007 var rúm 64 þús. tonn sem er um 15% samdráttur frá árinu 2006, en þá hafði aflinn aukist um 5–10 þús. tonn á ári frá 2001. Aflinn árin 1998–2001 var hins vegar sá minnsti síðastliðna hálfa öld, aðeins ríflega 30 þús. tonn á ári. Veiðistofn í ársbyrjun 2008 er metinn um 199 þús. tonn sem er rúmum 20 þús. tonnum minna en gert var ráð fyrir í síðustu úttekt. Ufsastofninn var í lágmarki árin 1997–

2000 vegna lélegrar nýliðunar en hefur stækkað umtalsvert síðan þá. Mat á stærð árganganna frá 1998–2000 og 2002 bendir til að þeir séu umtalsvert sterkari en árgangarnir frá árunum 1987–1995, en aðrir nýlegir árgangar eru metnir lélegir eða í tæpu meðallagi. Hafrannsóknastofnunin leggur til að afli á fiskveiðiarinu 2008/2009 fari ekki yfir 50 þús. tonn. Með þeim afla eru líkur á að veiðidánartala ($F_{4.9}$) stofnsins haldist stöðug og verði nálægt 0.3 sem samrýmist varúðarsjónarmiðum.

Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur sett viðmiðunarmörk fyrir stærð hrygningarstofns ufsa sem ráðgjöf þess hefur byggst á undanfarin ár. Ljóst er að forsendur hafa breyst og eru viðmiðunarmörkin nú talin of há og verða því endurskoðuð af Alþjóðahafrannsóknaráðinu árið 2008.

2.4. Karfastofnar

Afli **gullkarfa** var áætlaður rúmlega 39 þús. tonn árið 2007 sem er 2 000 tonnum minni afli en árið áður. Sókn í stofninn hefur verið tiltölulega stöðug síðustu árin en afli á sóknareiningu hefur minnkað s.l. þrjú ár. Vísitölur veiðistofns gullkarfa í stofnmælingu botnfiska lækkuðu verulega á árunum 1987–1995 en fóru hækkandi fram til ársins 2003 vegna tveggja sterkra árganga frá árunum 1985 og 1990. Síðan þá hefur veiðistofninn minnkað og er metinn ríflega helmingur þess sem hann var árið 1985. Nýliðun virðist vera léleg allt frá árinu 1991 og því má búast við minnkandi afla er fram líða stundir.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að sókn í gullkarfastofninn á fiskveiðiarinu 2008/2009 verði takmörkuð þannig að hámarksafli fari ekki yfir 30 þús. tonn.

Djúpkarfi við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar er talinn vera af sama stofni. Áætlað er að rúm 16 þús. tonn af djúpkarfa hafi veiðst á Íslandsmiðum árið 2007 samanborið við rúm 17 þús. tonn árið 2006 og 33 þús. tonn að meðaltali árin 1996–2000. Ástand stofnsins er talið slæmt og núverandi nýtingarstefna hefur ekki leitt til aukningar í stofninum. Ekkert samkomulag er milli þjóða um nýtingu stofnsins. Alþjóðahafrannsóknaráðið og Hafrannsóknastofnunin leggja til að sókn í djúpkarfa á hafsvæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar verði takmörkuð þannig að hámarksafli fiskveiðiaríð 2008/2009 fari ekki yfir 10 þús. tonn.

Úthafskarfi veiðist í lögsögu Íslands og Grænlands og á alþjóðlega hluta Grænlandshafs. Afli var áætlaður um 64 þús. tonn árið 2007 samanborið við um 82 þús. tonn árið 2006. Skráður afli allra veiðipjóða hefur dregist verulega saman á s.l. þremur árum miðað við árabilið 1993–2004. Á síðasta ári var afli íslenskra skipa rúm 17 þús. tonn, samanborið við rúm 22 þús. tonn árið 2006. Undanfarin ár hefur stór hluti afla Íslendinga veiðst innan íslensku lögsögunnar á meira en 600 m dýpi. Mikil óvissa ríkir um tengsl þess karfa sem veiðist í úthafinu við annan karfa, m.a. á Íslandsmiðum.

Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur undanfarin ár lagt til að draga beri verulega úr sókn. Um árabil hefur afli verið langt umfram ráðlagt aflamark og því miklar líkur á að sókn í stofninn hafi verið langt umfram afrakstursgetu hans. Karfi er mjög hægvaxta og langlífur fiskur, óvissa er um stofngerð sem og þróun stofnstærðar og ekkert samkomulag er um skiptingu ákvarðaðs heildaraflamarks. Í ljósi þessa er ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins sú sama fyrir árið 2009 og hún var fyrir árið 2008 eða 20 þús. tonn.

2.5. Grálúða

Grálúða við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar er talin vera af sama stofni. Heildarafli grálúðu á þessu svæði var tæplega 22 þús. tonn árið 2007. Afli Íslendinga árið 2007 var um 10 þús. tonn og hefur ekki verið minni síðan árið 1976. Afli á sóknareiningu á Íslandsmiðum, sem var í lágmarki árin 1995–1997, jókst umtalsvert á árunum 1998–2001, en hefur síðan minnkað um helming og hefur verið í sögulegu lágmarki síðustu fjögur ár. Þróun stofnvísitölu grálúðu samkvæmt stofnmælingu botnfiska að hausti árin 1996–2007 er í góðu samræmi við þróun í aflabroögðum. Alþjóðahafrannsóknaráðið og Hafrannsóknastofnunin leggja til að ríkin sem hlut eiga að máli leggi fram sameiginlega stjórnunaráætlun (management plan) sem tekur til heildarútbreiðslu stofnsins. Í ljósi þess að ólíklegt er talið að stofninn stækki frá því sem nú er nema til komi umtalsverð lækkun í afla er lagt til að heildarafli grálúðu á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar árið 2008 fari ekki yfir 5 þús. tonn.

2.6. Lúða

Árið 2007 var landaður afli á Íslandsmiðum 520 tonn. Lengst af hefur skráður lúðuaflí Íslendinga verið á bilinu 1 000–2 000 tonn og hefur einkum fengist sem aukaafli við tog- og línuveiðar. Síðastliðin 12 ár hefur lúðuaflí á Íslandsmiðum verið innan við 1 000 tonn og er það minnsti afli á svo löngu tímabili frá 1950. Afli á sóknareiningu hefur minnkað mikið á seinni árum, bæði í veiðum og stofnmælingu botnfiska og virðist ástand lúðustofnsins vera afar slæmt. Engar vísbendingar eru um aukna nýliðun í hrygningarstofninn á næstu árum. Hafrannsóknastofnunin ítrekar fyrri ráðgjöf um að bein sókn í lúðu verði bönnuð.

2.7. Skarkoli

Skarkolaafli árið 2007 var um 5 800 tonn sem er um 600 tonnum minna en árið 2006. Afli á sóknareiningu í dragnót minnkaði úr 400 kg í kasti árið 1991 í um 210 kg í kasti árið 2000 en hefur vaxið nokkuð á síðustu árum. Samkvæmt stofnmælingu botnfiska var stærð stofnsins árin 1997–2002 um 10% af því sem hann mældist árið 1985. Síðan hafa vísitölur hækkað. Stofnmat með aldurs-aflaáðferð bendir til þess að nýliðun hafi verið léleg allt frá síðari hluta tíunda áratugarins en að veiðidauði hafi

líklega minnkað. Samkvæmt stofnmælingu botnfiska er ekki að vænta góðrar nýliðunar í veiðistofninn á næstu árum. Hafrannsóknastofnunin leggur til að sókn í skarkola verði áfram takmörkuð og aflamark fiskveiðiárið 2008/2009 fari ekki yfir 5 000 tonn. Auk þess leggur stofnunin til áframhaldandi friðun á hrygningarstöðvum við suður-, suðvestur- og vesturströndina á hrygningartíma.

2.8. Sandkoli

Sandkoolaafli jókst úr 1 200 tonnum árið 1987 í tæp 8 000 tonn árið 1997 en hefur minnkað síðan og var um 800 tonn árið 2007. Yfir 95% aflans voru veidd í dragnót og eru mikilvægustu veiðisvæðin í Faxaflóa og á Suðvesturmiðum. Afli á sóknareiningu minnkaði um helming frá árinu 1997 til 2000, jókst aftur árin 2001 og 2002, en á fimm síðustu árum hefur hann minnkað og var minnstur árið 2007. Mat á veiðistofni í upphafi árs 2008 er háð mikilli óvissu þar sem upplýsingar um stærð yngstu árganganna sem eru að koma inn í veiðina eru mjög litlar. Fyrstu vísbendingar úr afla benda hinsvegar til þess að þeir séu ekki stórir. Hafrannsóknastofnunin leggur til að aflamark fyrir sandkola fiskveiðiárið 2008/2009 verði ekki hærra en sem nemur þeim sandkoolafla sem ætla má að fáist sem meðafli við aðrar veiðar. Miðað við ástand stofnsins gæti sá afli numið um 500 tonnum á næsta fiskveiðiári. Jafnframt mun stofnunin á næstu vikum koma með frekari tillögur til verndunar sandkolastofninum.

2.9. Skrápflúra

Frá árinu 1990 jókst skrápflúruafli úr 650 tonnum í rúm 6 400 tonn árið 1996 en var 3 000–4 000 tonn til ársins 2003 er aflinn minnkaði í 2 800 tonn. Árið 2007 var landaður afli einungis um 360 tonn. Skrápflúruafli í kasti með dragnót á svæðinu frá Snæfellsnesi suður og austur um að Stokksnesi var í sögulegu lágmarki á síðasta ári og vísitölur veiðistofns í stofnmælingu botnfiska hafa farið lækandi undanfarin ár. Í ljósi ástands stofnsins leggur Hafrannsóknastofnunin til, í varúðarskygni, að afli á ofangreindu veiðisvæði fiskveiðiárið 2008/2009 verði ekki meiri en sem nemur þeim skrápflúruafla sem ætla má að fáist sem meðafli við aðrar veiðar. Miðað við ástand stofnsins gæti sá afli numið um 250 tonnum á næsta fiskveiðiári.

2.10. Langlúra

Frá 1988 hefur langlúruafli verið á bilinu 1 000–1 800 tonn og var um 1 800 tonn árið 2007. Frá 1998 hefur afli í kasti meira en tvöfaldast. Fjöldavísitala ungfisks (fiskur 30 cm og minni) í árlegum humarleiðangri Hafrannsóknastofnunarinnar hækkaði umtalsvert frá árinu 1995 til 2001, en hefur síðan farið lækandi. Vísitala veiðistofns (fiskar stærri en 30 cm) náði hámarki árið 2005 en hefur síðan lækkað. Niðurstöður úr stofnmælingu botnfiska í mars sýna svipaða þróun.

Töluverð óvissa er um stofnstærð langlúru en þau gögn sem fyrir liggja benda til þess að ástand veiðistofnsins sé nokkuð gott. Fiskveiðidaudi virðist hóflegur, hinsvegar bendir slök nýliðun til þess að veiðistofninn muni minnka á næstu árum.

Hafrannsóknastofnunin leggur því til að aflamark langlúru á fiskveiðiárinu 2008/2009 fari ekki yfir 1 600 tonn.

2.11. Þykkvalúra

Árið 2007 var þykkvalúruaflinn um 2 650 tonn. Samkvæmt stofnmælingu botnfiska í mars hefur veiðistofn þykkvalúru minnkað um þriðjung frá árinu 1985 til ársins 2000 en hefur síðan stækkað umtalsvert. Á aðal veiðisvæðinu undan Suðvesturlandi hefur afli í kasti með dragnót tvöfaldaðist frá 1993–1998. Aldurs-aflagreining bendir til þess að veiðidánartölur séu mjög háar og því óvarlegt að auka aflann umfram síðustu tillögu. Hafrannsóknastofnunin leggur til að hámarksafli þykkvalúru fiskveiðiárið 2008/2009 verði 1 600 tonn.

2.12. Stórkjaftra

Stórkjaftra veiðist sem meðafli einkum í dragnót og humarvörpu. Landaður afli 2007 var 187 tonn. Stofnstærð og veiðiþol eru óþekkt.

Hafrannsóknastofnun gerir ekki tillögu um hámarksafli stórkjaftra fyrir fiskveiðiárið 2008/2009.

2.13. Steinbítur

Steinbítsafli á árinu 2007 var rúm 16 þús. tonn, eða svipaður og árið áður. Nýliðunarvísitala steinbíts í stofnmælingu botnfiska hefur lækkað verulega frá árinu 1999 og er nú álíka og hún var árið 1990 þegar hún var með lægsta móti. Vísitala veiðistofns hefur hækkað frá árinu 1995 og er nú svipuð og hún var við upphaf stofnmælinga 1985. Stofnmat byggt á aldurslengdarlíkan sýnir að veiðistofn minnkaði um þriðjung árin 1989–1998, jókst aftur árin 1996–2000 en hefur verið nokkuð stöðugur síðan. Eins og undanfarin ár leggur Hafrannsóknastofnunin til að steinbítsafli miðist við kjörsókn og að hámarksafli á fiskveiðiárinu 2008/2009 fari því ekki yfir 12 þús. tonn. Einnig ítrekar stofnunin að steinbítur á hrygningar-slóð á Látragranni verði áfram friðaður á hrygningar- og klaktíma.

2.14. Blálanga

Blálanga veiðist aðallega sem aukaafli í botnvörpu. Blálönguafli á Íslandsmiðum hefur verið mjög breytilegur á síðustu áratugum, mestur árið 1980, um 8 500 tonn, en minnstur árið 2001 eða einungis 800 tonn. Heildaraflinn árið 2007 var 2 100 tonn. Vísbendingar eru um að ástand blálöngustofnsins hafi farið batnandi á undanförunum árum, m.a. vegna nýliðunar í veiðistofninn. Þar sem veiðiþol stofnsins er lítt þekkt ber að fara varlega við nýtingu hans og takmarka beina sókn. Hafrannsóknastofnunin leggur til áframhaldandi lokun á þekktum hrygningarsvæðum

blálöngu suður af Vestmannaeyjum og á Franshól á hrygningartíma frá 15. febrúar til 30. apríl ár hvert.

2.15. Langa

Lönguaflí ársins 2007 var rúm 7 600 tonn og hefur aflinn aukist árlega frá árinu 2001 er hann var í sögulegu lágmarki, rúm 3 200 tonn. Niðurstöður stofnmælinga sem og þróun í afla á sóknareiningu benda til þess að löngustofninn hafi vaxið verulega á undanförunum árum og er aukning í öllum lengdarflokkum frá árinu 2001, en undir venjulegum kringumstæðum ætti uppsveiflu í stofni fyrst að verða vart í ungfiski. Ekki er hægt að útiloka að hluti þeirrar aukningar sem vart hefur orðið í stofnmælingum stafi af auknum veiðanleika samfara breyttum umhverfisaðstæðum og/eða göngum inn á hafsvæði Íslands. Því ber að fara varlega í að túlka gögn úr stofnmælingum sem mikinn vöxt í stofninum.

Með hliðsjón af ofangeindu, og þess að veiðipól stofnsins á Íslandsmiðum er lítt þekkt, leggur Hafrannsóknastofnunin til að lönguaflinn fiskveiðiárið 2008/2009 fari ekki yfir 6 000 tonn, að meðtöldum afla erlendra skipa sem verið hefur um 1 000 tonn á undanförunum tveimur árum.

2.16. Keila

Keiluaflinn árið 2007 var tæp 7 600 tonn og er það mesti afli frá árinu 1992. Stærstur hluti aflans er veiddur á línu. Vísbendingar eru um aukna nýliðun í veiðistofninn og hefur ókynþroska keila aukist í afla á undanförunum árum. Vísitala veiðistofns hefur hækkað á undanförunum árum og er nú tæp 80% af því sem hún var á árunum 1986–1989. Lagt er til að sókn í keilustofninn verði takmörkuð og að heildaraflinn á fiskveiðiárinu 2008/2009 fari ekki yfir 5 000 tonn, að meðtöldum afla erlendra skipa, en hann hefur verið milli 20 og 30% aflans á undanförunum árum. Jafnframt er lagt til áframhaldandi veiðibann á uppvaxtarsvæðum við Suðausturland til verndar smákeilu.

2.17. Skötuselur

Skötuselsaflinn á árinu 2007 var tæp 2 800 tonn. Árið 1999 var farið að sækja beint í skötusel með vörpu og árið eftir hófst bein sókn með stórriðnum netum og hefur aflinn aukist mikið frá þeim tíma. Mestur varð aflinn árið 2005 tæp 2 900 tonn.

Aukin nýliðun og stækkun útbreiðslusvæðis tegundarinnar vestur og norður með landinu er talin afleiðing hlýnunar sjávar á undanförunum árum og er skötuselsstofninn nú talinn vera í góðu ástandi.

Svo virðist sem veiðarnar á undanförunum árum hafi verið nálægt afrakstursgetu stofnsins. Þar sem skötuselur vex mjög hratt fyrstu árin má þá auka afraksturinn með því að draga úr sókn í ungfisk sem veiðist yfirleitt sem aukaafli, sérstaklega við humarveiðar.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að hámarksafli skötusels fiskveiðiárið 2008/2009 verði 2 500 tonn.

2.18. Hrognkelsi

Hrognkelsaaflinn árið 2007 var um 3 300 tonn eða ríflega helmingur af meðalafli árána 1971–2006. Markaðsaðstæður ráða miklu um sókn í hrognkelsastofninn og skýrir það að talsverðu leyti sveiflur í veiðum á síðustu árum. Hagsmunaaðilar koma að stjórnun veiðanna að því er virðist með ágætum árangri undanfarin ár. Hafrannsóknastofnunin telur að fara beri varlega við nýtingu stofnsins en leggur ekki fram tillögu um hámarksafli fyrir fiskveiðiárið 2008/2009.

2.19. Síld

Á vertíðinni 2007/2008 varð síldaraflí úr íslenska sumargotsstofninum tæp 159 þús. tonn. Hrygningarstofninn árið 2007 er metinn 686 þús. tonn. Á vertíðinni 2008/2009 er gert ráð fyrir að mest verði veitt af árgöngunum frá 1999, 2000 og 2002 eins og undanfarin ár. Hafrannsóknastofnunin leggur til að leyfilegur hámarksafli verði miðaður við kjörsókn sem samsvarar 131 þús. tonna hámarksafli á vertíðinni 2008/2009.

Árið 2007 veiddu Íslendingar um 174 þús. tonn úr **norsk-íslenska síldarstofninum**. Heildarveiðin er áætluð um 1.3 milljón tonna. Fyrir árið 2008 lagði Alþjóðahafrannsóknaráðið til 1 518 þús. tonna aflamark, og samkvæmt samkomulagi eru aflaheimildir Íslendinga árið 2008 rúm 220 þús. tonn.

Alþjóðahafrannsóknaráðið veitir ráðgjöf um hámarksafli fyrir árið 2009 í október 2008.

2.20. Loðna

Heildaraflinn á loðnuvertíðinni 2007/2008 varð 203 þús. tonn. Veiðistofninn hefur verið lítill síðustu 3 vertíðar. Afli á vertíðinni 2008/2009 ætti að byggjast á árgöngum 2005 og 2006. Ýtrekaðar mælingar á stærð árganganna gefa ekki tilefni til ráðgjafar um upphafsafliamark á komandi vertíð. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að loðnuveiðar verði ekki leyfðar fyrr en tekist hefur að mæla stærð veiðistofns vertíðarinnar 2008/2009 og að niðurstaðan gefi til kynna að óhætt sé að leyfa umtalsverðar veiðar með tilliti til þess að 400 þús. tonn verði skilin eftir til hrygningar vorið 2009.

2.21. Kolmunni

Árið 2007 veiddu Íslendingar um 237 þús. tonn af kolmunna. Heildaraflinn árið 2007 í Norður-Atlantshafi er talinn hafa verið um 1.7 milljónir tonna. Í mars–apríl 2008 mældist stofninn á hrygningar-slóð vestan Bretlandseyja um 30% minni en mældist árið 2007. Samkvæmt stofnmæti sem gert var árið 2007 hefur hrygningarstofn kolmunna minnkað um 38% frá 2003–2007.

Alþjóðahafrannsóknaráðið lagði til að ekki yrði veitt meira en 835 þús. tonn árið 2008. Á aðalfundi Norðausturatlantshafs-fiskveiðiráðsins (NEAFC) í október 2007 var samþykkt að veiðar úr stofninum árið 2008 yrðu ekki meiri en 1 250 þús. tonn. sem

skiptist milli veiðipjóða. Hlutur Íslendinga er um 203 þús. tonn árið 2008.

Alþjóðahafrannsóknaráðið veitir ráðgjöf um hámarksafli fyrir árið 2009 í október 2008.

2.22. Gullax

Gullax hefur einkum veiðst sem aukaafli í botnvörpu við Ísland. Afli undanfarin fjögur ár hefur verið á bilinu 2 700–4 800 tonn, og var 4 200 tonn árið 2007. Aflasveiflur skýrast að mestu af markaðsaðstæðum. Upplýsingar um afrakstur stofnsins eru takmarkaðar og ber að fara varlega við nýtingu hans þar til frekari vitneskja liggur fyrir. Hafrannsóknastofnunin ítrekar fyrri ábendingar um að varúðar sé þörf við nýtingu stofnsins en leggur ekki fram tillögur um heildaraflamark fyrir fiskveiðiárið 2008/2009.

2.23. Humar

Humaraflinn árið 2007 var 2 006 tonn, samanborið við 1 875 tonn árið 2006. Afli á sóknar-einingu (kg/klst. í eitt troll) árið 2007 var 97 kg, miðað við 66 kg árið 2006 og 45 kg árið 2005. Veiðistofn humars (6 ára og eldri) árið 2007 er nú metinn um 18 þús. tonn eða nokkru stærri en áætlað var á síðasta ári. Stofninn minnkaði í sögulegt lágmark um 1995 sökum slakrar nýliðunar og mikillar sóknar Suðaustanlands árin 1991–1994. Vegna sterkari árganga frá árunum um og upp úr 1990 fór nýliðun aftur batnandi á Suðvesturmiðum eftir 1995 en var áfram slök á Suðvesturmiðum. Stækkun stofnsins á síðustu árum má rekja til stærri árganga frá árabílinu 1995–2000 og nokkurs vanmats á stofnstærð eldri humars við Suðvesturland. Horfur á nýliðun eru almennt fremur góðar þótt breytileiki sé á milli svæða.

Hafrannsóknastofnunin leggur sem fyrr til að aflinn miðist við kjörsókn og að humaraflí fiskveiði-árið 2008/2009 fari ekki yfir 2 200 tonn.

2.24. Rækja

Engar veiðar hafa verið leyfðar á grunnslóð undanfarin ár að undanskildum miðunum við Snæfellsnes. Að þessu sinni leggur Hafrannsóknastofnunin til að upphafsafli fyrir veiðisvæðið við Snæfellsnes verði 400 tonn á komandi fiskveiðiári. Lagt er til að veiðar verði ekki hafnar á öðrum veiðisvæðum á grunnslóð nema kannanir haustið 2008 gefi tilefni til.

Rækjuafli á djúpslóð var 1 680 tonn árið 2007. Hann fór úr um 65 þús. tonnum árið 1997 í aðeins 600 tonn árið 2006. Stofnvisitala rækju jókst lítillega árin 2006 og 2007 en er þó nærri sögulegu lágmarki. Slök nýliðun rækju undanfarin þrjú ár bendir til að stofnstærð úthafs rækju muni ekki aukast verulega á næstunni. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að hámarksafli úthafs rækju fyrir fiskveiðiárið 2008/2009 verði 7 000 tonn.

Á Dohrnbanka og við Austur Grænland veiddust rúm 4 000 tonn af rækju árið 2007. Íslensk skip

stunduðu ekki veiðar á Dohrnbanka árin 2006 og 2007. Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðiráðið (NAFO) lagði til að leyfilegur hámarksafli yrði 12 400 tonn árið 2008 fyrir allar þjóðir. Er það sama tillaga og sl. fjögur ár.

2.25. Hörpudiskur

Engar veiðar voru heimilaðar fiskveiðiárið 2007/2008. Veiðistofninn í Breiðafirði hefur minnkað ört frá árunum 1993–2000. Þannig mældist stofninn aðeins um 15% að þyngd árin 2006 og 2007 miðað við fyrrgreint árabíli. Hnignun stofnsins má einkum rekja til stóraukinna náttúrulegra dauðsfalla á skelmiðum Breiðafjarðar. Auk þess virðast yngstu árgangar (2004–2006) óvenju slakir. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að veiðar á hörpudiski verði ekki heimilaðar fiskveiðiárið 2008/2009, sjötta árið í röð.

2.26. Kúfiskel

Veiðar á kúfiskel til manneldis hafa verið stundaðar síðan 1987 og hefur ársafli verið mjög breytilegur eða frá 450 og upp í rúm 14 þús. tonn árið 2003. Árið 2007 var landaður afli 3 300 tonn. Hafrannsóknastofnunin leggur til að aflamark verði bundið við ákveðin veiðisvæði. Í varúðarskyni leggur stofnunin einnig til að afli verði að jafnaði ekki meiri en 2,5% af áætlaðri stofnstærð eða samtals 31 500 tonn fiskveiðiárið 2008/2009 fyrir svæðið frá Garðskaga réttisælis að Ingólfshöfða.

2.27. Beitungur

Gildruveiðar á beitungi hófust í Breiðafirði árið 1996 og hafa sókn og ársafli verið mjög breytileg og afli verið á bilinu 0–1 300 tonn. Aflinn var 554 tonn árið 2007. Fremur lítið er vitað um stofnstærð beitungs við Ísland en nokkrar rannsóknir voru þó stundaðar í Breiðafirði á tíunda áratugnum. Hafrannsóknastofnunin leggur til að ársafli Beitungs í Breiðafirði fari ekki yfir 800–1 000 tonn.

2.28. Hvalir

Árið 1986 gekk í gildi ákvörðun Alþjóða-hvalveiðiráðsins (IWC) um tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni. Árið 2006 leyfðu stjórnvöld atvinnuveiðar að nýju á 9 langreyðum og 30 hrefnum á fiskveiðiarinu 2006/2007. Veiðar hófust í október 2006 og voru alls veiddar sjö langreyðar og sjö hrefnur í atvinnuskyni á fiskveiðiarinu.

Árið 2003 hófust veiðar í rannsóknaskyni á samtals 200 hrefnum og lauk þeim með veiðum á 39 hrefnum árið 2007.

Samkvæmt talningum sem fram fóru árið 2001 voru um 67 þús. hrefnur á Mið-Atlantshafssvæðinu, þar af um 44 þús. á íslenska landgrunninu og var stofnstærðin talin nálægt því sem talið er að hún hafi verið áður en veiðar hófust. Frumniðurstöður flugtalninga 2007 benda til að á landgrunni Íslands hafi verið um 10 700 eða 15 100 hrefnur, eftir því hvaða aðferðum er beitt við úrvinnslu. Þessi mikla

fækkun á landgrunnsvæðinu stafar líklega af breytingum í útbreiðslu innan stofnsvæðisins, en vegna veðurs og hafíss náðist ekki að telja frá skipum á stórum svæðum umhverfis Ísland til að sannreyna það. Ljóst er að hrefnuveiðarnar 2003–2007 geta ekki skýrt þessar breytingar. Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um stofnstærð hrefnu eftir talningarnar 2007 og að enn hefur ekki farið fram formleg úttekt á veiðipóli stofnsins skv. hinum nýju gögnum, leggur stofnunin áherslu á að fyllstu varúðar sé gætt við ákvörðun aflamarks fyrir árið 2008. Sé miðað við ýtrustu varúðarsjónarmið er ljóst að veiðar á 100 hrefnum á árinu 2008 munu ekki hafa teljanleg áhrif á stofninn og eru innan marka sjálfbærni.

Samkvæmt talningum voru um 18 900 **langreyðar** á hafsvæðinu Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen (EGI) árið 1995. Niðurstöður talninga frá 2001 sýndu marktæka fjölgun langreyða og að heildarstofninn sé um 24 þús. dýr. Bráðabirgðaniðurstöður talninga frá 2007 (21 þús. dýr) eru ekki tölfræðilega frábrugðnar matinu frá 2001. Árlegar veiðar á 150 langreyðum næstu 20 ár eru taldar sjálfbærar verði eingöngu veitt á hefðbundnum hvalveiðimiðum vestur af landinu. Ef veiðar eru einnig stundaðar utan þess svæðis eru veiðar á 200 langreyðum innan marka sjálfbærni.

2.29. Selir

Alls bárust upplýsingar um veiðar á 384 selum við Ísland árið 2007, þar af voru 104 landselir, 272 útselir, einn vöðuselur, hringanóri og kampselur. Samkvæmt talningum í ágúst 2006 var stofnstærð landsels metin um 12 þús. dýr og hefur stofninn því minnkað talsvert síðan árið 1980, er hann var metinn um 34 þús. dýr. Haustið 2005 voru útselskópar taldir allt í kring um landið og stofninn metinn um 6 000 dýr en í síðustu heildartalningu árið 2002 var hann metinn um 5 500 dýr og hafði þá minnkað umtalsvert frá 1990 þegar hann var talinn 12 þús. dýr.

Tafla 1.

Tillögur um hámarksafla fiskveiðiarín 2008/2009 og 2007/2008, ásamt aflamarki samkvæmt ákvörðun stjórnvalda fiskveiðiárið 2007/2008 (þús. tonn).

TACs recommended by the Marine Research Institute for the quota years 2008/2009 and 2007/2008, and national TACs for the quota year 2007/2008 (thous. tonnes).

Tegund <i>Species</i>	Tillaga 2008/2009 <i>Recomm. TAC 2008/2009</i>	Tillaga 2007/2008 <i>Recomm. TAC 2007/2008</i>	Aflamark 2007/2008 <i>National TAC 2007/2008</i>
Þorskur (<i>Cod</i>)	124 ¹⁾	130	130
Ýsa (<i>Haddock</i>)	83	95	100
Ufsi (<i>Saithe</i>)	50	60	75
Gullkarfi (<i>Golden redfish</i>)	30	35	57 ²⁾
Djúpkarfi (<i>Deep-sea redfish</i>)	10 ³⁾	22 ³⁾	- ²⁾
Úthafskarfi (<i>Pelagic redfish</i>)	20 ³⁾	20 ³⁾	73 (21.1) ⁴⁾
Grálúða (<i>Greenland halibut</i>)	5 ³⁾	15 ³⁾	27 (15) ⁴⁾
Skarkoli (<i>Plaice</i>)	5	5	6.5
Sandkoli (<i>Dab</i>)	- ⁵⁾	0.5	1.5
Skráplúra (<i>Long rough dab</i>)	- ⁵⁾	0.5	1.0
Langlúra (<i>Witch</i>)	1.6	2	2.4
Þykkvalúra (<i>Lemon sole</i>)	1.6	1.6	2.2
Steinbitur (<i>Wolffish</i>)	12	11	12.5
Íslensk sumargotssíld (<i>Herring</i>)	131	130	150
Norsk-íslensk vorgotssíld (<i>Atlanto-Scandian herring</i>) ⁹⁾	- ⁶⁾	1 518	1 518 (220) ⁴⁾
Loðna (<i>Capelin</i>)	0 ⁷⁾	207	207
Kolmunni (<i>Blue whiting</i>) ⁹⁾	- ⁶⁾	835	1 250 (203) ⁴⁾
Langa (<i>Ling</i>)	6	6	7
Keila (<i>Tusk</i>)	5	5	5.5
Skötuselur (<i>Anglerfish</i>)	2.5	2.2	2.5
Humar (<i>Nephrops</i>)	2.2	1.9	1.9
Rækja á grunnsl. (<i>Inshore shrimp</i>)	0.4 ^{7),8)}	0.4 ^{7),8)}	0.15
Rækja á djúpsl. (<i>Offshore shrimp</i>)	7 ⁷⁾	7 ⁷⁾	7
Hörpudiskur (<i>Iceland scallop</i>)	0	0	0
Kúfiskel (<i>Ocean quahog</i>)	31.5	31.5	-
Hrefna (<i>Common minke whale</i>)	100 ⁹⁾	400	40 ¹⁰⁾
Langreyður (<i>Fin whale</i>)	200	200	9

¹⁾ Samkvæmt tillögu að aflareglu. *According to recommended catch rule.*

²⁾ Aflamark óskipt milli gullkarfa og djúpkarfa. *National TAC applies to both golden redfish and deep-sea redfish.*

³⁾ Aflamark á öllu útbreiðslusvæði stofns fyrir almanaksár. *TAC for the total area of distribution for calendar year.*

⁴⁾ Heildaraflamark og aflamark ákveðið fyrir Ísland (í sviga). *Total TAC and national TAC within paranthesis.*

⁵⁾ Aflamark verði ekki hærra en sem nemi þeim afla er ætla má að fáið sem aukaafli við aðrar veiðar. *Recommended TAC not to exceed expected bycatch levels caught in other fishing operations.*

⁶⁾ Ráðgjöf fyrir almanaksárið 2009 veitt í október 2008. *Recommended TAC for calendar year 2009 will be given in October 2008.*

⁷⁾ Tillaga um afla í upphafi vertíðar. *Provisional TAC.*

⁸⁾ Svæðið við Snæfellsnes. *Snæfellsnes area.*

⁹⁾ Bráðabirgðaráðgjöf til eins árs. *Precautionary advice for one year.*

¹⁰⁾ Á almanaksárinu. *Calendar year.*

Tafla 2.**Aðrar tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir fiskveiðiárið 2008/2009.**

Additional advice for the quota year 2008/2009.

Þorskur — Auk breytinga á aflareglu eru lagðar til áframhaldandi svæðalokanir á hrygningarslóð, og að reglur um hámarksmöskvastærð neta verði áfram í gildi.

Karfi — Aflamarki verði úthlutað aðskildu fyrir gullkarfa og djúpkarfa.

Lúða — Bann við beinni sókn og gripið verði til aðgerða til verndunar smálúðu.

Skarkoli — Áframhaldandi friðun á hrygningarstöðvum við suður-, suðvestur- og vesturströndina á hrygningartíma.

Steinbítur — Áframhaldandi friðun á hrygningarsvæðum á Látragrunni á hrygningar- og klaktíma.

Blálanga — Þekktum hrygningarsvæðum verði áfram lokað á hrygningartíma.

Keila — Lagt til áframhaldandi veiðibann á afmörkuðum uppvaxtarsvæðum við Suður- og Suðausturland til verndar smákeilu.

Kúfskel — Lagt til að leyfilegu aflamarki verði úthlutað eftir svæðum með tilliti til stofnstærðar á hverju svæði.

Cod — *It is recommended to reevaluate the harvest control rule. Regulation act on the closure of spawning areas during spawning season and that the minimum legal mesh size of gillnets to be still in effect.*

Redfish — *Quota should be given separately for *Sebastes marinus* and deep-sea *S. mentella* on the continental shelf in Icelandic waters.*

Atlantic halibut — *Ban on directed halibut fishery and implementation of conservation act in order to protect juveniles.*

Plaice — *Continuing closure of the spawning areas off the South-, Southwest- and West coast of Iceland for during the spawning season.*

Atlantic wolffish — *Continuing closure of the spawning areas off the West coast of Iceland (Látragrunn) during spawning season.*

Blue ling — *Continuing closure of known spawning areas during spawning time.*

Tusk — *Continuing ban on fishery in determinate nursery areas in South- and Southeast Icelandic waters in order to protect juveniles.*

Ocean quahog — *It is recommended that allowed catch should be divided by areas according to stock size in each area.*


1. UMHVERFISÞÆTTIR *Environmental conditions*

Mat á árferði í sjónum við Ísland hefur að hluta verið byggt á gögnum sem safnað er í vorleiðangri sem farinn er í maí/júní á hverju ári. Í þeim leiðangri er farið um miðin umhverfis landið til þess að athuga almennt ástand sjávar, gróðurs og átu. Áhersla er lögð á sambærilega gagnasöfnun frá ári til árs til að fylgjast með breytingum sem kunna að verða í sjónum við landið. Endurteknar athuganir hafa einnig verið gerðar á öðrum árstímum en um skemmri tíma.

Niðurstöður sýna að ástand sjávar er mjög breytilegt á hinum ýmsu svæðum við landið frá ári til árs. Rannsóknir undanfarinna ára benda til þess að hlýsjór á norðurmiðum stuðli oftast að aukinni heildarframleiðni, en flókið samspil margra mismunandi umhverfisþátta hefur áhrif á fæðukeðjuna og afrakstur nytjastofna á Íslandsmiðum. Hér á eftir verður í stuttu máli fjallað um árferðið í sjónum við Ísland undanfarin misseri og tengslin við fyrri ár. Ítarlegri upplýsingar er að finna í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, Þættir úr vistfræði sjávar, Fjölrit Hafrannsóknastofnunarinnar nr. 139 (2008).


1.1. Hiti og selta við Norðurland

Á hverju vori í meira en hálfa öld hafa hiti og selta verið mæld út af Siglunesi (mynd 1.1). Þessar athuganir virðast góður mælikvarði á almennt ástand sjávar á norðurmiðum og innflæði hlýs og selturíks Atlantssjávar inn á hafsvæðið. Eftir hlýviðrisskeið á norðanverðu Norður-Atlantshafi tók að kólna á sjöunda áratugnum. Svonefnd hafísár 1965–1971 tóku við með köldum og seltulitlum pólsjó í Íslandshafi. Eins og sjá má hafa skipst á hlý og köld ár síðan árið 1971 og voru árin 1979 og 1995 köldustu árin eftir hafísárin. Niðurstöður mælinga síðustu áratuga sýna að heldur hlýnaði á Norðurmiðum eftir 1995. Síðan 1998 hafa hiti og selta verið um eða yfir meðallagi. Vorin 2006 og 2007 var hiti og selta yfirborðslaga (0–50 m) nærri meðallagi. Vorið 2008 er hiti yfirborðslaga heldur undir meðallagi en selta nærri meðallagi. Undir yfirborðslögum (50–150 m) hafa hiti og selta þó verið yfir meðallagi þessi síðustu ár og endurspeglar það hærri hita og seltu í hlýsjónum sunnan og vestan við landið undanfarin ár (mynd 1.2).



Mynd 1.1. Hiti og selta að vori á 50 m dýpi, 20 sjómílar norður af Siglunesi árin 1952–2008. Lárétta línurnar tákna meðaltöl fyrir tímabilið.

Fig. 1.1. Temperature and salinity in spring at 50 m depth at station 3 on the Siglunes section 1952–2008. The horizontal lines indicate the means for the same period.



1.2. Botnhiti

Hiti sjávar við botn á Íslandsmiðum endurspeglar hitadreifingu í efri lögum sjávar. Botnhitinn er að jafnaði lægri fyrir norðan og austan landið vegna áhrifa kaldsjávar úr norðri en hærri fyrir sunnan og vestan land vegna áhrifa hlýsjávar úr suðri. Á mynd 1.2. má sjá meðalhita úr vatnssúlunni yfir botni á nokkrum stöðvum umhverfis landið. Meðaltal er tekið af hitamælingum í vatnssúlunni 50 til 100 m yfir botni, lengri súla notuð ef dýpið er meira. Fyrir Norðurlandi er meðaltal reiknað fyrir 150-300 m dýpi.

Botnhiti á landgrunninu er yfirleitt lægstur í febrúar–mars og hæstur í ágúst–september eða jafnvel síðar á árinu. Árssveifla er mest þar sem grynnt er við landið, en minnkar með vaxandi dýpi. Utan við landgrunnsbrúnina norðan og austan lands er botnhiti alltaf undir 0°C (djúpsjór Norðurhafa). Úti fyrir miðju Norðurlandi (í Eyjafjarðarál, dýpi allt að 700 m) nær kaldur djúpsjórinn nálægt landi og skiptir Norðurmiðum í vestari og eystri hluta. Í landgrunnshlíðunum sunnan og vestan lands fer botnhiti einnig lækandi með vaxandi dýpi, en þó fer hann ekki mikið niður fyrir 4°C.


Hiti hefur verið yfir meðallagi síðasta áratuginn (mynd 1.2) allt í kringum landið og var svo enn í vorleiðangri ársins 2008.

1.3. Dýrasvif

Átan gegnir mikilvægu hlutverki í vistkerfi sjávar, því að auk þess að vera fæða uppsjávarfiskistofna eins og síldar og loðnu er hún aðalfæða allra fiskistofna á meðan þeir eru á lirfu- og seiðastigi. Talið er að það geti skipt sköpum fyrir afkomu fisklirfa að nóg sé af átu þegar þær eru að byrja að afla sér fæðu. Þannig hafa rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar sýnt tengsl á milli átumagns að vorlagi fyrir suðvestan landið annars vegar, og fjölda þorskseiða í ágúst og nýliðunar þorsks hins vegar. Þótt þessi tengsl séu veik, eru þau vísbending um að samband sé á milli vaxtar og viðgangs lífvera í lægstu þrepum fæðukeðjunnar og þeirra sem ofar eru.

Árlegar sveiflur í átumagni fyrir sunnan og norðan landið eru nokkurn veginn í takt. Á mynd 1.3 eru sýndar niðurstöður mælinga á átumagni á Siglunesniði en það er lengsta tímaröðin.

Árið 2007 var átumagn fyrir Norðurlandi um eða yfir langtímameðaltali, en bráðabirgðaniðurstöður benda til að átumagn á Siglunesniði í maí 2008 sé heldur undir meðallagi.



Mynd 1.3. Átumagn (g þurrvígt m⁻², 0–50 m) að vorlagi á Siglunesniði árin 1961–2008. Súlnar sýna meðaltöl allra stöðva á sniðinu. Gildið fyrir árið 2008 er bráðabirgðatala sem getur breyst við endanlega úrvinnslu.

Fig. 1.3. Zooplankton biomass (g dry weight m⁻², 0–50 m) in spring at Siglunes section in 1961–2008. The columns show means for all stations at the section. Provisional value for 2008.

2. Ástand nytjastofna


2.1. ÞORSKUR *Gadus morhua*



2.1.1. Afli, sókn og árgangaskipan í veiðum

Heildarafli úr íslenska þorskstofninum árið 2007 var rúm 170 þús. tonn samanborið við rúm 196 þús. tonn árið 2006. Líkt og á síðasta ári er meðtalinn afli Færeyinga utan miðlínu á Færeyjahrygg en hann var árið 2007 um 1 800 tonn samanborið við tæp 1 100 tonn árið 2006. Úthlutað aflamark fiskveiðiárið 2006/2007 var 193 þús. tonn en heildarafli íslenskra veiðiskipa var 187 þús. tonn. Um 11 þús. tonn voru flutt frá fiskveiðiarinu 2006/2007 til yfirstandandi fiskveiðiárs. Þorskafla frá 1955 er sýndur á mynd 2.1.1. og frá 1905 í töflu 3.1.1. Heildaraflamark og afli eftir fiskveiðiarum eru sýnd í töflu 2.1.1. ásamt afla erlendra skipa.

Afli á sóknareiningu í botnvörpu og línu hefur verið nokkuð stöðugur og hár síðustu 4-5 árin. Afli á sóknareiningu í net var í sögulegu lágmarki árið 2004



ÞORSKUR. Veiðisvæði þorsks við Ísland árið 2007 (tonn/sjm²). Öll veiðarfæri. Veiðisvæði mismunandi veiðarfæra eru sýnd í viðauka 5.2.

COD. Fishing grounds in 2007 (tonnes/nm²). All gears combined. Further information by gear type are given in Appendix 5.2.

TAFLA 2.1.1

ÞORSKUR. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonna) árin 1984–1991 og fiskveiðiárin 1991/92–2007/2008.

COD. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1984–1991 and the quota years 1991/92–2007/2008.

Ár Year	Tillaga Rec. TAC	Heildaraflamark National TAC	Aflamark Færeyinga Quota (Faroes) ¹⁾	Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others) ¹⁾	Afli alls Total catch
1984 ¹⁾	200	242 ²⁾	2.0	281	2.0	283
1985 ¹⁾	200	263 ²⁾	2.0	323	3.0	326
1986 ¹⁾	300	300 ²⁾	2.0	365	3.0	369
1987 ¹⁾	300	330 ²⁾	2.0	390	2.0	392
1988 ¹⁾	300	350	2.0	376	2.0	378
1989 ¹⁾	300	325	2.0	354	2.0	356
1990 ¹⁾	250	300	2.0	333	2.0	335
1991 ³⁾	240	245	1.5	243	2.0	244
1991/92 ⁴⁾	250	265	1.0	273	1.9	275
1992/93 ⁴⁾	190	205	0.7	240	0.8	241
1993/94 ⁴⁾	150	165	0.7	196	0.9	197
1994/95 ⁴⁾	130	155	0.7	164	0.7	165
1995/96 ⁴⁾	Aflaregla	155 ⁵⁾	0.7	169	0.6	170
1996/97 ⁴⁾	Aflaregla	186 ⁵⁾	0.7	201	0.4	202
1997/98 ⁴⁾	Aflaregla	218 ⁵⁾	0.7	227	1.1	228
1998/99 ⁴⁾	Aflaregla	250 ⁵⁾	1.0	253	1.4	254
1999/00 ⁴⁾	Aflaregla	250 ⁵⁾	1.0	256	1.3	257
2000/01 ⁴⁾	Aflaregla	220 ⁶⁾	1.0	222	1.3	223
2001/02 ⁴⁾	Aflaregla	190 ⁶⁾	1.0	217	1.3	218
2002/03 ⁴⁾	Aflaregla	179 ⁶⁾	1.0	197	7.1	204
2003/04 ⁴⁾	Aflaregla	209 ⁶⁾	1.0	219	7.5	226
2004/05 ⁴⁾	Aflaregla	205 ⁶⁾	1.0	207	5.6	214
2005/06 ⁴⁾	Lækka veiðihlutfall	198 ⁶⁾	1.0	202	2.9	205
2006/07 ⁴⁾	Lækka veiðihlutfall	193 ⁶⁾	1.0	187	3.7	191
2007/08 ⁴⁾	20% aflaregla	130	1.0	-	-	-

¹⁾ Almanaksár. Calendar year.




²⁾ Í reglugerðum um stjórn botnfiskveiða 1984–87 var umframafli ekki áætlaður vegna ákvæða um heimildir sóknarmarksskipa, tilfærslu milli fisktegunda, flutnings milli ára og afla smábáta. Quota regulations for demersal species during the years 1984–1987 did not provide for extra catches due to effort quota and other flexibilities in the system.

³⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. January–August 1991.

⁴⁾ Fiskveiðiárið september–ágúst. Quota year September–August.

⁵⁾ Samkvæmt aflareglu. According to catch rule.

⁶⁾ Samkvæmt endurskoðaðri aflareglu (2000 og 2006). According to an amended catch rule (2000 and 2006).



en hefur frá þeim tíma nær tvöfaldast (mynd 2.1.2.).

Hlutfallsleg aldersdreifing aflans árið 2007 er sýnd á mynd 2.1.3. Megin uppistaða veiðanna 2007 í fjölda var fjögurra og fimm ára þorskur eða um 50% af aflanum (mynd 2.1.3.). Að hluta til er þetta vegna þess að hlutdeild slaka árgangsins frá 2001 (sex ára árið 2007) var eins og við var búist mjög lág í afla. Hlutfall 7 ára og eldri í afla hefur farið hratt vaxandi á undanföllum árum og var þriðjungur í fjölda fiska

eða rúmlega 50% í þyngd á árinu 2007. Í þessum hluta stofnsins eru meðalárgangarnir frá 1997–2000 nú ríkjandi.

2.1.2. Meðalþyngd, kynþroski og holdafar

Meðalþyngd þorsks eftir aldri hefur lækkað verulega á síðustu árum og er meðalþyngd flestra aldursflokka í stofnmælingu að hausti (SMH) 2007, afla 2007 og stofnmælingu í mars (SMB) 2008 í eða við sögulegt lágmark (tölur 3.1.2. og 3.1.3.). Holdafar fisks (þyngd/lengd) sem er veginn í stofnmælingunum hefur hins vegar breyst lítið á undanföllum árum þannig að breyting í meðalþyngd orsakast af því að fiskurinn er styttri miðað við aldur.

Lækkandi meðalþyngd 5–8 ára þorsks hefur verið tengd minnkandi magni og viðveru loðnu við Ísland sem kom vel fram í fæðusýnum í SMH á árunum 2002–2007. Á árunum 2004–2008 sást töluvert af loðnu í þorskmögum í SMB út af Norður- og Norðvesturlandi en magn loðnu í þorskmögum fyrir sunnan og vestan land var mun minna á árunum 2003–2008 en flest árin á undan. Engin fylgni hefur fundist milli vaxtar 1–3 ára þorsks og magns loðnu við landið enda benda fæðusýni til þess að rækja, botndýr, ljósáta og annað dýrasvif sé mikilvægasta fæða þessa aldurshóps. Fremur lítið er þó vitað um magn þessara tegunda á Íslandsmiðum annarra en rækju.

Auk loðnu virðist magn nokkurra annara mikilvægra fæðutegunda hafa dregist saman á undanföllum árum. Rækja er töluvert mikilvæg fæðutegund hjá smæsta þorskinum en magn rækju hefur minnkað verulega á undanföllum árum, einkum á grunnslóð. Sandsíli er ein af algengustu fæðutegundum þorsks og fleiri botnfiska á hlýja svæðinu frá Suðausturlandi að Vesturlandi frá vori fram á haust en er ekki mjög áberandi í fæðusýnum sem tekin eru í stofnmælingum. Þó hefur sandsíli fengist í þorskmögum í SMH, einkum ungsíli og bendir þróunin þar til verulegrar minnkunar á stofnstærð sílis. Svipaða þróun má sjá í sýnum sem er safnað úr afla fiskiskipa en þar er síli mjög áberandi fæðutegund á sumum svæðum. Kolmunnur var algengur í fæðu þorsks fyrir austan og suðaustan land á árunum 2002–2004 en síðan þá virðist hafa dregið úr áti þorsks á kolmunna. Þá hefur orðið vart við vaxandi magn síldar í þorskmögum vestanlands, einkum hjá stærri þorski.

Nokkuð gott samband er á milli meðalþyngdar þorsks í SMB og meðalþyngdar í afla sama ár. Meðalþyngd í afla er yfirleitt hærri bæði vegna vaxtar og vals veiðarfæra. Síðustu ár hefur meðalþyngd 10–13 ára þorsks í afla hins vegar verið mun lægri en í SMB. Þessi munur skýrist af aukinni sókn með línu á grunnslóð norðanlands undanföllum árum þar sem hæg vaxta þorskur er herra hlutfall aflans. Sókn með netum á vertíðarsvæðunum sunnanlands þar sem meðalþyngd er að öllu jöfnu hærri hefur jafnframt dregist saman, en 10–14 ára fiskur kom


aðallega í net á þessum svæðum. Líklegt er því að lækkun á meðalþyngd eldri fisks stafi að hluta til af breyttu sóknarmynstri en einnig getur verið að þetta séu áhrif mikillar sóknar undanfarinna ára í stærsta fisk hvers aldurshóps.

Kynþroskahlutfall árið 2008 var nálægt meðaltali árána 2000–2007 (tafla 3.1.4.). Miðað við árið 2008 var veruleg hækkun á kynþroskahlutalli 5 ára fisks sem var óeðlilega lágt það ár. Kynþroski er að mestu háður stærð og aldri fisksins en kynþroskahlutfall eftir aldri er yfirleitt hærra þegar meðallengdir eru miklar. Hængar verða að öllu jöfnu fyrir kynþroska en hrygnur. Meðalkynþroskaaldur, þ.e. sá aldur þegar helmingur árgangs nær kynþroska, hefur lækkað úr tæplega 6,5 árum í 1983 árganginum niður í u.þ.b. sex ár í 2001 árganginum. Þessi lækkun er nokkuð jöfn yfir allt tímabilið. Unnið er að rannsóknum á þeim þáttum sem gætu hafa haft áhrif á breytingu kynþroskaaldurs.

2.1.3. Vísitölur í stofnmælingum

Vísitölur þorsks (þyngdarvísitala) úr SMB og SMH eru sýndar á mynd 2.1.4. Heildarvísitala þorsks árið 2008 í SMB er svipuð og árið 2007 en er um helmingur þess sem mældist í lok 9. áratugarins (mynd 2.1.4.). Þyngdarvísitala fisks stærri en 80 cm er umtalsvert hærri en mældist árið 2002, en fjöldavísitala fisks minni en 55 cm hefur farið lækkandi á undanförunum árum. Fyrsta mat á 2007 árgangnum í SMB, byggt á aldursgreindum vísitölum (tafla 3.1.11) bendir til að hann sé undir meðaltali.

Stofnmæling að hausti nær yfir stærra svæði en SMB en stöðvanetið er ekki jafn þétt. Vísitala þorsks í SMH árið 2007 er lægri en árið áður og hefur ekki verið lægri síðan haustið 2001. Mæliskekkan árið 2007 er metin fremur lítil vegna jafnrar útbreiðslu þorsksins. Bæði SMB og SMH gefa svipaða mynd af þróun stofnsins (mynd 2.1.4.).



Mynd 2.1.4. ÞORSKUR. Þyngdarvísitölur úr stofnmælingu í mars (heil lína) og að hausti (punktar). Skyggða svæðið og lóðréttu línurnar sýna staðalfrávik í mati á vísitölum.

Fig. 2.1.4. Cod. Biomass indices from spring (solid line) and autumn (dots) groundfish surveys. Shaded area and vertical lines show one standard deviation in the estimates.

2.1.4. Stofnmat og forsendur

Mat á stærð þorskstofnsins (tafla 3.1.6.) er byggt á aldursgreindum afla og aldursskiptum vísitölum úr SMB (tafla 3.1.11.). Gert er ráð fyrir að náttúrulegur dauði sé fasti (0.2 í öllum aldursflokkum þriggja ára og eldri).

Eins og á síðustu árum er mat á stærð þorskstofnsins byggt á niðurstöðum ADCAM líkansins og nokkrum öðrum reiknilíkönum sem byggjast á svipuðum grunni en hafa þó nokkuð ólíkar forsendur varðandi ýmsa skekkjuliði (sjá Viðauka 5.1.).

Mat á fjölda fiska í hverjum aldurshópi er umreiknað yfir í stofnþyngd með því að leggja saman margfeldi af fjölda fiska og meðalþyngd. Gefnar eru tvær mismunandi stofnþyngdir: Viðmiðunarstofn (fjögurra ára og eldri) hefur verið notaður til að reikna út aflamark samkvæmt aflareglu og byggist á meðalþyngd eftir aldri í afla. Hrygningarstofn er reiknaður út frá fjölda kynþroska fiska á hrygningartíma, ásamt meðalþyngd kynþroska fisks og kynþroskahlutfalli í SMB.

Við útreikninga á aflamarki næsta fiskveiðiárs þarf að áætla meðalþyngd eftir aldri í afla á úttektarárinu. Við áætlun á meðalþyngd hefur á síðustu árum verið tekið mið af því að loðnustofninn hefur verið lítill. Á árinu 2007 var meðalþyngd árganga í afla spáð út frá þyngdum í SMB 2007. Sömu aðferðarfræði er beitt nú til að spá fyrir um aflþyngdir árið 2008.

Kynþroskahlutfall í framreikningum er byggt á gögnum úr SMB á árinu 2008.

Í framreikningum á stofnstærð er tekið tillit til óvissu í stofnmati og líkindadreifing framreiknaðrar stofnstærðar metin. Þannig er gert ráð fyrir 15% úttektarskekku með sjálffylgni 0,2 og að meðalþyngdir í afla eftir 2007 séu log-normal dreifðar með meðaltal jafnt áætluðu gildi ársins 2008. Í framreikningum eftir 2008 er gert ráð fyrir 13% staðalfrávik og sjálffylgni 0,4.

2.1.5. Ástand og horfur

NÝLIÐUN: Árgangar frá 2001 til 2007 eru allir metnir undir langtímameðaltali (180 milljónir nýliða við þriggja ára aldur). Þar af er 2001 árgangurinn sá lélegasti frá upphafi, eða 66 milljónir fiska. Árgangurinn frá 2004 er metinn sá fjórði minnsti eða 79 milljónir fiska (tafla 3.1.8. og mynd 2.1.6.). Fyrstu mælingar á 2007 árganginum benda til þess að hann verði einungis um 140 milljónir fiska. Meðalnýliðun þessara sjö síðustu árganga (2001–2007) er því einungis um 115 milljónir fiska. Til samanburðar er meðalnýliðun árganganna frá 1997 til 2000, sem borið hafa uppi veiðina og stofninn á undanförunum árum, metinn á um 170 milljónir þriggja ára nýliða.


FISKVEIÐIDAUDI: Veiðihlutfallið, þ.e. afli í þyngd sem hlutfall af viðmiðunarstofni, á síðustu fimm

árum, hefur verið nokkuð stöðugt eða um 30% (mynd 2.1.7.). Þó þetta sé umtalsverð lækkun miðað við veiðihlutfall árunna fyrir upptöku aflareglunnar (40% að meðaltali árin 1988–1993) þá er það tæplega 20% hærra en stefnt var að með upphaflegri aflareglu. Annar mælikvarði á sókn í stofninn, veiðidánartala 5–10 ára fisks í fjölda er enn mjög há eða um 0.55 á síðustu þremur árum. Miðað við fyrirbyggjandi stofnmat er hinsvegar líklegt að fiskveiðidaudi á yfirstandandi ári lækki um 27% og verði nálægt 0.4. (tafla 2.1.2 og vegna 2008 3.1.8.). Til lengra tíma litið, ef fylgt er 20% aflareglu þá má búast við enn frekari lækkun í fiskveiðidauda.

Eins og lýst er í formála getur umtalsverð lækkun í fiskveiðidauda vegna takmarkana í aflamarki leitt til þess að aflabrögð séu í litlu samhengi við það magn fisks sem metið er að sé í stofninum.


VIÐMIÐUNARSTOFN: Þróun í stofnstærð þorsks ræðst af nýliðun, veiðiálagi í hverjum aldursflokki og meðalþyngd í afla eftir aldri. Þróun í stærð viðmiðunarstofnsins á undanförunum árum (mynd 2.1.9., tafla 3.1.8.) sýnir að hann náði sögulegu lágmarki á árunum 1992–1995 þegar hann var um 550 þús. tonn. Ástæða þessa er fyrst og fremst mjög mikil sókn á árunum á undan og lélegri nýliðun á síðari hluta niunda áratugarins og upphafi þess tíunda. Í kjölfar lækkandi veiðihlutfalls og tilleggs meðalárganganna frá 1997 til 2000 stækkaði stofninn og var um 800 þús. tonn árið 2004. Vegna lélegra árganga allt frá 2001, ásamt lækkandi meðalþyngd og mikilli sókn, hefur viðmiðunarstofninn minnkað undanfarin fjögur ár og er nú metinn um 590 þús. tonn í upphafi árs 2008. Til lengri tíma litið, ef fylgt er 20% aflareglu, er ólíklegt að viðmiðunarstofninn verði minni en hann er nú (mynd 2.1.8.).

HRYGNINGARSTOFN: Hrygningarstofninn hefur verið mjög litill síðustu 35 ár (mynd 2.1.5.) samanborið við miðbik síðustu aldar, en náði sögulegu lágmarki árið 1993 (var rúm 120 þús.




Mynd 2.1.5. ÞORSKUR. Stærð viðmiðunarstofns (fjögurra ára og eldri) og hrygningarstofns á hrygningartíma árin 1955–2007 í þús. tonna.

Fig. 2.1.5. COD. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass at spawning time during the period 1955–2007 (thous. tonnes).



Mynd 2.1.6. ÞORSKUR. Áætluð stærð þorskárganganna 1960–2007. Fjöldi við þriggja ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.1.6. COD. Estimated year class size 1960–2007 at age 3 (in millions).




Mynd 2.1.7. ÞORSKUR. Veiðihlutfall (%) og veiðidánarstuðlar (F_{5-10}) frá árinu 1955.

Fig. 2.1.7. COD. Harvest ratio (%) and fishing mortality (F_{5-10}) since 1955.

tonn). Frá þeim tíma hefur hrygningarstofninn stækkað og er metinn tæp 230 þús. tonn árið 2008. Ef fylgt er 20% aflareglu, er líklegt að hrygningarstofninn fari vaxandi á næstu fjórum árum. (mynd 2.1.8.).

AFLI OG AFLASAMSETNING: Spá um aldursdreifingu þorskaflans árið 2008 (mynd 2.1.9.) sýnir að um 75% aflans af fjölda verða árgangar 2000–2003 (5–8 ára). Í þyngd er hlutdeild sömu árganga áætluð 77%. Hlutdeild 3–4 ára þorsks er áætluð um 18%. Ástæða minnkandi vægis 3–4 ára þorsks í afla miðað við árið 2007 er hinn lélegi 2004 árgangur. Árið 2009 má gera ráð fyrir að árgangarnir frá 2002 og 2003 verði mest áberandi í aflanum eða samtals um 44% af fjölda og 49% af þyngd. Árið 2008 verður 10 ára og eldri þorskur tæp 8% af fjölda í afla en tæp 4% árið 2009. Til samanburðar má nefna að á síðari hluta sjötta áratugar síðustu aldar var hlutfall 10 ára og eldri þorsks að meðaltali um 16% af fjölda landaðra fiska en 1% frá 1991–2000.




2.1.6 Óvissa í stofnmati og samanburður við síðustu ár

Óvissa í mati á stofnstærð á hverjum tíma er grunnur að varúðarnálgun við stjórn fiskveiða. Munur á núverandi mati á viðmiðunarstofni og mati síðastliðins árs er vel innan tölfræðilegra skekkjumarka. Í úttektinni árið 2007 var talið líklegast að viðmiðunarstofn í upphafi árs 2008 yrði um 570 þús. tonn (nú metinn 590 þús. tonn) og hrygningarstofn 198 þús. tonn (nú 231 þús. tonn). Mismunandi stofnmatslíkön sem styðjast við mismunandi forsendur gefa besta mat á viðmiðunarstofni í upphafi árs 2008 á bilinu 550-660 þús. tonn þegar byggt er á mælingum úr SMB. Þegar byggt er á mælingum úr SMH er stofninn metinn á um 630 þús. tonn þegar stuðst er við sama líkan og notað var við lokamatið. Munur á stofnmati byggt annars vegar á SMB og hinsvegar SMH er minni í ár en í fyrra og stafar það af því að stofnvisitölur í SMH lækkuðu umtalsvert árið 2007.

Mat á fjölda fiska sem koma inn í viðmiðunarstofninn á stofnmatsárinu 2008 er byggt á fjórum mælingum úr SMB. Fyrsta mat á árgangi byggir á visitölumælingu 1 árs fisks (um 15 cm langur fiskur), annað byggir svo til viðbótar á mælingu 2 ára fisks árið eftir (um 25 cm langur fiskur), o.s.frv. Það er viðbúið að fyrsta mat geti verið nokkuð frábrugðið mati byggt á viðbótarmælingum. Að öllu jöfnu er búist við að mat byggt á viðbótarmælingum séu annaðhvort lægri eða hærri en fyrstu spár.

Hin síðari ár, eða allt frá árinu 2002 þegar fyrsta mæling á árgangi 2001 lá fyrir, hefur árlegt mat á árgangstyrk hinsvegar alltaf lækkað þegar viðbótarmælingar bætast við. Mesta lækkun á mati á sér stað frá fyrstu mælingu þ.e. frá því að fiskurinn er eins árs og þeirrar næstu, þegar fiskurinn er tveggja ára, að meðaltali um 15% í árgöngum 2001 til 2007. Lækkun milli tveggja og þriggja ára aldurs er að meðaltali um 5%. Viðbótarmælingar þegar árgangur er orðinn eldri leiða hinsvegar af sér óverulega lækkun í endurmati, eða 4% þegar mæling á fiski þriggja ára liggur fyrir og 2% þegar mæling á fjögurra ára fiski liggur fyrir. Í ljósi þess að ákvörðun



um aflamark byggir á fiski fjögurra ára og eldri hefur ofangreint ofmat á nýliðun, byggt á fyrsta mati því lítil áhrif þegar kemur að ráðgjöf um hámarksafla næsta fiskveiðárs en umtalsvert áhrif á niðurstöður framreikninga til næstu 4 ára.

Þróun í visitölum í stofnmælingu með netum (SMN) frá 1996 til 2006 er ekki í samræmi við þróun hrygningarstofns samkvæmt aldurs-aflalíkani. Þróun vitalna SMN fram til ársins 2007 var lægri en fram kemur í stofnmati. Veruleg aukning var í SMN visitölum árið 2007 miðað við fyrri ár en mælingin árið 2008 var hinsvegar 25% lægri en árið 2007.

2.1.7 Ráðgjöf

Á síðasta ári lagði Hafrannsóknastofnunin til að aflamark í þorski yrði lækkað úr 25% í 20% af viðmiðunarstofni (B4+) og að ekki yrði tekið tillit til aflamarks fyrra árs. Þetta viðmið gaf 130 þúsund tonn í aflamark fyrir fiskveiðiárið 2007/2008. Hafrannsóknastofnunin lagði jafnframt til að aflamark á komandi árum yrði miðað við meðaltal af aflamarki yfirstandandi fiskveiðisárs og 20% af viðmiðunarstofni. Sjávarútvegsráðuneytið ákvað að fara eftir ráðgjöf stofnunarinnar um 130 þúsund tonna aflamark fyrir fiskveiðiárið 2007/2008. Jafnframt var ákveðið að aflamark fyrir fiskveiðiárið 2008/2009 yrði ákvarðað eftir aflareglu samkvæmt tillögum

TAFLA 2.1.2									
ÞORSKUR. Áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonna) árið 2010.									
Cod. Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes) in 2010 for different management strategies.									
2008				2009				2010	
Áætlaður aflí Pred. landings	Stofn 4+ Stock4+	Hrygn. stofn Spawn.stock	F ¹⁾	Aflhá- mark TAC	Stofn 4+ Stock4+	Hrygn. stofn Spawn.Stock	F ¹⁾	Stofn 4+ Stock4+	Hrygn. stofn Spawn.stock
135	590	231	0.39	100	647	256	0.26	730	306
				118	647	252	0.30	709	285
				130	647	248	0.35	696	276
				155	647	241	0.42	668	247
				200	647	228	0.58	616	206
Aflaregla Catch rule				124	647	250	0.33	703	281

¹⁾ Meðalveiðidánartala 5–10 ára þorsks.
F=Average fishing mortality of age groups 5–10.

Hafrannsóknastofnunarinnar en yrði þó ekki lægra en 130 þúsund tonn.

Samkvæmt fyrirbyggjandi stofnmati gefur 20% aflaregla þar sem tekið er tillit til núverandi aflamarks 124 þúsund tonn. Ákvörðun Sjávarútvegsráðuneytisins fyrir fiskveiðiárin 2007/2008 og 2008/2009 (aflamark ekki lægra en 130 þúsund tonn) mun samkvæmt stofnmati leiða til lækkunar á fiskveiðidauða miðað við undanfarin ár. Hafrannsóknastofnunin leggur áherslu á að aðlögunartími gildistöku 20% aflareglu verði ekki framlengdur meira en ákveðið hefur verið enda mikilvægt að framkvæmd reglunnar komist á hið fyrsta.

Lágmarksákvæði um aflamark í aflareglu er ekki í samræmi við varúðarnálgun við stjórn fiskveiða. Í alþjóðasamþykktum er miðað við að ef stofn fer undir skilgreind líffræðileg viðmiðunarmörk beri að draga verulega úr fiskveiðidauða. Engin slík viðmiðunarmörk hafa verið skilgreind fyrir íslenska þorsstofninn. Hafrannsóknastofnunin mun því gangast fyrir því á þessu ári í samvinnu við stjórnvöld og aðila í atvinnugreininni að skilgreind verði slík líffræðileg viðmiðunarmörk og ákvarða með hvaða hætti skuli bregðast við ef stofninn fer undir þau.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að við úthlutun aflahlutdeilar til íslenskra skipa verði tekið mið af afla erlendra skipa innan íslenskarar efnahagslögsögu og annars afla sem að nú er utan aflamarks. Á síðustu fimm árum hefur þessi aflí verið að meðaltali rúm 5 þúsund tonn. Auk þess leggur stofnunin til að núverandi reglur um hámarks-möskvastærð og lokanir á hrygningarslóð verði í gildi enn um sinn.

2.1.8. Þorsstofninn í Barentshafi


Íslendingar stunduðu þorsveiðar í Barentshafi og við Svalbarða á fyrri hluta 20. aldar. Veiðar lágu hins vegar niðri um langt árabíl, eða til ársins 1993. Það ár veiddu íslensk skip rúmlega 9 000 tonn af þorski í svokallaðri Smugu. Á næstu þremur árum var ársafllinn milli 23 og 37 þús. tonn. Frá árinu 1997 hefur aflí íslenskra skipa verið á bilinu 1 500 til 7 600 tonn og var 7 300 tonn á síðasta ári. Frá árinu 1999 hafa árlegar aflaheimildir Íslendinga takmarkast við 6 000–8 900 tonn.

Aflí úr þorsstofninum í Barentshafi frá heimstýrjöldinni síðari fram til 1980 var að meðaltali um 800 þús. tonn (mynd 2.1.14). Á 9. áratugnum var aflinn hinsvegar einungis um 350 þús. tonn að meðaltali þrátt fyrir mikla sókn. Frá 10. áratugnum hefur aflinn hinsvegar verið um 570 þús. tonn að jafnaði. Á síðustu þremur árum hefur aflinn fallið úr um 640 þús. tonnum í 490 þús. tonn. Veiðidauði er talin hafa fallið umtalsvert á síðustu 10 árum og er nú metinn um 0.4.

Nýliðun er talin verða undir meðallagi á næstu árum. Alþjóðahafrannsóknaráðið leggur til að veitt verði samkvæmt aflareglu árið 2009. Samkvæmt því verður aflamark 473 þús. tonn, sem samsvarar veiðidauða upp á 0.34.

2.1.9. Þorsstofninn við Grænland


Þorsveiðar á landgrunninu við Grænland hófust að marki upp úr 1925 og var aflinn árið 1931 um 120 þús. tonn. Fram að síðari heimstýrjöld var ársafllinn milli 60 og 130 þús. tonn. Eftir tiltölulega litlar veiðar frá 1940–1945 jókst aflinn jafnt og þétt og náði hann hámarki árið 1962, um 450 þús. tonnum. Aflinn hélst á bilinu 350–430 þús. tonn til ársins 1968, en minnkaði mjög hratt og var kominn undir 100 þús. tonn árið 1973 (mynd 2.1.15.). Síðan þá hefur aflí verið mjög lítill ef undanskilin eru árin um



Mynd 2.1.14. ÞORSKUR Í BARENTSHAFI. Heildarafi (þús. tonna) og veiðidánartölur (F) 5–10 ára árin 1970–2007.

Fig. 2.1.14. Northeast Arctic Cod. Annual landings (thous. tonnes) 1970–2007 and mean F_{5-10} during the same period.

og eftir 1980 og 1988–1990 en þá náði aflinn yfir 50 þús. tonnum sum ár. Aflaaukningu á þessum árum má að mestu rekja til stóru árganganna frá 1973, 1984 og 1985. Frá 1990–2001 var aflinn óverulegur, oft undir 1 000 tonnum. Síðustu 7 árin hefur aflinn hinsvegar aukist árlega og var á síðasta ári tæp 17 þúsund tonn, þar af 12 þúsund tonn sem strandveiðar. Tæp 5 000 tonn voru veidd á landgrunninu árið 2007. Aflamark á því svæði er 15 þúsund tonn fyrir árið 2008. Samkvæmt upplýsingum um aflsamsetningu frá árinu 2006 og 2007 þá samanstóð aflinn af nokkuð mörgum



aldurshópum og að hluta til beindist veiðin að stórum hrygnandi fiski sem fannst í mjög þéttum torfum á Austur-Grænlandsmiðum. Þorskur við Grænland er talinn eiga uppruna sinn á þremur megin hrygningarsvæðum, innfjarðar, frá landgrunnskanti Grænlands og frá Íslandi. Innfjarðaafli hefur, sögulega séð, verið mun minni en aflinn á landgrunninu.

Um miðja síðustu öld er hrygningarstofn þorsks við Grænland talinn hafa verið yfir ein milljón tonna en stofninn hrundi í kringum 1970 vegna ofveiði og umhverfisbreytinga. Hrygningarstofninn á síðustu 35 árum hefur verið mjög lítill að undanskildum einstökum árum þegar í stofninn hafa bæst árgangar sem líklega má rekja til seiðareks af Íslandsmiðum. Þessir árgangar skiluðu sér aftur á Íslandsmið sem kynþroska fiskur. Þannig er metið að um 100 milljónir fiska af árgangi 1973 hafi komið inn á Íslandsmið sem sjö ára fiskur árið 1980 og átta ára fiskur árið 1981. Síðasta ganga þorsks frá Grænlandi er talin hafa verið árið 1990, þegar rúmlega 30 milljónir fiska úr árgangi 1984, þá sex ára eru taldar hafa gengið á Íslandsmið.

Stofnmælingar á þorski við Grænland sem fram hafa farið frá haustinu 1982 benda til þess að árgangurinn frá 2003 sé um þriðjungur af stærð 1984 árgangsins. Sá árgangur stóð undir um 100 þúsund tonna veiði í kringum 1990. Aðrir árgangar eru minni. Veiðar hafa verið á hrygnandi fiski við Austur-Grænland undanfárin ár, sem gefur vonir um viðreisn sjálfbærs stofns við Grænland. Þar sem engar seiðamælingar fara lengur fram í Grænlandsundi er ekki ljóst hvort rekja megi aukna nýliðun og aukna fiskgengd til seiðareks frá Íslandi, líkt og var með árgangana frá 1973 og 1984. Útbreiðsla 2003 árgangsins er hinsvegar með svipuðum hætti og oft hefur verið með árganga sem að síðar hafa skilað sér á Íslandsmið.


Alþjóðahafrannsóknaráðið leggur til að þorskveiðar verði áfram mjög takmarkaðar við Grænland.

2.2. ÝSA *Melanogrammus aeglefinus*




2.2.1. Afli, sókn og árgangaskipan

Ýsuaflinn á árinu 2007 var tæp 110 þús. tonn eða um 12% meiri en árið 2006 og hefur aðeins einu sinni verið meiri eða árið 1962. Fyrir fiskveiðiárið 2007/2008 lagði Hafrannsóknastofnunin til 95 þús. tonna aflahámark og úthlutað heildaraflamark var 100 þús. tonn (tafla 2.2.1.). Á fyrstu átta mánuðum



Mynd 2.2.1. ÝSA. Heildarafli (þús. tonna) árin 1979–2007 og meðalveiðidánartala (F) 4–7 ára ýsu sama tímabil.

Fig. 2.2.1 HADDOCK. Total landings (thous. tonnes) 1979–2007 and mean F_{4-7} during the same period.



ÝSA. Veiðisvæði við Ísland árið 2007. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

HADDOCK. Fishing grounds in 2007. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

yfirstandandi fiskveiðiárs var landaður afli 25% meiri en á sama tímabili á síðasta fiskveiðiári, eða rúm 82 þús. tonn. Mynd 2.2.1. sýnir árlegan ýsuafla og veiðidánartölur árin 1979–2007. Afli frá árinu 1950 er tilgreindur í töflu 3.2.1.

Undanfarin ár hefur hlutfall ýsu sem veitt er á línu og í dragnót farið hækkandi en hlutdeild afla í net og botnvörpu lækkað. Ýsuaflí ársins 2007 skiptist

TAFLA 2.2.1.

ÝSA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonna) 1984–2007/08.


HADDOCK. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1984–2007/08.

Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others) ¹⁾	Afli alls Total landings
1984 ¹⁾	55	60	47	1	48
1985 ¹⁾	45	60	50	1	51
1986 ¹⁾	50	60	47	1	48
1987 ¹⁾	50	60	40	1	41
1988 ¹⁾	60	65	53	1	54
1989 ¹⁾	60	65	62	1	63
1990 ¹⁾	60	65	66	1	67
1991 ¹⁾	38	48	40	1	41
1991/92 ³⁾	50	50	47	1	48
1992/93 ³⁾	60	65	47	1	48
1993/94 ³⁾	65	65	56	1	57
1994/95 ³⁾	65	65	60	1	61
1995/96 ³⁾	55	60	53	1	54
1996/97 ³⁾	40	45	50	1	51
1997/98 ³⁾	40	45	37	1	38
1998/99 ³⁾	35	35	45	1	46
1999/00 ³⁾	35	35	41	1	40
2000/01 ³⁾	30	30	39	1	40
2001/02 ³⁾	30	41	44	1	45
2002/03 ³⁾	55	55	55	1	56
2003/04 ³⁾	75	75	78	1	79
2004/05 ³⁾	90	90	96	1	97
2005/06 ³⁾	105	105	97	1	98
2006/07 ³⁾	95	105	100	2	102
2007/08 ³⁾	95	100			

¹⁾ Almanaksár. Calendar year.

²⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. January–August 1991.

³⁾ Fiskveiðiárið september–ágúst. Quota year September–August.



þannig að 51% aflans veiddust í botnvörpu, 36% á línu, 12% í dragnót og tæplega 1% í net.

Ýsuaflí fyrir Norður- og Austurlandi hefur aukist verulega á undanförmum árum frá því að vera um 6% heildaraflans árið 2002 í um 20% árin 2005–2007. Stofnmælingar benda hins vegar til að árin 2005–2008 hafi um 40% af ýsustofninum verið út af Norður- og Austurlandi.

Samkvæmt aflaskýrslum fiskiskipa minnkaði ýsuaflí á sóknareiningu í öll helstu veiðarfæri frá 2005 til 2007 en er þó enn talsvert há. Frá 2001 til 2005 jókst afli á sóknareiningu í botnvörpu um 70% en vísitölur í stofnmælingu botnfiska í mars þrefölduðust á sama tíma. Þessi munur á aukningu í vísitölum og aflabrógðum liggur bæði í útbreiðslu stofnsins utan hefðbundinna veiðisvæða og hægum vexti sem veldur því að stærri hluti stofnsins er undir veiðanlegri stærð. Afli á sóknareiningu í janúar–mars 2008 var svipaður og á sama tímabili árið 2007.


Niðurstöður athugana á brottkasti ýsu benda til þess að á árunum 1991–1998 hafi brottkastið numið á bilinu 8–20% af fjölda landaðra fiska, en verið á bilinu 2–6% á síðustu 7 árum.

Aldursdreifing ýsu í afla árið 2007 er sýnd á mynd 2.2.2. og skipting aflans í fjölda eftir aldri er sýnd í töflu 3.2.5.

2.2.2. Meðalþyngd og kynþroski

Meðalþyngd ýsu er reiknuð út frá gögnum úr stofnmælingu í mars (SMB), sjá töflu 3.2.3. Meðalþyngdin hefur lækkað undanfarnin ár og árið 2008 er meðalþyngd flestra aldursflokka í eða nærri sögulegu lágmarki. Meðalþyngd ýsu hefur verið nokkuð breytileg milli árganga og yfirleitt lægri hjá stórum árgöngum. Árgangur 2003 er mjög stór og í samræmi við það léttur eftir aldri. Undanfarnin 3 ár hefur vöxtur allra árganga verið hægur, enda hefur ýsustofninn verið mjög stór.

Meðalþyngd í afla (tafla 3.2.2) fylgir meðalþyngd í stofnmælingum nokkuð vel. Lækkun meðalþyngda sést þó ekki vel hjá yngstu aldursflokkunum þar sem veiðar beinast mest að þeim



einstaklingum sem vaxa hraðast í þeim árgöngum. Leiðir það til þess að árgangar koma seinna inn í veiðina þegar vöxtur er hægur.

Kynþroski eftir aldri er metinn út frá gögnum úr SMB (tafla 3.2.4.). Kynþroskahlutfall eftir aldri var mun lægra á árunum 1985–1990 heldur en síðar, jafnvel þó meðalþyngd hafi að öllu jöfnu verið há á sama tíma. Kynþroskahlutfall eftir aldri hefur lækkað undanfarnin fjögur ár vegna hægari vaxtar en kynþroskahlutfall eftir stærð hefur lítið breyst.

2.2.3. Stofnmælingar

Ýsa er sú tegund sem mest fæst af í stofnmælingum botnfiska bæði í mars og október. Allir aldursflokkar ýsu koma vel fram í stofnmælingunum þannig að marktækt mat á stærð árgangs liggur fyrir strax á fyrsta aldursári (tafla 3.2.9.).

Aldursgreindar vísitölur úr stofnmælingu eru sýndar í töflu 3.2.9. Þar sést að árgangar 1998–2000, 2002 og 2003 mælast stórir, árgangur 2001 lítill, árgangar 2004–2006 nærri meðallagi og árgangur 2007 mælist frekar stór. Heildarvísitölur úr stofnmælingunum (mynd 2.2.3.) hækkuðu mikið á árunum 2001–2003 þegar lífþyngd stóru árganganna frá 1998–2000 jókst hratt. Heildarvísitölur voru mjög háar árin 2004–2006 og hlutfallsleg mæliskekkja lítil vegna jafnrar útbreiðslu ýsunnar. Vísitölurnar hafa lækkað í stofnmælingum síðustu þriggja ára.

2.2.4. Forsendur stofnmats

Við mat á stærð ýsustofnsins var stuðst við nokkur mismunandi líkön sem öll byggja á aldursgreindum afla og aldursgreindum vísitölum úr stofnmælingum í mars og/eða október.

Var gert ráð fyrir að afföll af öðrum orsökum en vegna skráðs afla væru 0.2 fyrir allt tímabilið. Setja má spurningarmerki við þá forsendu, sérstaklega í ljósi þess að brottkast á ýsu var verulega mismunandi frá ári til árs eins og fram hefur komið. Auk brottkasts geta óskráð afföll smáýsu vegna smugs í

gegnum möskva og skiljur verið umtalsverð.

Í framreikningum er gert ráð fyrir að árið 2008 verði vöxtur svipaður og árið 2007 þegar ýsa óx mjög hægt. Þar er einnig tekið tillit til þess að hægvoxta árgangar koma seinna inn í veiðina en ella.

Gert er ráð fyrir að aflí ársins 2008 verði 100 þús. tonn. Sú tala er fengin með því að áætla hve mikið af aflamarki fiskveiðiársins 2007–2008 var óveitt í upphafi árs 2008 og leggja við það þriðjung af áætluðu aflamarki fiskveiðiársins 2008–2009.


2.2.5. Ástand stofnsins og horfur

Öll stofnmatslíkön sýna að ýsustofninn er stór en mun minnka á næstu árum þegar stórir árgangar hverfa úr stofninum og minni árgangar taka við. Yfirleitt er mjög gott samræmi milli stofnmatslíkana sem taka tillit til sömu gagna. Nokkur munur er þó á niðurstöðum líkana sem byggja á SMB og stofnmælingunni að hausti (SMH). Líkön byggð á SMH benda til minni stofns. Ráðgjöfin nú (eins og í fyrra) er byggð á líkani sem nýtir báðar stofnmælingarnar til samstillingar.

Stofnstærð ýsu þriggja ára og eldri í upphafi árs 2008 er nú metin 260 þúsund tonn. Meðalveiðidánartala 4–7 ára ýsu árið 2007 er metinn um 0.55 sem er yfir því marki sem stefnt var að (0.47). Veiðidánartala á árinu 2008 er áætluð um 0.43. að gefnu því að aflí verði 100 þús. tonn.


Mynd 2.2.4. sýnir stærð veiðistofns og hrygningarstofns ýsu árin 1984–2008, mynd 2.2.5. sýnir áætlaða stærð árganga 1972–2007, tafla 3.2.6. stofnstærð í fjölda eftir aldri, tafla 3.2.7. veiðidánartölu eftir aldri og tafla 2.2.2. niðurstöður framreikninga.

Spá um aldursskiptingu aflans árin 2008 og 2009 er sýnd á mynd 2.2.6. Gert er ráð fyrir að árgangar 2002 og 2003 verði tæp 80% aflans árið 2008 og 70% árið 2009, þar af er gert ráð fyrir að árgangurinn frá 2003 verði yfir 50% aflans.



Mynd 2.2.4. Ýsa. Stærð veiðistofns (þriggja ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1984–2008 (þús. tonna).

Fig. 2.2.4. Haddock. Fishable stock (3+) and spawning stock biomass during the period in 1984–2008 (thous. tonnes).



Mynd 2.2.5. Ýsa. Áætluð stærð ýsuárganganna 1972–2007. Fjöldi við tveggja ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.2.5. Haddock. Estimated size of year classes 1972–2007 at age 2 (numbers in millions).


2.2.6. Skýringar við stofnmat

Í síðustu úttekt var stofnstærð ýsu þriggja ára og eldri í upphafi árs 2008 áætluð 285 þús. tonn en 260 þús. tonn nú. Skýrist þessi munur að mestu af því að á árinu 2007 var vöxtur ýsu hægari en gert var ráð fyrir. Eins og undanfarin ár er mesti óvissuþátturinn í stofnmati ýsu mat á vexti sem var mjög hægur árin 2004–2007. Hafrannsóknastofnunin hefur yfirleitt gert ráð fyrir betri vexti á þessum árum en varð raunin. Árið 2008 er gert ráð fyrir að vöxtur ýsu verði svipaður og árið 2007

2.2.7. Tillögur um hámarksafli 2008/2009

Tafla 2.2.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvarðanir stjórnvalda og ýsuafla frá árinu 1984.

Á árunum 2000–2005 lagði Hafrannsóknastofnunin til að meðalfiskveiðidauði 4–7 ára ýsu færi ekki yfir 0.47. Síðan þá hefur stofnunin hins vegar horft frekar til stærðar ýsu en aldurs í tillögum um heildaraflamark og að meðalfiskveiðidauði væri miðaður við þá stærð sem samsvarar 4–7 ára ýsu við



Mynd 2.2.6. Ýsa. Spá um aldursskiptingu (% af fjölda) í afla 2008 og 2009.

Fig. 2.2.6. Haddock. Prognosis of percentage age distribution (in numbers) in 2008 and 2009 catches.

TAFLA 2.2.2. Ýsa. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stofnstærð (þús. tonn) árið 2010. <i>HADDOCK. Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes)</i> <i>in 2010 for different management strategies.</i>									
2008				2009				2010	
Áætlaður afl <i>Pred. landings</i>	3+ stofn 3+ <i>stock</i>	Hr. stofn Sp. <i>stock</i>	F ¹⁾	Aflahá- mark TAC	3+ stofn 3+ <i>stock</i>	Hr. stofn Sp. <i>stock</i>	F ¹⁾	3+ stofn 3+ <i>stock</i>	Hr. stofn Sp. <i>stock</i>
100	260	166	0.43	83	220	155	0.35	215	141
				90	220	155	0.39	209	136
				100	220	155	0.44	201	129
				105	220	155	0.47	197	126
				110	220	155	0.50	193	123

¹⁾ F=Veiðidánartala 4–7 ára ýsu. *F=Fishing mortality of age groups 4–7.*

venjulegar aðstæður. Slík viðmiðun ($F=0.35$) gefur 83 þús. tonna afla fiskveiðiárið 2008/2009.

Ýsustofninn nú er stór en samkvæmt framreikningum mun hann minnka á komandi árum þegar gengur á stóru árgangana. Hóflæg sókn í stofninn leiðir til þess að stórir árgangar endast betur í veiðinni.

Í ljósi framangreindra atriða leggur Hafrannsóknastofnunin til að hámarksafli á fiskveiðiarinu 2008/2009 fari ekki yfir 83 þús. tonn, sem samsvarar fiskveiðidánartölu 0.35.


2.3. UFSI *Pollachius virens*



2.3.1. Afli, sókn og árgangaskipan

Ufsaaflinn árið 2007 var rúm 64 þús. tonn. Sem er um 15% samdráttur frá árinu 2006. (mynd 2.3.1. og tafla 3.3.1.). Árin 1998–2001 var aflinn rétt riflega 30 þús. tonn, sem er minnsti ufsaafl á Íslandsmiðum frá því í síðari heimstyrjöld. Frá 2001 jókst ufsaafl um 5–12 þús. tonn á ári til ársins 2006. Afli á fiskveiðiárinu 2006/2007 var um 66 þús. tonn, talsvert minni en heildaraflamarkið sem var 80 þús. tonn.

Um 6% ufsaaflans á árinu 2007 veiddust í net og jókst netafli nokkuð frá árinu 2006, þrátt fyrir samdrátt í heildarafla. Hlutdeild botnvörpu í heildarafla árið 2007 var tæplega 85% en hefur lengst af verið yfir 60%. Í aflanum árið 2007 var hlutdeild fjögurra ára ufsa um 26% og hlutdeild fimm ára um 35%. Samanlögð hlutdeild fjögurra og fimm ára ufsa hefur aðeins einu sinni áður verið jafnhá, eða árið 2004. Næstur í fjölda var sjö ára ufsi eða um 12% af heildarfjölda, sem er innan við helmingur áætlaðrar hlutdeildar þess aldurshóps í




UFSI. Veiðisvæði við Ísland árið 2007. Öll veiðarfæri sýnd. Dekkstu svæðin sýna mesta veiði (tonn/sjm²).

SAITHE. Fishing grounds. All gear. The dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

2.3.2. Vöxtur og kynproski

Árið 2007 var meðalþyngd 3–10 ára ufsa í afla 10–25% lægri en meðalþyngd sömu aldurshópa árin 1980–2006 þ.e. í eða við sögulegt lágmark (tafla 3.3.2.). Hjá ufsa er marktækt neikvætt samband milli árgangastærðar og meðalþyngdar. Einnig eru dæmi þess að meðalþyngd árgangs standi nánast í stað eða minnki með aldri. Slíkar breytingar hafa verið túlkaðar sem visbendingar um að umtalsverður fjöldi hægvoxta ufsa hafi gengið inn á íslenskt hafsvæði. Erfitt er þó að greina á milli þess hvort þéttleiki dragi úr vexti eða meðalþyngd minnki vegna göngu ufsa af öðrum hafsvæðum.

Meðalþyngd ufsa í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) eru notaðar til útreikninga á þyngd í veiði- og hrygningarstofni í stofnmati. (tafla 3.3.3.). Lítið er um ufsa eldri en átta ára og því er meðaltal árunna 1985–2007 fyrir 9–14 ára ufsa notað. Þyngd aldurshópa úr SMB sýnir svipaðar breytingar og




Mynd 2.3.1. **UFSI.** Heildaraflí (þús. tonna) árin 1974–2007 og meðalveiðidánartala (F) 4–9 ára ufsa á sama tímabili.

Fig. 2.3.1. **SAITHE.** Total landings (thous. tonnes) 1974–2007 and mean F_{4-9} during the same period.

úttekt 2007. Aldurssamsetning aflans 2007 er sýnd á mynd 2.3.2. ásamt spá sem gerð var við úttekt vorið 2007. Skipting ufsaaflans í fjölda eftir aldri á árunum 1974–2007 er sýnd í töflu 3.3.5. og veiðidánartölur í töflu 3.3.7.

Veiðidaudi í ufsastofninum náði hámarki árið 1995 en hefur minnkað síðan (mynd 2.3.1.). Á undanföllum árum hefur ufsagengd á Íslandsmiðum aukist og nýliðun batnað umtalsvert. Sérstaklega eru árgangarnir frá 1998, 1999, 2000 og 2002 stórir. Hins vegar benda nýjustu stofnmælingar til að nýliðun eftir það sé ýmist lítil eða nálægt meðallagi.



Mynd 2.3.2. **UFSI.** Aldursdreifing í afla 2007 (% af fjölda). Mat frá í maí 2007 og áætlun ári síðar byggð á gögnum úr afla.

Fig. 2.3.2. **SAITHE.** Age distribution in the 2007 catch (% by number). Prognosis in May 2007 and estimate based on samples from landings.

þyngd í lönduðum afla frá ári til árs. Breytileiki í meðalþyngd hvers aldurshóps er þó ívið meiri í stofnmælingu en í afla. Meðalþyngd 3–8 ára ufsa í stofnmælingu 2008 var um 10–20% minni en meðalþyngd sömu aldurshópa 1985–2007 og var meðalþyngd 6 ára (2002 árgangsins) sú lægsta sem mælt hefur.


Upplýsingar um kynþroskahlutfall fengnar úr lönduðum afla frá árunum 1982–2004 og SMB frá 1985 eru afar misvísandi. Þetta stafar sennilega af takmörkuðum gögnum um kynþroska vegna vandkvæða við að ná í sýni úr óslægðum afla. Við mat á kynþroska var því notað meðaltal aldurshópa í SMB. Kynþroski 3–14 ára í þessu stofnmati var settur jafn meðalkynþroska þessara aldurshópa í stofnmælingum 1985–2007 (tafla 3.3.4.).

2.3.3. Ástand stofnsins og nýliðun

Gögn um afla á sóknareiningu eru ekki notuð í stofnmati, þar sem óvíst er að hve miklu leyti þau endurspeglar þróun í stofnstærð. Gögn um afla fiskiskipa á sóknareiningu og úr stofnmælingu að hausti (SMH) sýna þó svipaða aukningu árin 2000–2005. Heildarvísitala ufsa lækkaði í SMB 2006 og 2007 en hækkaði lítilsháttar árið 2008 og má sjá svipaðar visbendingar í afla á sóknareiningu með botnvörpu síðustu ár og fyrstu þrjá mánuði ársins 2008.

Veididánartölur voru metnar með aldursgreindum aflagögnum í ADCAM-líkani eins og gert var í fyrsta sinn í stofnmati 2007. Gögn úr SMB um fjölda í aldurshópi voru notuð til samstillingar, eins og gert hefur verið síðan 2002 (tafla 3.3.10.). Auk ADCAM og tölfræðilegs aldurs-aflalíkans var til hliðsjónar við stofnmatið beitt þremur mismunandi stofnmatsaðferðum (XSA, ADAPT og TSA, sjá Viðauka 5.1.). Aðferðirnar gáfu nokkuð svipaðar niðurstöður um þróun stofnstærðar en áherslumunur var á öðrum niðurstöðum.

Við úttekt á ufsastofninum í ár með ADCAM er gert ráð fyrir göngum ufsa inn á íslensk hafsvæði á sama hátt og í fyrra stofnmati. Hins vegar hafa þær




Mynd 2.3.3. UFSI. Stærð árganganna 1971–2006. Fjöldi við þriggja ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.3.3. SAITHE. Size of year classes 1971–2006 at age 3 (in millions).

ekki teljandi áhrif á niðurstöður enda er síðasti árgangur sem talið er að hafi gengið á Íslandsmið (1992) nú horfinn úr veiði.

Hugsanleg skýring á breytingum í veiðimynstri og lækkun á árgangastyrk í endurmati er ganga ufsa af íslensku hafsvæði. Í stofnmatinu var ekki gert ráð fyrir slíkri göngu. Merkingartilraunir Hafrannsóknastofnunarinnar 2000–2004 sýna að ufsi, aðallega merktur fyrir Austurlandi, gengur í einhverjum mæli til Færeyja og sérstaklega margar endurheimturlöng komu þaðan árið 2006.

Árgangarnir frá 1986–1997 eru metnir á bilinu 8–32 milljónir þriggja ára nýliða en árgangarnir frá 1998–2000 53–70 milljónir þriggja ára nýliða (mynd 2.3.3.). Árgangur 2000 er nú metinn 70 milljónir þriggja ára nýliða, umtalsvert minni en í síðasta stofnmati. Árgangur 2002 hefur hins vegar stækkað í endurmati en mikil óvissa er þó um stærð hans. Mat á stærð árganga 2001 og 2004 er lágt en árgangarnir frá 2003 og 2005 eru metnir nálægt meðallagi eða ríflega 30 milljónir. Batnandi nýliðun undanfarin ár skýrir að hluta til stækkun veiðistofns og hrygningarstofns (mynd 2.3.4.). Meðalnýliðun í



Mynd 2.3.4. UFSI. Stærð veiðistofns (fjögurra ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1974–2008 miðað við þyngdir úr stofnmælingu í mars (þús. tonna).

Fig. 2.3.4. SAITHE. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass during the period 1974–2008 using spring survey weights (thous. tonnes).

ufsastofninum frá árinu 1974 er rúmar 30 milljónir nýliða og langtíma hámarksafurkastur því um 50 þús. tonn.

Í framreikningum á stofnstærð, sem sýndir eru í töflu 2.3.2., er gert ráð fyrir að árgangurinn frá 2003 sé 34 milljónir þriggja ára nýliða, 2004 árgangur 17 milljónir, en árgangar 2005 og 2006, sem lítið hefur orðið vart í SMB, séu um 33 og 15 milljónir þriggja ára nýliða. Við mat á stærð hrygningarstofns er kynþroski eftir aldri árin 2009–2010 settur jafn meðalkynþroska í SMB 1985–2007. Meðalþyngd eftir aldri í stofni sama tímabil var sett sem meðaltal árána 2006–2008 (tafla 3.3.3). Meðalþyngd í afla 2008 og 2009 í framreikningi er jafnframt meðaltal árána 2005–2007 (tafla 3.3.9). Spá um aldurskiptingu afla árin 2008 og 2009 er sýnd á mynd 2.3.5.

Stofnmatið sýnir að þrátt fyrir að aflinn hafi

aukist undanfarin fimm ár hefur veiðidánartala haldist nokkuð stöðug á tímabilinu (mynd 2.3.1.). Gert er ráð fyrir að í ársbyrjun 2008 hafi veiðistofn (fjögurra ára fiskur og eldri) verið 199 þús. tonn og hrygningarstofn um 118 þús. tonn þegar reiknað er með þyngdum í SMB á sama hátt og í síðustu úttektum (mynd 2.3.4.). Þetta er um 11% lægra en áætluð stærð veiðistofns í stofnmati 2007 og skýrist að mestu leyti af því að mat á stærð árgangsins frá 2000 hefur lækkað samanborið við stofnmatið 2007 og að meðalþyngd árgangsins frá 2002 er minni en gert var ráð fyrir.

Ef gert er ráð fyrir að aflinn árið 2008 verði nokkru minni en heildaraflamark fiskveiðiársins 2007/2008, eða um 60 þús. tonn, er reiknað með að veiðistofn ufsa í ársbyrjun 2009 verði um 185 þús. tonn og að hrygningarstofn verði um 109 þús. tonn. Hafa ber í huga að töluverð óvissa er í mati á stærð ufsastofnsins enda er nú stór, illa ákvarðaður árgangur (2002) að bætast við stofninn. Árgangastyrkur yngri ufsa er einnig óviss og talsverð óvissa í spám um þyngd og kynþroska.


Stærð ufsastofnsins í fjölda eftir aldri og þyngd veiðistofns á árunum 1974–2008 er sýnd í töflu 3.3.6. Samantekt um fjölda þriggja ára nýliða, stærð

hrygningarstofns, veiðidánartölu fjögurra til níu ára og ufsaafli við Ísland er sýnd í töflu 3.3.8.

2.3.4. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2008/2009

Tafla 2.3.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, ákvörðun stjórnvalda um heildaraflamark og ufsaafli síðan árið 1984.

Miðað við framangreindar forsendur eru áhrif



Mynd 2.3.5. Ufsi. Spá um aldersdreifingu í afla (% af fjölda) árin 2008 og 2009.

Fig. 2.3.5. SAITHE. Prognosis of percentage age distribution in 2008 and 2009 catches.

<p style="text-align: center;">TAFLA 2.3.1. Ufsi. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonna) 1984–2007/08. SAITHE. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1984–2007/08.</p>					
Ár	Tillaga	Heildaraflamark	Afli Íslendinga	Afli annarra þjóða	Afli alls
Year	Recommended TAC	National TAC	Landings (Iceland)	Landings (others) ¹⁾	Total landings
1984 ¹⁾	65	70	61	2	63
1985 ¹⁾	60	70	55	2	57
1986 ¹⁾	60	70	64	2	66
1987 ¹⁾	65	70	78	2	80
1988 ¹⁾	75	80	74	3	77
1989 ¹⁾	80	80	80	2	82
1990 ¹⁾	90	90	95	3	98
1991 ²⁾	65	65	69	2	71
1991/92 ³⁾	70	75	86	2	88
1992/93 ³⁾	80	92	76	2	78
1993/94 ³⁾	75	85	67	2	69
1994/95 ³⁾	70	75	50	1	61
1995/96 ³⁾	65	70	40	1	41
1996/97 ³⁾	50	50	37	1	38
1997/98 ³⁾	30	30	32	1	33
1998/99 ³⁾	30	30	31	1	32
1999/00 ³⁾	25	30	30	0	30
2000/01 ³⁾	25	30	32	0	32
2001/02 ³⁾	25 ⁴⁾	37 ⁵⁾	36	0	36
2002/03 ³⁾	35	45 ⁶⁾	47	0	47
2003/04 ³⁾	50	50	56	0	56
2004/05 ³⁾	70	70	70	1	71
2005/06 ³⁾	80	80	78	0	78
2006/07 ³⁾	80	80	66	0	66
2007/08 ³⁾	60	75			

¹⁾ Almanaksárið. Calendar year.
²⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. January–August 1991.
³⁾ Fiskveiðiárið september–ágúst. Quota year September–August.
⁴⁾ Alþjóðahafrannsóknaráðið lagði til ýmsar friðunaraðgerðir og að bein sókn í ufsa yrði bönnuð. ICES recommended area closures and no directed saithe fishing.
⁵⁾ Heildaraflamark hækkað úr 30 í 37 við lok ársins 2001. National TAC increased from 30 to 37 thous. tonnes at end of 2001.
⁶⁾ Heildaraflamark hækkað úr 37 í 45 í upphafi árs 2003. National TAC increased from 37 to 45 thous. tonnes at beginning of 2003.

TAFLA 2.3.2. UFSI. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonna) árið 2010. <i>Saithe. Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes) in 2010 for different management strategies.</i>									
2008					2009			2010	
Stofn 4+ Stock 4+	Hrygn. stofn Spawn. stock	$F^{1)}$	Afli Catch	Afla- hámark TAC	Stofn 4+ Stock 4+	Hrygn. stofn Spawn. stock	$F^{1)}$	Stofn 4+ Stock 4+	Hrygn. stofn Spawn. stock
199	118	0.33	60	22	185	109	0.12	191	121
				40	185	109	0.23	171	106
				50	185	109	0.30	160	99
				60	185	109	0.37	149	91

¹⁾ F = Meðalveiðidánartala 4-9 ára ufsa. *Mean fishing mortality of age groups 4-9.*

mismunandi afla á ufsastofninn eins og kemur fram í töflu 2.3.2. Lægsta aflamarkið, 22 þús. tonn, er samhljóða ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Byggir sú ráðgjöf á því að hrygningarstofn vaxi hratt yfir þau viðmiðunarmörk sem ráðið hefur miðað við undanfarin ár. Ljóst er að forsendur þeirra hafa breyst og þau nú talin of há. Ástæðan fyrir því er meðal annars sú að lítill hrygningarstofn árána 1988-2002 skilaði fjórum árgöngum vel yfir meðallagi. Því munu viðmiðunarmörk fyrir ufsa verða endurskoðuð af ICES á árinu 2008.

Með hliðsjón af því sem að ofan greinir leggur Hafrannsóknastofnunin til að sókn í ufsastofninn verði takmörkuð þannig að ufsaafli á fiskveiðiarinu 2008/2009 fari ekki yfir 50 þús. tonn. Með þeim hætti eru líkur á því að veiðidánartala stofnsins haldist stöðug og verði nálægt 0.3, en talið er að sú sókn samrýmist varúðarsjónarmiðum.

2.4. KARFASTOFNAR

Gullkarfi *Sebastes marinus*
Djúp- og úthafskarfi *Sebastes mentella*



2.4.1. Gullkarfi

2.4.1.1. Afli og sókn


Gullkarfi á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar er talinn af sama stofni. Heildarafli gullkarfa á þessu svæði frá árinu 1978 er sýndur í töflu 3.4.2. og mynd 2.4.1. Síðustu tvo áratugina hafa 90–98% aflans verið veidd á Íslandsmiðum. Heildarafllinn var mestur árið 1982 eða yfir 130 þús. tonn og hafði þá aukist úr 49 þús. tonnum frá árinu 1978. Frá árinu 1982 minnkaði árlegur afli jafnt og þétt og á tímabilinu 1993–2007 var hann á bilinu 33–51 þús. tonn, mestur árið 2002 og minnstur árið 2004.

Gullkarfaafli á Íslandsmiðum minnkaði nokkuð stöðugt úr 98 þús. tonnum árið 1982 í um 34 þús. tonn árið 1996. Frá 1997–2006 var aflinn á bilinu 32–49 þús. tonn. Aflinn var rúmlega 39 þús. tonn árið 2007 sem er um 2 000 tonna minnkun frá árinu áður.

Mestur hluti þess gullkarfa sem veiddur er á Íslandsmiðum veiðist í botnvörpu. Gullkarfaafli á sóknareiningu í botnvörpu minnkaði verulega á árunum 1991–1993, en jókst frá árinu 1999 fram til ársins 2004, þegar hann var sá hæsti síðan 1986 (mynd 2.4.1.). Síðustu þrjú árin hefur dregið úr afla á sóknareiningu og er hann nú svipaður og árið 1986.


2.4.1.2. Lengdardreifing og árgangskipan

Meðallengd gullkarfa í afla minnkaði á árunum 1994–1996 sem rekja má til þess að á þessu tímabili var sterkur árgangur frá 1985 að koma inn í veiðina. Samkvæmt aldursgreindum afla er áætlað að á árunum 1995–2002 hafi hlutdeild þessa árgangs verið á bilinu 25–40%. Hlutdeild árgangsins frá 1985 í aflanum hefur farið lækkandi á undanförunum árum en hann er þó enn mikilvægur í veiðinni og var



Mynd 2.4.1. GULLKARFI. Afli á Íslandsmiðum, heildarafli á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar 1970–2007 og vísitala afla á togtíma árin 1986–2007.

Fig. 2.4.1. GOLDEN REDFISH (*S. marinus*). Landings from Icelandic grounds 1970–2007, total landings from East-Greenland, Icelandic and Faroese waters and CPUE index during 1986–2007.



GULLKARFI. Veiðisvæði við Ísland árið 2007. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn á sjm²).


REDFISH (*S. MARINUS*). Fishing grounds in 2007. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes nm²).

áætlaður um 13% aflans árið 2007, þá 22 ára.

Meðallengd gullkarfa í afla minnkaði aftur á árunum 2000 og 2001. Eins og á árunum 1994–1996 var minni meðallengd rakin til sterks árgangs, að þessu sinni árgangsins frá 1990. Áætlað er að um 25–28% aflans árin 2003–2007 hafi verið af þessum árgangi. Aldursgreiningar benda til að árgangarnir frá 1996–1998 séu nú að koma í meiri mæli inn í veiðina og er áætlað að samtals um 20% aflans árið 2007 hafi verið úr þessum árgöngum.

2.4.1.3. Ástand gullkarfastofnsins

Heildarvísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) sýna að stofninn minnkaði hratt frá 1985–1995 (mynd 2.4.2.). Er þróun í aflabrogðum botnvörpufлотans á sama tímabili í góðu samræmi við stofnmælinguna (mynd 2.4.1.). Frá árinu 1996



Mynd 2.4.2. GULLKARFI. Þyngdarvísitölur stofnmælingum botnfiska í mars 1985–2008 og október 1996–2007. Skyggða svæðið og lóðréttu línurnar sýna eitt staðalfrávik í mati á vísitölum.

Fig. 2.4.2. GOLDEN REDFISH (*S. marinus*). Total biomass indices in the Icelandic groundfish surveys in March 1985–2008 (line) and October (dots). Shaded area and vertical lines show one standard deviation in the estimate.

TAFLA 2.4.1. GULLKARFI. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1984–2007/08. GOLDEN REDFISH. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1984–2007/08.					
Ár Year	Tillaga gullkarfi Rec. TAC <i>S. marinus</i>	Heildaraflamark ⁴ National TAC	Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others)	Afli alls Total landings
1984 ¹⁾	90 ⁴	110	108 ⁴	1 ⁴	108 ⁴
1985 ¹⁾	90 ⁴	110	91 ⁴	1 ⁴	92 ⁴
1986 ¹⁾	85 ⁴	100	86 ⁴	1 ⁴	87 ⁴
1987 ¹⁾	75 ⁴	95	88 ⁴	1 ⁴	89 ⁴
1988 ¹⁾	75 ⁴	85	94 ⁴	1 ⁴	95 ⁴
1989 ¹⁾	75 ⁴	77	92 ⁴	1 ⁴	92 ⁴
1990 ¹⁾	80 ⁴	80	91 ⁴	1 ⁴	93 ⁴
1991 ²⁾	55 ⁴	55	63 ⁴	1 ⁴	64 ⁴
1991/92 ³⁾	90 ⁴	90	92 ⁴	1 ⁴	93 ⁴
1992/93 ³⁾	90 ⁴	104	103 ⁴	1 ⁴	104 ⁴
1993/94 ³⁾	80 ⁴	90	93 ⁴	1 ⁴	94 ⁴
1994/95 ³⁾	25	77	40	-	40
1995/96 ³⁾	25	65	37	-	37
1996/97 ³⁾	30	65	36	-	36
1997/98 ³⁾	35	65	35	-	35
1998/99 ³⁾	35	65	41	-	41
1999/00 ³⁾	35	60	37	-	37
2000/01 ³⁾	35	57	37	-	37
2001/02 ³⁾	30	65	46	-	46
2002/03 ³⁾	35	60	42	-	42
2003/04 ³⁾	35	57	30	-	30
2004/05 ³⁾	35	57	40	-	40
2005/06 ³⁾	35	57	38	-	38
2006/07 ³⁾	35	57	38	-	38
2007/08 ³⁾	35	57			


¹⁾ Almanaksár. *Calendar year.*
²⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. *January–August 1991.*
³⁾ Fiskveiðirárið september–ágúst. *Quota year September–August.*
⁴⁾ Sameiginlega fyrir gull- og djúpkarfa. *Both Sebastes marinus and demersal S. mentella.*

för stofnvísitala gullkarfa hægt vaxandi fram til ársins 2003 þegar hún mældist svipuð og árið 1985. Þessa aukningu má rekja til aukins vægis árgangansins frá 1985 og síðan árgangansins frá 1990 en þeir mældust báðir sterkir sem ungvíði í SMB. Síðan 2003 hefur vísitalan lækkað vegna minnkandi hlutdeildar þessara tveggja sterku árganga. Aldursgreindar vísitölur úr stofnmælingu botnfiska að haustlagi (SMH) gefa til kynna að árgangarnir frá 1996–1998 séu yfir meðaltali að stærð og munu þeir koma í auknum mæli inn í veiðina á næstu árum. Vísitölur úr SMH ná yfir styttra tímabil en sýna svipaða þróun og í SMB, þ.e. lækkun heildarvísitölu frá árinu 2003. Mæliskekkjan er þó meiri þar sem stöðvanetið í SMH er ekki jafn þétt og í SMB.

Vísitala veiðistofns (skilgreindur sem gullkarfi 35 cm og stærri) er enn tiltölulega lág miðað við árið 1985 eða um 55% af því sem hún var þá. Árgangarnir tveir frá 1985 og 1990 skýra aukinn afla á sóknareiningu hjá togarafлотanum árin 1999–2005 samanborið við árin þar á undan (mynd 2.4.1.), ásamt takmörkun á sókn á síðustu árum.

Á undanförunum árum hefur aldurs-lengdarlíkan (GADGET, áður BORMICON) verið notað til að meta þróun í stofnstærð gullkarfa og áhrif mismunandi veiðiálags á komandi árum. Niðurstöður líkansins benda til þess að stofnstærð gullkarfa muni

haldast stöðug eða aukast lítillega á næstu fimm árum við ársafla allt að 30 þús. tonnum (mynd 2.4.3.). Stofninn mun hins vegar minnka eftir að sterki árgangurinn frá 1990 hefur veiðst upp og mun afrakstur hans minnka í 20 þús. tonn þar sem nýliðun hefur verið frekar léleg síðan 1999.



Mynd 2.4.3. GULLKARFI. Stærð veiðistofns ásamt framreikningum til ársins 2015 miðað við mismunandi ársafla (0–50 000 tonn).

Fig. 2.4.3. GOLDEN REDFISH (*S. marinus*). Development of the fishable biomass using different catch options (0–50 000 t) after 2008.


2.4.1.4. Tillögur um hámarksafla gullkarfa fiskveiðiárið 2008/2009

Tafla 2.4.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark fyrir gullkarfa, ákvarðanir stjórnvalda um aflamark og heildarafla á Íslandsmiðum frá árinu 1984. Stjórnvöld gefa út sameiginlegt heildaraflamark fyrir gullkarfa og djúpkarfa sem veiðist í landgrunnskantinum (sjá kafla 2.4.2). Tafla 3.4.1. sýnir heildarafla tegundanna á Íslandsmiðum frá árinu 1950. Hafrannsóknastofnunin hefur síðan 1994 veitt aðskilda ráðgjöf fyrir þessar tegundir og telur að sameiginlegt aflamark leiði til aukinnar sóknar í þá tegund sem hagkvæmast er að sækja í hverju sinni og því fylgi aukin hættu á veiðum umfram afrakstursgetu. Síðan 1994 hefur nær undantekningalaust verið veitt umfram ráðgjöf af gullkarfa. Hafrannsóknastofnunin ítrekar því fyrri ráðgjöf sína um að heildaraflamarki tegundanna verði úthlutað aðskildu.

Samkvæmt niðurstöðum GADGET líkansins mun stofnstærð gullkarfa minnka við ársafla umfram 30 þús. tonn. Jafnframt hefur vísitala veiðistofns gullkarfa aukist hægt frá árinu 1995 og er nú áætluð um 55% af því sem hún var metinn árið 1985. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að gullkarfaafli á Íslandsmiðum fiskveiðiárið 2008/2009 verði að hámarki 30 þús. tonn.

2.4.2. Djúpkarfi

Djúpkarfinn á landgrunni og landgrunnshlíðum Grænlands/Íslands/Færeyja er talinn af sama stofni. Mikil óvissa ríkir um tengsl djúpkarfa og úthafskarfa í Grænlandshafi (sjá kafla 2.4.3.) en stjórn þeirra er aðskilin. Á Íslandsmiðum finnst einungis stór djúpkarfi og er talið að uppeldissvæði hans sé við strendur Grænlands. Ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins og Hafrannsóknastofnunarinnar hefur miðast við heildaraflamark fyrir allt svæðið en ekkert samkomulag er um skiptingu aflans. Íslensk stjórnvöld hafa um langt árabíl veitt öllu ráðlögðu aflamarki til íslenskra skipa. Auk þess hafa íslensk



DJÚPKARFI. Veiðisvæði við Ísland árið 2007. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn á sjm²).

DEEP-SEA REDFISH (S. MENTELLA). Fishing grounds in 2007. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

stjórnvöld úthlutað aflamarki til skipa innan Evrópusambandsins sem eru ekki í heildaraflamarkinu.

2.4.2.1. Afli og sókn

Áætlaður djúpkarfaafli sem veiðist á ofangreindu svæði jókst úr 17 þús. tonnum árið 1978 í um 84 þús. tonn árið 1994 (tafla 3.4.2., mynd 2.4.4.). Frá árinu 1995 hefur árlegur afli minnkað jafnt og þétt úr 56 þús. tonnum í rúm 17 þús. tonn árið 2007 sem var minnsti djúpkarfaafli síðan 1979.


Á Íslandsmiðum var áætlaður djúpkarfaafli rúm 16 þús. tonn árið 2007 sem er um 1 000 tonna minnkun frá árinu áður og minnsti ársafla síðan 1980 (tafla 3.4.2, mynd 2.4.4.). Árlegur afli náði hámarki árið 1994 og var þá um 57 þús. tonn, en var á bilinu 29–38 þús. tonn árin 1996–2000.

Afli og sókn á Íslandsmiðum hefur dregist verulega saman frá 1994. Afli á sóknareiningu í botnvörpu minnkaði hratt á árunum 1986–1994 en jókst lítillega til ársins 2000. Síðan þá hefur afli á sóknareiningu breyst lítið (mynd 2.4.4.).

2.4.2.2. Ástand djúpkarfastofnsins

Árlegur afli djúpkarfa á Íslandsmiðum hefur jafnt og þétt dregist saman og var árið 2007 sá minnsti frá lokum 8. áratugar síðustu aldar. Afli á sóknareiningu í botnvörpu minnkaði mjög mikið á fyrri hluta síðasta áratugar en hefur aukist lítillega frá árinu 1994 með minni afla og sókn (mynd 2.4.4.). Veiðar á mikilvægu veiðisvæði djúpkarfa, suðaustur af Íslandi (í Rósagarði og á Færeyjahrygg) hafa minnkað síðan 2000 og árið 2007 voru litlar veiðar stundaðar á þessu svæði. Lengdardreifing í afla sýnir að minna veiðist nú af djúpkarfa stærri en 40 cm en áður var.

Þyngdarvísitölur fyrir djúpkarfa úr stofnmælingu botnfiska að haustlagi (SMH) 2000–2007 hafa lækkað um 40% á tímabilinu (mynd 2.4.5.). Á þessu tímabili hefur magnvísitala djúpkarfa 45 cm og stærri lækkað um 60%. Djúpkarfa í SMH minni en 30 cm hefur einnig fækkað mikið á tímabilinu sem gefur til kynna að lítil nýliðun hafi verið í



Mynd 2.4.4. **DJÚPKARFI.** Afli á Íslandsmiðum, heildarafla í svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar 1970–2007 og vísitala afla á togtíma árin 1986–2007.

Fig. 2.4.4. **DEEP-SEA REDFISH (S. mentella).** Landings from Icelandic grounds 1970–2007, total landings from East-Greenland, Iceland and the Faroese waters and CPUE index during 1986–2007.

TAFLA 2.4.2.
DJÚPKARFI. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1994/1995–2007/08.
DEMERSAL SEBASTES MENTELLA. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1984–2007/08.

Ár Year	Tillaga djúpkarfi ³⁾ Rec. TAC <i>S. mentella</i>	Heildaraflamark ²⁾ National TAC	Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others)	Afli alls Total landings
1994/95 ³⁾	40	77	52	1	53
1995/96 ³⁾	35	65	41	1	42
1996/97 ³⁾	35	65	38	1	39
1997/98 ³⁾	30	65	33	1	33
1998/99 ³⁾	30	65	32	1	33
1999/00 ³⁾	25	60	25	2	27
2000/01 ³⁾	22	57	22	2	24
2001/02 ³⁾	30	65	20	1	21
2002/03 ³⁾	25	60	23	2	25
2003/04 ³⁾	22	57	20	1	21
2004/05 ³⁾	22	57	21	1	22
2005/06 ³⁾	22	57	17	1	18
2006/07 ³⁾	22	57	16	1	17
2007/08 ³⁾	22	57			


¹⁾ Fiskveiðiárið september–ágúst. Quota year September–August.
²⁾ Sameiginlega fyrir gull- og djúpkarfa. Both *Sebastes marinus* and demersal *S. mentella*.
³⁾ Tillögur um aflahámark fyrir Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar. TAC recommendation applied to East-Greenland/Iceland/Faeroes.

veiðistofninn.

Uppeldisslóðir djúpkarfa sem veiðist við Ísland eru taldar vera við Austur-Grænland. Á árunum 1995–1998 og 2003–2005 mældist mikið af smáum djúpkarfa, 20–30 cm að lengd, í stofnmælinga-leiðöngurum Þjóðverja við Austur-Grænland. Þetta gefur vísbendingar um sterka árganga. Þó ber að geta þess að langrunnið við Austur-Grænland er einnig talið vera uppvaxtarsvæði úthafskarfans og því óvíst hversu stór hluti smákarfa frá þessu svæði skilar sér í veiðstofn djúpkarfa á komandi árum.

2.4.2.3. Tillögur um hámarksafli djúpkarfa fiskveiðiárið 2008/2009

Tafla 2.4.2. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar og Alþjóðahafrannsóknaráðsins um aflahámark fyrir djúpkarfa á svæðinu Austur-Grænland/



Mynd 2.4.5. DJÚPKARFI. Heildarvísitala (þyngd) samkvæmt stofnmælingu botnfiska að haustlagi 2000–2007. Skyggða svæðið sýnir eitt staðalfrávik í mati á vísitölu veiðistofns.

Fig. 2.4.5. DEMERSAL REDFISH (*S. mentella*). Total abundance indices 2000–2007. Shaded area shows one standard deviation in the estimate of the fishable stock.

Ísland/Færeyjar, ákvarðanir stjórnvalda um aflamark fyrir Ísland og heildarafla á Íslandsmiðum frá árinu 1984. Ekkert samkomulag er milli Íslendinga, Grænlandinga og Færeyinga um nýtingu stofnsins.

Í ljósi þróunar í stofnmælingum og miðað við að núverandi nýtingarstefna hefur ekki leitt til stækkunar stofnsins leggja Alþjóðahafrannsóknaráðið og Hafrannsóknastofnunin til að sókn í djúpkarfa á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjum verði takmörkuð þannig að hámarksafli fiskveiðiárið 2008/2009 fari ekki yfir 10 þús. tonn. Áætlað er að á síðast liðnum 10 árum hafi djúpkarfaafli á Íslandsmiðum verið um 85% af heildaraflanum. Alþjóðahafrannsóknaráðið hvetur einnig strandríkin þrjú til að skilgreina stjórnunarmarkmið (management plan) og nýtingarstefnu (harvest control rule) fyrir djúpkarfa.

Hafrannsóknastofnunin ítrekar að íslensk stjórnvöld aðskilji aflamark gull- og djúpkarfa á Íslandsmiðum (sjá kafla 2.4.1.4.).

2.4.3. Úthafskarfi

Veiðar á úthafskarfa, sem hófust árið 1982, eru fjölþjóðlegar veiðar stundaðar í hinum alþjóðlega hluta Grænlandshafs og í fiskveiðilögsögum Grænlands og Íslands. Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndin (NEAFC) fer með stjórnun veiðanna en Alþjóðahafrannsóknaráðið veitir ráðgjöf. Íslendingar hófu veiðar úr stofninum árið 1989.


Veiðisvæði úthafskarfa eru tvö. Upphaflega voru úthafskarfaveiðarnar eingöngu stundaðar á 200–400 m dýpi en um 1994 þróðuðust veiðarnar í þá veru að æ stærri hluti aflans var veiddur á meira en 500–600 m dýpi vestan við Reykjaneshrygg við íslensku og grænlandsku lögsögurnar og innan þeirrar íslensku. Þetta er nú aðalveiðisvæði úthafskarfa og er jafnan

nefnt Norðursvæði. veiðarnar eru að mestu stundaðar á tímabilinu apríl-júlí og er þá aðallega veiddur karfi stærri en 40 cm. Stærsti hluti afla íslenska flotans síðan 1996 hefur verið frá þessu svæði og þá í íslensku lögsögunni.

Hitt veiðsvæði úthafskarfa, nefnt Suðursvæði, hefur um langt árabíl verið suðaustur og suður af Hvarfi, syðsta odda Grænlands, u.þ.b. 600–700 sjómílur suðvestur af Reykjanesi. Veiðarnar eru að mestu stundaðar frá júlí til október á minna en 400 m dýpi og er mest um 35-37 cm karfa í veiðinni. Veiðar á þessu svæði hafa minnkað mikið á undanföllum árum.


Mikil óvissa ríkir um stofngerð úthafskarfa, þ.e. hvort úthafskarfi á Norður- og Suðursvæði sé einn stofn eða hvort um tvo æxlunarlega aðgreinda stofna sé að ræða. Ef um tvo aðgreinda stofna er að ræða þá ætti ráðgjöf og stjórnun að taka mið af því. Alþjóðahafrannsóknaráðið gengur hins vegar út frá því að um einn stofn sé að ræða í ráðgjöf sinni og telur að ekki sé hægt að veita aðskilda ráðgjöf fyrir hugsanlega stofna fyrr en að skýr niðurstaða liggi fyrir um stofngerð úthafskarfans. Ráðið hefur sett á laggirnar nefnd sem mun fjalla um stofngerð úthafskarfa í janúar 2009. Nefndin mun fara yfir öll fyrirbyggjandi gögn og er vonast til að lokinni þeirri vinnu liggi fyrir niðurstaða um stofngerð úthafskarfa í Grænlandshafi og um leið hvernig beri að nýta tegundina.

Einnig er mikil óvissa um tengsl úthafskarfa og djúpkarfa sem veiðist á og við landgrunnið (sjá kafla 2.4.2.). Veiðisvæði úthafskarfa og djúpkarfa í íslensku lögsögunni hafa verið að færast nær hvort öðru á undanföllum árum. Til að afmarka veiðisvæði úthafskarfa er dregin lína meðfram landgrunnskanntinum vestur og suðvestur af landinu og miðað við u.þ.b. 1 000 m dýpi (sjá mynd af veiðisvæði úthafskarfa). Karfi veiddur utan (vestan) línunnar er skáður sem úthafskarfi en karfi veiddur innan (austan) línunnar er skráður sem djúpkarfi. Árin 2003 og 2007 skóruðust veiðisvæðin við þessa línu og er líklegt að hluti úthafskarfaafans þessi ár



Mynd 2.4.6. ÚTHAFSKARFI. Heildarafli og afli Íslendinga í Grænlandshafi árin 1982–2007.

Fig. 2.4.6. PELAGIC REDFISH (*S. mentella*). Total catch and Icelandic catch from the Irminger Sea 1982–2007.



ÚTHAFSKARFI. Veiðisvæði íslenskra skipa árið 2007. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²). Skilgreint veiðisvæði úthafskarfa er jafnframt afmarkað á myndinni.

PELAGIC REDFISH (*S. MENTELLA*). Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2007. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

hafi verið skráður sem djúpkarfi á heimamiðum.

2.4.3.1. Afli og sókn

Tafla 3.4.3. sýnir afla helstu veiðipjóða frá árinu 1982 og heildarafliinn er sýndur á mynd 2.4.7. Aflinn var á bilinu 110–180 þús. tonn 1993–2004, mestur árið 1996. Á árunum 2005–2007 dróst aflinn verulega saman miðað við árin á undan og var aflinn um 64 þús. tonn á síðasta ári. Er þetta minnsti afli síðan í upphafi 9. áratugar síðustu aldar. Í ofangreindum aflatölum er ekki meðtalinn óþekktur afli skipa er stunda veiðar án heimilda NEFAC. Vísbandingar eru um að árlegur afli þeirra hafi verið yfir 20 þús. tonn á undanföllum árum. Þó er ljóst að aðgerðir til að draga úr veiðum þessara skipa hafa skilað árangri á undanföllum 2–3 árum og því dregið úr óskráðum afla.

Afli Íslendinga jókst úr tæpum 4 000 tonnum árið 1989 í rúm 63 þús. tonn árið 1996. Árin 1997–2004 var afli Íslendinga 37–49 þús. tonn (tafla 3.4.3. og mynd 2.4.6.). Líkt og hjá öðrum veiðipjóðum hefur afli Íslendinga dregist verulega saman á undanföllum þremur árum og var hann rúm 17 þús. tonn árið 2007.

Samkvæmt aflaskýrslum helstu veiðipjóða dróst afli á sóknareiningu á Norðursvæði (togdýpi meira en 500 m) saman frá árunum 1994–1997, en var á árunum 1997–2003 nokkuð breytilegur. Afli á sóknareiningu minnkaði verulega frá árinu 2003 til ársins 2005 þegar hann var sá minnsti í 10 ár. Síðan þá hefur afli á sóknareiningu aukist, aðallega vegna aukningar hjá íslenska flotanum.

Afli á sóknareiningu á Suðursvæði (togdýpi minna dýpi en 500 m) minnkaði verulega frá 1995–1999, en jókst á árunum 2000–2001. Síðan þá hefur afli á sóknareiningu dregist saman og er nú svipaður því sem hann var árið 1999.

TAFLA 2.4.3. ÚTHAFSKARFI. Tillögur Alþjóðahafrannsóknaráðsins um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1989–2008. <i>PELAGIC SEBASTES MENTELLA. TAC recommended by ICES,</i> <i>national TAC and landings (thous. tonnes) 1989-2008.</i>					
Ár Year	Tillaga ¹ Rec. TAC	Heildaraflamark fyrir Ísland National TAC	Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others)	Afli alls Total landings
1989	90-100		3.8	35.0	38.8
1990	90-100		4.5	27.4	31.9
1991	66.0		8.8	18.8	27.6
1992	-		15.5	50.5	66.0
1993	50.0		22.9	92.9	115.8
1994	100.0		53.3	95.4	148.7
1995	100.0		34.6	141.2	175.8
1996	-	45.0	62.9	117.4	180.3
1997	-	45.0	41.3	81.5	122.8
1998	-	45.0	48.5	68.4	117.0
1999	-	45.0	43.9	65.7	109.7
2000	85.0	45.0 (13.0 ²)	45.2	81.1	126.3
2001	<85.0	45.0 (13.0 ²)	42.5	86.3	128.8
2002	<85.0	45.0 (10.0 ²)	44.5	101.9	146.3
2003	119.0	55.0 (10.0 ²)	48.9	112.1	161.0
2004	120.0	55.0 (10.0 ²)	36.8	89.1	125.9
2005	41.0	34.5 (6.3 ²)	16.0	57.7	82.9
2006	41.0	28.6 (5.2 ²)	22.1	60.8	82.9
2007	0.0	21.1 (3.8 ²)	17.5	46.5	64.0
2008	20.0	21.1 (7.4 ²)			

¹⁾ Tillaga Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Recommendation from ICES.
²⁾ Úthlutað aflamark fyrir Suðursvæði. Recommended TAC for Southern fishing area.

Veiðar á úthafskarfa í sunnanverðu Grænlandshafi hafa vanalega staðið fram í september-október ár hvert en lauk í ágúst árin 2006 og 2007 m.a. vegna þess að úthafskarfaflotinn flutti sig til og stundaði veiðar á karfa með flotvörpu á alþjóðlegu hafsvæði í Noregshafi (Sildarsmugan). Litlar veiðar voru því stundaðar á Suðursvæðinu árið 2007.

2.4.3.2. Ástand stofnsins

Stofnstærð karfa í Grænlandshafi var mæld í júní/júlí 2007 í sameiginlegum rannsóknaleiðangri Íslendinga, Þjóðverja og Rússa. Niðurstöður bergmálmælinga gáfu til kynna að stofnstærð úthafskarfa hefði minnkað úr 2,2 milljónum tonna árið 1994 í 370 þús. tonn árið 2007. Karfastofninn ofan 500 m dýpis mældist stærstur suður og suðvestur af Hvarfi líkt og sumrin 1999, 2001 og 2005, sem er mun sunnar og vestar en árin þar á undan. Allt frá því í mælingum árið 1999 hefur jafnframt verið beitt svokallaðri trollaðferð til þess að meta stofnstærð karfa neðan þess dýpis sem bergmálmælingin nær til. Árið 2007 mældust þannig rúm 850 þús. tonn af karfa, sem var ívið meira en mældist árin 2003 og 2005 en 20% minna en mældist árið 2001. Mælingarnar eru þó ekki vel sambærilegar vegna breytinga sem urðu á framkvæmd leiðangursins árið 2005. Mest var um karfa neðan 500 m dýpis innan

íslenskrar lögsögu og á landhelgismörkunum suðvestur af Reykjanesi.

2.4.3.3 Tillögur um hámarksafla árið 2009

Tafla 2.4.3. sýnir tillögur Alþjóðahafrannsóknaráðsins um aflahámark fyrir úthafskarfa frá árinu 1989, ákvarðanir íslenskra stjórnvalda um aflamark fyrir Ísland frá árinu 1996, afla Íslendinga og heildarafla frá árinu 1989. Íslensk stjórnvöld hafa úthlutað aflamarki Íslendinga eftir Norður- og Suðursvæði frá árinu 2000.

Innan NEFAC, sem fer með stjórn veiðanna, er ekki samkomulag um hvernig beri að stjórna veiðum úthafskarfa, um heildaraflamark og um hlutdeild einstakra þjóða í heildaraflanum. Hafa því þær þjóðir sem aðilar eru að NEAFC sett sér einhliða aflamark. Alþjóðahafrannsóknaráðið ráðlagði að leyfilegur afli fyrir árið 2008 yrði 20 þús. tonn en NEAFC samþykkti að afli ársins færi ekki yfir 46 þús. Með tilliti til einhliða ákvarðana um aflamark einstakra þjóða má áætla að heildaraflamark ársins 2008 sé um 73 þús. tonn.

Um árábil hefur afli verið langt umfram ráðlagt aflamark og því miklar líkur á að sókn í stofninn hafi verið langt umfram afrakstursgetu hans. Alþjóðahafrannsóknaráðið telur, vegna neikvæðrar þróunar á stofnstæð úthafskarfa á undanförunum árum, að

takmarka beri verulega sókn í stofninn þar til skýrar vísbendingar komi fram um aukningu í stofninum eða þar til nákvæmari upplýsingar liggja fyrir um veiðipól. Karfi er mjög hægvaxta og langlífur fiskur, óvissa er um stofngerð sem og þróun stofnstærðar og ekkert samkomulag er um skiptingu ákvarðaðs heildaraflamarks. Í ljósi þessa er ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins sú sama fyrir árið 2009 og hún var fyrir árið 2008 eða 20 þús. tonn.


2.5. GRÁLÚÐA *Reinhardtius hippoglossoides*



Grálúða við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar er talin vera af sama stofni og hefur ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins og Hafrannsóknastofnunarinnar um heildarafla tekið mið af því. Ekkert samkomulag er milli þjóðanna þriggja um nýtingu stofnsins og skiptingu aflans. Þannig var ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) fyrir árið 2008 15 þús. tonn en íslensk og grænlandsk stjórnvöld úthlutuðu hvor um sig því magni til veiða innan eigin lögsögu en veiðar við Færeyjar eru undir sóknarmarki.

2.5.1. Afli og sókn


Heildarafli grálúðu á svæðinu við Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar var tæp 22 þús. tonn árið 2007 (mynd 2.5.1. og tafla 3.5.1). Afli á Íslandsmiðum var um 10 þús. tonn árið 2007 og hefur ekki verið minni síðan árið 1976. Afli utan íslensku lögsögunnar var rúm 11 þús. tonn árið 2007, rúm 10 þús. tonn við A-Grænland og um 1 000 tonn við Færeyjar. Hlutdeild afla á Íslandsmiðum var um og yfir 90% á árunum 1982–1992 en minnkaði ört eftir það og árið 2007 var hann, í fyrsta skipti, undir helmingi heildaraflans.



Mynd 2.5.1. GRÁLÚÐA. Afli á Íslandsmiðum og heildarafli (þús. tonna) við Ísland, Austur-Grænland og Færeyjar 1976–2007.


Fig. 2.5.1. GREENLAND HALIBUT. Landings from Icelandic grounds and total landings (thous. tonnes) from East-Greenland, Icelandic and Faroese waters in 1976–2007.

Afli íslenska togaraflorens á sóknareiningu var nokkuð jafn árin 1985–1989 en minnkaði síðan ár frá ári og var í lágmarki árin 1995–1997 (mynd 2.5.2.). Afli á sóknareiningu á þessum þremur árum var einungis tæp 30% af meðaltali árunna 1985–1989. Afli á sóknareiningu tvöfaldaðist á árunum 1998–2001, en hefur síðan minnkað um helming og hefur verið í sögulegu lágmarki síðustu fjögur ár, einungis fjórðungur þess sem hann var árið 1985. Samkvæmt upplýsingum úr afladagbókum skipa er veiða við Austur-Grænland hefur afli á sóknareiningu verið hærri á síðustu þremur árum samanborið við árin þar á undan.



GRÁLÚÐA. Veiðisvæði við Ísland árið 2007. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

GREENLAND HALIBUT. Fishing grounds in 2007. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).



Mynd 2.5.2. GRÁLÚÐA. Afli á sóknareiningu hjá íslenska togaraflorenum 1985–2007 og stofnvísitala úr stofnmælingu botnfiska að hausti 1996–2007.

Fig. 2.5.2. GREENLAND HALIBUT. CPUE of the Icelandic fishing fleet 1985–2007 and survey indices from the Icelandic autumn survey 1996–2007.

2.5.2. Ástand stofnsins

Þar sem aldursákvæðanir grálúðu eru ónákvæmar er ekki talið mögulegt að beita aldurs-aflalíkönun til að meta ástand stofnsins. Stofnmæling að hausti sýnir að stofninn stækkaði nokkuð á tímabilinu 1996–2001 en hefur minnkað umtalsvert á síðustu árum (mynd 2.5.2.). Vísitala stofnstærðar síðustu fimm árin er innan við helmingur þess sem hún mældist á árunum 1996–2002. Þróun í aflabrögðum botnvörpuflorens er í nokkuð góðu samræmi við stofnmælingar. Sama er að segja um stofnmælingar við Austur-Grænland sem ná aftur til ársins 1998. Þessar mælingar, ásamt langtímaupplýsingum sem fást úr aflabrögðum íslenska florens benda til að stofninn sé í sögulegu lágmarki. Stofnmat byggt á heildarafla og vísitölum (afraksturslíkan) bendir til þess að ólíklegt sé að stofninn stækki nema til komi

TAFLA 2.5.1. GRÁLÚÐA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum íslenskra stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1984–2007/08. GREENLAND HALIBUT. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC in Icelandic waters and landings (thous. tonnes) 1984–2007/08.					
Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark fyrir Ísland ³⁾ National TAC in Icelandic waters ³⁾	Afli á Íslandsmiðum ³⁾ Landings from Icelandic waters ³⁾	Afli á öðrum miðum ¹⁾ Landings in other areas ¹⁾	Afli alls Total landings
1984 ¹⁾	25	30	30.2	3.9	34.1
1985 ¹⁾	25	30	29.2	2.9	32.2
1986 ¹⁾	25	30	31.3	2.0	33.1
1987 ¹⁾	25	30	44.9	1.9	46.8
1988 ¹⁾	30	30	49.6	1.7	51.3
1989 ¹⁾	30	30	59.4	2.1	61.1
1990 ¹⁾	30	30	37.4	2.0	39.4
1991 ²⁾	27	33	31.2	2.5	33.7
1991/92 ³⁾	25	25	30.3	3.5	33.8
1992/93 ³⁾	30	30	34.5	6.7	41.3
1993/94 ³⁾	25	30	29.5	8.4	37.6
1994/95 ³⁾	30 ⁴⁾	30	26.4	8.9	35.3
1995/96 ³⁾	20 ⁴⁾	20	22.3	13.8	36.1
1996/97 ³⁾	15 ⁴⁾	15	17.7	13.3	31.0
1997/98 ³⁾	10 ⁴⁾	10	11.0	9.8	20.8
1998/99 ³⁾	10 ⁴⁾	10	11.2	9.3	20.5
1999/00 ³⁾	10 ⁴⁾	10	11.5	12.0	23.5
2000/01 ³⁾	20 ⁴⁾	20	20.0	11.3	31.3
2001/02 ³⁾	20 ⁴⁾	20	19.2	9.9	29.1
2002/03 ³⁾	23 ⁴⁾	23	20.3	10.2	30.5
2003/04 ³⁾	20 ⁴⁾	23	15.8	11.3	27.1
2004/05 ³⁾	15 ⁴⁾	15	13.0	11.0	24.0
2005/06 ³⁾	15 ⁴⁾	15	12.7	9.5	22.2
2006/07 ³⁾	15 ⁴⁾	15	9.6	11.3	20.9
2007/08 ³⁾	15 ⁴⁾				

¹⁾ Almanaksárið. *Calendar year.*
²⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. *January–August 1991.*
³⁾ Fiskveiðiaárið september–ágúst. *Quota year September–August.*
⁴⁾ Tillögur um aflahámark fyrir Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar. *TAC recommendation applied to East-Greenland/Iceland /Faeroes.*

umtalsverð minnkun á afla frá því sem nú er.

2.5.3. Horfur og tillögur um hámarksafla 2008/2009

Tafla 2.5.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvarðanir íslenskra stjórnvalda um heildaraflamark og grálúðafla frá árinu 1984.

Ekkert samkomulag er um stjórn veiða úr stofninum. Alþjóðahafrannsóknaráðið og Hafrannsóknastofnunin leggja til að ríkin þrjú sem nýta stofninn leggi fram sameiginlega stjórnunaráætlun (management plan) um nýtingu hans sem meðal annars tekur til heildarútbreiðslu stofnsins.


Vísitölur úr afla og stofnmælingu benda til þess að stofninn sé nú í sögulegu lágmarki. Í ljósi þess að ólíklegt er talið að stofninn stækki frá því sem nú er nema til komi umtalsverð minnkun afla, er lagt til að heildarafli grálúðu á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar árið 2009 fari ekki yfir 5 þús. tonn.

2.6. LÚÐA *Hippoglossus hippoglossus*



2.6.1. Afli

Árið 2007 var landaður lúðuaflí á Íslandsmiðum 520 tonn. Afli Íslendinga var um 420 tonn eða um 80% heildaraflans. Frá árinu 1996 hefur lúðuaflí á Íslandsmiðum verið innan við 1 000 tonn. Upplýsingar um lúðuafla liggja fyrir allt frá árinu 1905, og sýna að frá þeim tíma hefur lúðuaflí aldrei verið




Mynd 2.6.1. LÚÐA. Heildaraflí (þús. tonn) árin 1965–2007.

Fig. 2.6.1. HALIBUT. Total landings during the period 1965–2007 (thous. tonnes).

minni. Heildaraflí lúðu 1965–2007 er sýndur á mynd 2.6.1. og frá 1950 í töflu 3.6.1.


Landaður afli úr botnvörpu minnkaði úr rúmum 1 000 tonnum árin 1985 og 1986 í um 200 tonn árið 1998 og hefur síðan verið á bilinu 160–220 tonn. Afli á línu var um 1 100 tonn árið 1991, en minnkaði hratt og var kominn niður í um 200 tonn árið 1997 og hefur síðan verið á bilinu 190–265 tonn. Árin 2004–2007 fengust 70–84% af heildarafla Íslendinga í þessi tvö veiðarfæri.

Lúðuaflí í dragnót hefur ekki verið hátt hlutfall af




Mynd 2.6.2. LÚÐA. Afli dragnótabáta á sóknareiningu (kg í kasti) 1979–2007.

Fig. 2.6.2. HALIBUT. CPUE (kg per set) from seiners during the period 1979–2007.



LÚÐA. Veiðisvæði við Ísland árið 2007. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

HALIBUT. Fishing grounds in 2007. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).



Mynd 2.6.3. LÚÐA. Vísitala veiðistofns (stofnþyngd) í stofnmælingu í mars 1985–2008. Skyggða svæðið sýnir eitt staðalfrávik í mati á vísitölunni.

Fig. 2.6.3. HALIBUT. Biomass index in the Icelandic groundfish survey in spring 1985–2008. Shaded area show one standard deviation in the estimate.

heildarlúðuafla á undanförunum árum, en fór þó í 20% sum ár. Í dragnót fengust 39 tonn árið 2007.

2.6.2. Ástand stofnsins

Afli á sóknareiningu í dragnót var tiltölulega mikill frá árinu 1979 til ársins 1985, mestur 38 kg í kasti árið 1984. Eftir það minnkaði afli á sóknareiningu mjög hratt og frá 1988 hefur hann verið undir tveimur kg í kasti (mynd 2.6.2). Þetta sýnir að lúðugengd á grunnslóð hefur verið lítil í tvo áratugi.

Vísitala lúðu í stofnmælingu botnfiska árin 1985–2008 sýnir svipaða þróun og afli á sóknareiningu í dragnót. Vísitala lúðu lækkaði hratt á fyrri hluta þessa tímabils og hefur verið í lágmarki frá árinu 1992 (mynd 2.6.3). Þessar niðurstöður staðfesta að ástand lúðustofnsins fór ört versnandi á tímabilinu 1985–1990 og þrátt fyrir lítillsháttar hækkun vísitölunnar árin 2002–2007 er stofninn enn í mikilli lægð.

2.6.3. Tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2008/2009

Lúða sem veiðst hefur í stofnmælingu botnfiska er að langstærstum hluta þriggja til fimm ára ókynþroska fiskur. Þessi aldurshópur hefur verið í mikilli lægð í tæpa tvo áratugi og bendir það ótvírætt til þess að viðkomubrestur hafi orðið í stofninum. Þetta ástand er orðið svo langvinnt að fyrirsjáanlegt er að stofninn muni áfram verða í lágmarki á næstu árum.

Í ljósi þess sem að framan greinir er afar brýnt að grípa nú þegar til aðgerða til verndar lúðustofninum.


Hafrannsóknastofnunin leggur til að bein sókn í lúðu verði bönnuð sem fyrsta skref í verndun stofnsins.

2.7. SKARKOLI *Pleuronectes platessa*



2.7.1. Afli

Landaður skarkolaafli árið 2007 var um 5 800 tonn sem er um 600 tonnum minna en árið 2006 (mynd 2.7.1., tafla 3.7.1.). Skarkolaafli á Íslandsmiðum frá 1950 er sýndur í töflu 3.7.1. Afli var mestur 14 500 tonn árið 1985, á bilinu 10–14 þús. tonn á árunum 1986–1997, og á bilinu 4 900–7 100 tonn síðan þá.




Mynd 2.7.1. **SKARKOLI**. Heildarafli (þús. tonna) árin 1965–2007.
Fig. 2.7.1. **PLAICE**. Total landings during the period 1965–2007 (thous. tonnes).


Uppistaða skarkolaafli á síðustu árum hefur fengist í dragnót. Á árunum 1991–1992 veiddist tæpur helmingur aflans í botnvörpu en það hlutfall fór niður fyrir 20% árið 1995. Frá árinu 1996 hefur hlutfall afla í botnvörpu aukist og verið á bilinu 24–38%. Veidar með öðrum veiðarfærum, einkum netum, voru um 5% á síðasta ári.

2.7.2. Afli á sóknareiningu og stofnvísitala


Skipting aflans árið 2007 eftir aldri (mynd 2.7.2.) sýnir að mest veiddist af fimm til sjö ára skarkola og voru þessir aldursflokkar 57% af fjölda landaðra fiska.



Mynd 2.7.2. **SKARKOLI**. Hlutfallsleg aldursdreifing (% af fjölda) í lönduðum afla 2007.
Fig. 2.7.2. **PLAICE**. Percentage age distribution (% by numbers) of the 2007 landings.



SKARKOLI. Veiðisvæði við Ísland árið 2007. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).
PLAICE. Fishing grounds in 2007. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).




Mynd 2.7.3. **SKARKOLI**. Afli á sóknareiningu (kg í kasti) hjá dragnotabátum og í botnvörpu (kg/klst) 1991–2007.
Fig. 2.7.3. **PLAICE**. CPUE from seiners (kg/set) and from bottom trawl vessels (kg/hour) in 1991–2007.

Afli á sóknareiningu í dragnót á aðalveiðisvæðinu frá Horni suður um að Stokksnesi er reiknaður sem meðalafli úr köstum þar sem skarkolaafli var meiri en 10% aflans í hverju kasti. Samkvæmt afladagbókum dragnotabáta minnkaði skarkolaafli á sóknareiningu á ofangreindu svæði á árunum 1991–2000, úr um 400 kg í kasti í um 210 kg, en hefur síðan hækkað nokkuð á síðustu árum og var um 300 kg á síðasta ári.

Afli á sóknareiningu í botnvörpu (kg/klst.), þar sem skarkolaafli var meira en 25% aflans, minnkaði um þriðjung frá árinu 1991 til ársins 2000, úr 200 í 140 kg/klst. (mynd 2.7.3.). Síðan jókst aflinn í um 200 kg/klst. árin 2005 og 2006 en lækkaði í 170 kg/klst. árið 2007.

Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska (SMB) í mars árin 1985–2008 benda til þess að veiðistofn skarkola hafi minnkað verulega. Vísitala veiðistofns á árunum 1997–2001 mældist að meðaltali aðeins um

17% þess sem hún mældist við upphaf SMB árið 1985 og innan við helmingur þess sem hún mældist árið 1991 (mynd 2.7.4.). Vísitölur hafa þó heldur hækkað frá árinu 2001.



Mynd 2.7.4. SKARKOLI. Vísitölur veiðistofns (stofnþyngd) og ungfisks (fjöldi fiska) í stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985–2008.

Fig. 2.7.4. PLAICE. Abundance indices for fishable stock (biomass) and juveniles (number of fish) in groundfish survey in March 1985–2008.

Útreikningar á stofnþróun, byggðir á aldurs-aflagreiningu, benda til þess að stofninn hafi minnkað um helming á síðasta áratug síðustu aldar og að veiðidánartalan hafi verið há fyrri hluta þess tímabils en hafi lækkað um helming síðan þá. Nýliðun (fjöldi þriggja ára fiska) virðist vera lélegri á síðari hluta síðasta áratugar en hún var árin þar á undan.

2.7.3. Horfur og tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2008/2009

Tafla 2.7.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark og ákvörðun stjórnvalda um heildaraflamark síðan árið 1991.

Mikil óvissa er í mati á stöðu stofnsins þar sem ekki eru til aldurskiptar stofnstærðarvísitölur til að samstillja aldurs-aflagreiningu. Áreiðanlegar upp-

Tafla 2.7.1. SKARKOLI. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og affli (tonn) fiskveiðiárin 1991/92–2007/08.


PLAICE. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) in the quota years 1991/92–2007/08.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
1991/92	10 000	11 000	10 200
1992/93	10 000	13 000	12 400
1993/94	10 000	13 000	12 300
1994/95	10 000	13 000	11 100
1995/96	10 000	13 000	11 000
1996/97	10 000	12 000	10 300
1997/98	9 000	9 000	8 100
1998/99	7 000	7 000	7 500
1999/00	4 000	4 000	4 900
2000/01	4 000	4 000	4 900
2001/02	4 000	5 000	4 400
2002/03	4 000	5 000	5 400
2003/04	4 000	4 500	5 800
2004/05	4 000	5 000	6 200
2005/06	4 000	5 000	5 700
2006/07	5 000	6 000	6 100
2007/08	5 000	6 500	

lýsingar um nýliðun árganga í veiðistofninn eru heldur ekki fyrir hendi en vísendingar úr SMB benda til að búast megi við slakri nýliðun á komandi árum. Enn sem komið er hefur stofninn sýnt lítill viðbrögð við þeim aflsamdrætti sem varð í kringum 1999 sem bendir til þess að hægt sé að auka langtíma afrakstur stofns með því að draga úr afla. Þó virðist sem ástand hans hafi ekki versnað og líklegt er að veiðidauði hafi minnkað nokkuð.


Með hliðsjón af ofangreindu leggur Hafrannsóknastofnunin til að leyfilegur hámarksafli fiskveiðiárið 2008/2009 verði takmarkaður við 5 000 tonn. Einnig er lagt til að áfram verði stuðlað að verndun hrygnandi skarkola með lokun veiðisvæða á hrygningartíma, líkt og gert hefur verið á síðastliðnum fimm vertíðum.

2.8. SANDKOLI *Limanda limanda*




2.8.1. Afli og sókn

Fram til ársins 1984 veiddist sandkoli aðallega sem aukaafli við veiðar á öðrum tegundum og var þá oftast kastað. Frá árinu 1984 jókst landaður afli nokkuð stöðugt og náði hámarki árin 1996 og 1997, tæpum 8 000 tonnum (mynd 2.8.1. og tafla 3.8.1.). Á árinu 2007 var aflinn um 800 tonn og 1 000 tonn á fiskveiðiárinu 2006/07, þar af 800 tonn á skilgreindu aflamarkssvæði sem nær frá Faxaflóa suður um að Stokksnesi.



Mynd 2.8.1. SANDKOLI. Heildarafli (þús. tonna) árin 1984–2007.

Fig. 2.8.1. DAB. Total landings during the period 1984–2007 (thous. tonnes).




Mynd 2.8.2. SANDKOLI. Afli á sóknareiningu (kg í kasti) hjá dragnotabátum úr öllum köstum þar sem sandkoliafli er skráður og á dýpi minna en 100 m.

Fig. 2.8.2. DAB. CPUE (kg per set) from seiners from settings where dab is recorded in the catch and depth is less than 100 m.

Sandkolaveiðar hafa fyrst og fremst verið stundaðar í Faxaflóa, við Reykjanes og með suðurströndinni austur að Stokksnesi. Yfir 95% aflans veiðast í dragnót og eru mikilvægustu veiðisvæðin í Faxaflóa og á Suðvesturmiðum.

Meðalafli sandkola í kasti í dragnót á svæðinu frá Faxaflóa að Stokksnesi minnkaði um helming á árunum 1997 til 2000, (mynd 2.8.2.) en jókst aftur



SANDKOLI. Veiðisvæði við Ísland árið 2007. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

DAB. Fishing grounds in 2007. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

verulega árin 2001–2002. Síðan 2002 hefur afli í kasti minnkað verulega og er nú í sögulegu lágmarki.

2.8.2. Ástand stofnsins

Gögn til að aldurskipta sandkoliafla eru eingöngu til fyrir tímabilið 1993 til 2007. Mat samkvæmt aldurs-aflagreiningu sýnir að árgangar endast stutt í veiði og að heildardánartala hafur verið mjög há á undanförunum árum. Mikill afli á árunum 1996 og 1997 byggðist að verulegum hluta á stórum árgöngum frá 1988–1991. Árgangar frá 1993–1996 voru litlir og eru nú horfnir úr veiðistofninum. Árgangar sem á eftir komu hafa að öllu jöfnu verið minni en árgangar 1988–1995. Á árunum 2002 og 2003 stóð árgangur 1997 hins vegar undir nær

TAFLA 2.8.1.

SANDKOLI. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildarafلامark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) á aflamarkssvæðinu fiskveiðiárin 1995/96–2007/08.

DAB. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) from the quota area in the quota years 1995/96–2007/08.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildarafلامark National TAC	Afli Landings
1995/96	7 000	-	6 800
1996/97	7 000	-	8 200
1997/98	7 000	7 000	6 000
1998/99	7 000	7 000	4 300
1999/00	7 000	7 000	2 700
2000/01	4 000	5 500	2 300
2001/02	4 000 ¹⁾	4 000	3 800
2002/03	7 000 ²⁾	7 000	4 300
2003/04	7 000	7 000	3 600
2004/05	5 000	5 000	2 600
2005/06	2 500	4 000	1 200
2006/07	1 000	2 000	800
2007/08	500	1 500	

¹⁾ Upphafstillaga (3 000 tonn), endurskoðuð í janúar 2002. Initially 3 000 t, revaluated in January 2002.

²⁾ Upphafstillaga (4 000 tonn), endurskoðuð í janúar 2003. Initially 4 000 t, revaluated in January 2003.

helmingi af um 4 000 tonna ársafla en hann er nú horfinn úr veiðistofninum. Veiðin árið 2007 byggðist að mestu á fimm til sjö ára fiski eða árgöngunum frá 2000–2002. Afli úr þessum árgöngum bendir til þess að þeir séu mjög litlir.

2.8.3. Horfur og tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2008/2009

Tafla 2.8.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórnvalda um heildaraflamark og sandkoolafla síðan fiskveiðiárið 1995/96. Frá fiskveiðiarinu 1997/98 hefur sandkoolafla verið lægri en tillögur og mun lægri en úthlutað aflamark. Mikilvægt er að úthlutaðar aflaheimildir í sandkola flytjist ekki í of miklu mæli á aðrar tegundir og leiði þar með til of mikils afla, umfram tillögur og aflamark viðkomandi tegundar. Líklegt er að sand-

koolaflinn á yfirstandandi fiskveiðiári verði svipaður eða minni en á því síðasta. Mat á veiðistofni í upphafi árs 2008 er háð mikilli óvissu þar sem upplýsingar um stærð yngstu árganganna frá árunum 2003 og 2004 sem eru að koma inn í veiðina eru takmarkaðar. Fyrstu vísbendingar úr afla benda hins vegar til þess að þeir séu ekki stórir. Veiðidánartala virðist einnig nokkuð há.

Í ljósi þess sem að ofan greinir leggur Hafrannsóknastofnunin til að aflamark fyrir sandkola fiskveiðiárið 2008/09 verði ekki hærra en sem nemur þeim sandkoolafla sem ætla má að fáist sem meðafli við aðrar veiðar. Miðað við ástand stofnsins gæti sá afli numið um 500 tonnum á næsta fiskveiðiári. Jafnframt mun stofnunin á næstu vikum koma með frekari tillögur til verndunar sandkolastofninum.


2.9. SKRÁPFLÚRA *Hippoglossoides platessoides*



2.9.1. Afli og sókn


Fram til ársins 1987 veiddist skrápflúra aðallega sem aukaafli við veiðar á öðrum tegundum og var þá oftast kastað. Fyrstu árin eftir að byrjað var að landa skrápflúru var aflinn innan við 2 000 tonn. Á árunum 1995–1997 var landaður afli yfir 5 000 tonn, mestur 1996 eða 6 400 tonn. Árin 1998–2002 var aflinn milli 3 000 og 4 000 tonn, en hefur síðan farið minnkandi og var einungis um 360 tonn árið 2007 (mynd 2.9.1., tafla 3.9.1.). Um 70–90% skrápflúru-aflans eru veidd á aflamarkssvæðinu frá Snæfellsnesi suður að Stokksnesi.

Afli í kasti í dragnót á aðalveiðisvæðinu, í öllum köstum þar sem skrápflúra var skráð, er sýndur á mynd 2.9.2. Afli í kasti minnkaði á árunum 1991 til 1997, úr 990 kg í 380 kg. Síðan jókst afli í kasti og var rúm 600 kg árin 2002–2003, en minnkaði aftur og var einungis 180 kg árið 2007.




SKRÁPFLÚRA. Veiðisvæði við Ísland árið 2007. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

LONG ROUGH DAB. Fishing grounds in 2007. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).



Mynd 2.9.1. **SKRÁPFLÚRA.** Heildarafli (þús. tonna) árin 1987–2007.

Fig. 2.9.1. **LONG ROUGH DAB.** Total landings during the period 1987–2007 (thous. tonnes).



Mynd 2.9.2. **SKRÁPFLÚRA.** Afli á sóknareiningu (kg í kasti) hjá dragnótábátum árin 1991–2007 og vísitala veiðistofns á suðursvæði í stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985–2008.

Fig. 2.9.2. **LONG ROUGH DAB.** CPUE (kg per set) from seines during the period 1991–2007 and indices of the fishable stock abundance on the southern grounds in the groundfish survey since 1985.

2.9.2. Ástand stofnsins

Vísitala veiðistofns skrápflúru úr stofnmælingu botnfiska í mars bendir til þess að veiðistofninn hafi stækkað árin 1989–1999, síðan hefur vísitalan lækkad umtalsvert, en var þó há árin 2002–2003 (mynd 2.9.2). Árin 2005–2008 var vísitalan mjög lág. Misræmis gætir í þróun stofnsins samkvæmt afladagbókum og vísitölum úr stofnmælingum botnfiska. Líklegustu skýringar eru þær að veiðarnar beinast einkum að takmörkuðum hluta hans, þ.e. elsta hluta hrygningarstofnsins á afmörkuðum svæðum. Þó sýna bæði vísitölur og afladagbækur lækkun frá 2002.

Sókn í skrápflúru og afli jukust mjög hratt á fyrri hluta síðasta áratugar og afli í kasti minnkaði um helming á sama tíma. Árin 2002–2003 var afli í kasti hlutfallslega hár, en á síðustu þremur árum var hann í og við sögulegt lágmarki.

Vísitölur ungfisks fóru hækkandi frá árinu 1989 og náðu hámarki árið 1994, sem bendir til góðrar nýliðunar á þessum tíma. Síðan hefur vísitalan smám saman farið lækkandi og verið lág s.l. 4 ár. Vísitölur veiðistofns hækkuðu allt til ársins 1999. Síðan hefur vísitala veiðistofns farið lækkandi, einkum eftir árið 2003. Þessar breytingar á vísitölum benda til verulegra sveiflna í stofnstærð skrápflúru, að veiðistofninn sé nú í sögulegu lágmarki og nýliðun lág. Mikill afli á árunum 1995–2002 virðist hafa fylgt uppsveiflu í stofnstærð.

Upplýsingar úr aldursgreindum afla benda til þess að sókn sé að aukast í yngri hluta hrygningarstofnsins. Þó svo að skrápflúran sé allt í kringum landið, eru aðalveiðisvæðin mjög takmörkuð og bundin við þekkt hrygningarsvæði. Uppistaðan í veiðinni er eldri fiskur og vegna stærðarmunar kynjanna eru nær eingöngu veiddar hrygnur.

2.9.3. Tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2008/2009

Tafla 2.9.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórnvalda, heildaraflamark og skrápflúruafla á aflamarkssvæðinu frá Snæfellsnesi suður um að Stokksnesi frá fiskveiðiárunum 1995/1996. Allt frá fiskveiðiárinu 1997/1998 til og með 2004/2005 var úthlutað 5 000 tonna aflamarki fyrir skrápflúru, en á sama tíma fór landaður afli stöðugt minnkandi. Fiskveiðiárið 2002/2003 veiddist einungis tæplega helmingur úthlutaðs aflamarks og innan við 20% þess 2004/2005. Við þrjár síðustu úthlutanir var aflamark minnkað verulega, en þó ekki í samræmi við þann afla sem veiddur var fiskveiðiárin á undan.

Afli á sóknareiningu og stofnvisitölur benda til þess að stofninn hafi minnkað hratt á undanförunum árum, á sama tíma og afli var langt undir úthlutaðu aflamarki. Ólíklegt verður að teljast að sú minnkun sem orðið hefur sé eingöngu afleiðing veiðanna. Hinsvegar er ljóst að ástands stofnsins hefur farið versnandi á undanförunum árum og engar vísendingar eru um batnandi ástand stofnsins. Í ljósi þeirrar þróunar leggur Hafrannsóknastofnunin til að aflamark fyrir skrápflúru á veiðislóðinni frá Snæfellsnesi suður um og austur að Stokksnesi fiskveiðiárið 2008/2009 verði ekki hærra en sem nemur þeim skrápflúruafla sem ætla má að fáiast sem meðafli við aðrar veiðar. Miðað við ástand stofnsins gæti sá afli numið um 250 tonnum á næsta fiskveiðiári.

TAFLA 2.9.1.
SKRÁPFLÚRA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámarmark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) á aflamarkssvæðinu fiskveiðiárin 1995/96–2007/08.
LONG ROUGH DAB. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) from the quota area in the quota years 1995/96–2007/08.


Fiskveiðiár <i>Quota year</i>	Tillaga <i>Recommended TAC</i>	Heildaraflamark <i>National TAC</i>	Afli <i>Landings</i>
1995/96	5 000		5 300
1996/97	5 000		4 400
1997/98	5 000	5 000	3 400
1998/99	5 000	5 000	3 300
1999/00	5 000	5 000	2 800
2000/01	5 000	5 000	2 800
2001/02	5 000	5 000	2 500
2002/03	5 000	5 000	2 100
2003/04	5 000	5 000	1 600
2004/05	5 000	5 000	800
2005/06	2 000	3 500	600
2006/07	500	1 500	260
2007/08	500	1 000	

2.10. LANGLÚRA *Glyptocephalus cynoglossus*



2.10.1. Afli, sókn og árgangaskipan

Tilraunaveiðar á langlúru hófust haustið 1986 en í um áratug þar á undan hafði tegundin ekki verið nýtt að neinu marki. Langlúra fékkst aðallega sem aukaafli við aðrar veiðar og var að stórum hluta kastað. Árið 1987 hófu um 10 dragnótabátar langlúruveiðar og varð heildarafli tæp 4 600 tonn (mynd 2.10.1. og tafla 3.10.1.). Aflinn hafði áður orðið mestur um 1 800 tonn árið 1949 en þá stunduðu nær eingöngu erlend skip veiðarnar. Á árunum 1988 til 1996 var landaður ársafli á bilinu 1 300 til 3 000 tonn. Á fiskveiðiárinu 1996/97 var í fyrsta sinn úthlutað heildaraflamarki fyrir langlúru og hefur landaður afli síðan að öllu jöfnu verið nokkuð nærri ráðgjöf. Á árinu 2007 var landað um 1 800 tonnum af langlúru.




Mynd 2.10.1. LANGLÚRA. Heildarafli (tonn) árin 1965–2007.
Fig. 2.10.1. *WITCH*. Total landings during the period 1965–2007 (tonnes).

Stærstur hluti langlúruaflans hefur verið veiddur af dragnótabátum en hlutfall langlúruafla humarbáta var um 9% árið 2007. Langlúra er mjög algengur aukaafli við humarveiðar og samamburður á stærðarsamsetningu langlúru í humarleiðöngum og í afla humarbáta bendir til þess að umtalsverðu magni smárrar langlúru sem veiðist sé kastað.


Afli á sóknareiningu hjá dragnótabátum (afli í kasti, þar sem langlúra er a.m.k. helmingur aflans) var tæplega 1 000 kg í kasti árið 1987. Á næstu árum minnkaði afli í kasti niður í um 330 kg árið 1998. Síðan hefur afli í kasti meira en tvöfaldast og var 750 kg á árinu 2007 (mynd 2.10.2.). Sókn dragnótabáta í langlúru var mikil á árunum 1992–1995 en fór síðan minnkandi allt til ársins 2002. Sóknin jókst nokkuð aftur árið 2003 og hefur haldist lítið breytt síðan.

Upplýsingum um stærðar- og aldursamsetningu langlúru í afla hefur verið safnað frá árinu 1987.



LANGLÚRA Veiðisvæði við Ísland árið 2007. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

WITCH. Fishing grounds in 2007. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).



Mynd 2.10.2. LANGLÚRA. Sókn og afli á sóknareiningu (kg í kasti) hjá dragnótabátum 1987–2007.


Fig. 2.10.2. *WITCH* Effort and CPUE (kg per set) from seiners during the period 1987–2007.

Undanfarin þrjú ár hafa árgangarnir frá 2000 og 2001 verið mjög áberandi í afla, árið 2007 voru þeir um 60% af þyngd landaðs afls.

2.10.2. Ástand stofnsins og nýliðun

Fjöldavísitala ungfisks (fiskur <30 cm) úr humarleiðangri hækkaði umtalsvert frá árinu 1995 til 2001, fór síðan lækkandi til ársins 2006 en hefur haldist óbreytt síðan (mynd 2.10.3.). Vísitala veiðistofns (fiskar >30 cm) þrefaldaðist á árunum 1995 til 2005 (mynd 2.10.3.) en hefur lækkað síðan þá. Mælingar á langlúru í stofnmælingu botnfiska í mars sýna svipaðar niðurstöður. Þessar mælingar staðfesta að betri aflabroðgð voru vegna batnandi ástands stofnsins. Vísendingar úr afladagbókum og aldursgreindum afla benda til þess að sókn hafi verið nokkuð meiri síðustu fimm ár borið saman við þrjú árin þar á undan (mynd 2.10.2.).

Aldursgreindar vísitölur langlúru í humarleiðöngum benda til þess að nokkuð gott innra samræmi sé



í aldursgreindum vísitölum milli einstakra ára. Niðurstöður leiðangurs í maí 2008 staðfesta að nýliðun í veiðistofn (4 ára fiskur) síðustu þriggja ára er minni en síðustu fjögur árin þar á undan.

2.10.3. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2008/2009

Tafla 2.10.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórnvalda og langlúruafli frá því fiskveiðiárið 1994/95.

Töluverð óvissa er um stofnstærð langlúru. Þau gögn sem fyrir liggja benda til þess að ástand veiðistofns sé nokkuð gott. Hins vegar bendir lakari nýliðun til þess að veiðistofninn muni minnka á næstu árum.

Hafrannsóknastofnunin leggur því til að aflamark langlúru á fiskveiðiárinu 2008/2009 fari ekki yfir 1 600 tonn.

TAFLA 2.10.1.
LANGLÚRA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámak, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) fiskveiðiárin 1994/95–2007/08.
WITCH. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) in the quota years 1994/95–2007/08.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
1994/95	1 500		1 775
1995/96	1 400		1 659
1996/97	1 200	1 200	1 260
1997/98	1 100	1 100	954
1998/99	1 100	1 100	1 157
1999/00	1 100	1 100	1 109
2000/01	1 100	1 100	1 159
2001/02	1 350	1 350	1 220
2002/03	1 500	1 500	1 530
2003/04	1 500	1 500	2 000
2004/05	2 000	2 000	2 250
2005/06	2 200	2 400	2 200
2006/07	2 000	2 400	2 200
2007/08	2 000	2 400	

2.11. ÞYKKVALÚRA *Microstomus kitt*




2.11.1. Afli, sókn og stofnvísitölur

Tafla 3.11.1 sýnir landaðan þykkvalúruafla á Íslandsmiðum frá árinu 1951. Á tímabilinu 1951–1965 var ársafllinn 1 300–2 900 tonn og veiddu erlend skip oftast meirihluta aflans. Frá árinu 1966 fór landaður afli minnkandi og var óverulegur árin 1977–1984. Árið 1985 var aftur farið að nýta þykkvalúru (mynd 2.11.1.) og veiddust þá tæplega 400 tonn. Síðan hefur afli aukist í nokkrum þrepum og náði 2 700 tonnum árið 2006 sem er mesti þykkvalúruafli sem fengist hefur á Íslandsmiðum síðan árið 1963. Árið 2007 veiddust 2 650 tonn.


Þykkvalúra veiðist mest í botnvörpu og dragnót en lítið í önnur veiðafæri.

Á aðalveiðisvæðinu undan Suðvesturlandi minnkaði afli á sóknareiningu í dragnót (þar sem þykkvalúra var a.m.k. 25% afla í kasti) úr 350–400 kg árin 1991 og 1992, í um 200 kg árin 1993–1998. Árin 1999 og 2000 var afli í kasti á þessu svæði um




ÞYKKVALÚRA. Veiðisvæði við Ísland árið 2007. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

LEMÓN SOLE. Fishing grounds in 2007. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).



Mynd 2.11.1. ÞYKKVALÚRA. Heildarafli (tonn) árin 1981–2007.

Fig. 2.11.1. LEMON SOLE. Total landings during the period 1981–2007 (tonnes).



Mynd 2.11.2. ÞYKKVALÚRA. Vísitala veiðistofns (í þyngd) í stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985–2008. Skyggða svæðið sýnir eitt staðalfrávik í mati á vísitölunni.

Fig. 2.11.2. LEMON SOLE. Biomass indices for fishable stock in annual groundfish surveys in March 1985–2008. Shaded area show one standard deviation in the estimate.

TAFLA 2.11.1.

ÞYKKVALÚRA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) fiskveiðiárin 1999/2000–2007/2008.

LEMÓN SOLE. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) in the quota years 1999/2000–2007/2008.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
1999/2000	1 400	1 400	1 400
2000/2001	1 400	1 400	1 400
2001/2002	1 400	1 400	1 000
2002/2003	1 600	1 600	1 100
2003/2004	1 600	1 600	2 100
2004/2005	1 600	1 600	2 600
2005/2006	1 600	1 800	2 500
2006/2007	1 600	2 000	2 900
2007/2008	1 600	2 200	

280 kg en hefur aukist síðan og var rúm 400 kg þrjú síðastliðin ár.

Samkvæmt vísitölum úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) minnkaði veiðistofn þykkvalúru um þriðjung frá því að stofnmælingar hófust árið 1985 til ársins 2000. Árið 2004 hækkaði vísitalan umtalsvert og hefur haldist há síðan.

2.11.2. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2008/2009

Tafla 2.11.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, ákvörðun stjórnvalda um heildaraflamark og þykkvalúruafla frá því fiskveiðiárið 1999/2000. Undanfarin þrjú fiskveiðiár var landaður afli 40–60% meiri en úthlutað aflamark. Hafrannsóknastofnunin varar við því að svo mikil framúrkeyrsla innan tegundar sé möguleg í aflamarkskerfinu.


Afrakstursgeta stofnsins er ekki þekkt. Vísitölur í SMB og afli á sóknareiningu eru há, en áhrif hinar auknu sóknar sem verið hefur á síðustu árum á stofninn eru óljós. Aldurs-aflagreining bendir til þess að veiðidánartölur séu mjög háar og því óvarlegt að auka aflann umfram síðustu tillögu.

Með hliðsjón af ofangreindu leggur Hafrannsóknastofnunin til að heildarafli þykkvalúru fiskveiðiárið 2008/2009 verði ekki meiri en 1 600 tonn.

2.12. STÓRKJAFTA *Lepidorhombus whiffiagonis*




Stórkjafta veiðist einkum sem meðafli við aðrar veiðar. Á tímabilinu 1951–1973 var landaður ársafli 400–700 tonn og veiddu útlendingar stærstan hluta hans. Frá árinu 1974 minnkaði aflinn og var einungis 40–100 tonn árin 1981–1986 (mynd 2.12.1. og tafla 3.12.1.). Á árunum eftir 1986 hefur landaður afli verið mjög breytilegur, farið mest í 420 tonn árið 1996 en minnst 67 tonn árið 2003. Afli árið 2007 var 187 tonn.



Mynd 2.12.1. STÓRKJAFTA. Heildarafli (tonn) árin 1981–2007.

Fig. 2.12.1. MEGRIM. Total landings during the period 1981–2007 (tonnes).



STÓRKJAFTA. Veiðisvæði við Ísland árið 2007. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

MEGRIM. Fishing grounds in 2007. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

Stórkjafta veiðist sem meðafli, einkum í dragnót og humarvörpu en einnig í botnvörpu. Afli á sóknareiningu í dragnót (miðað við öll köst dýpra en 100 m og allan landaðan stórkjöftuafla úr dragnót) minnkaði á svæðinu frá Snæfellsnesi að Stokksnesi frá árinu 1992 til 1999, en hélst síðan óbreyttur til ársins 2003. Síðustu fjögur ár hefur afli á sóknareiningu aukist verulega. Stofnstærð stórkjöftu, veiðiálag og afraksturseta stofnsins eru óþekkt.


Hafrannsóknastofnunin leggur ekki fram tillögur um hámarksafla stórkjöftu fyrir fiskveiðiárið 2008/2009.

2.13. STEINBÍTUR *Anarhichas lupus*




2.13.1. Afli og sókn

Steinbítsafli á árinu 2007 var um 16 200 tonn eða svipaður og árið áður. Undanfarin fjögur ár hefur steinbítsafli á línu og í botnvörpu verið svipaður, en frá byrjun níunda áratugarins var árlegur línuafli meiri en botnvörpuveiðin. Frá því að veiðar erlendra skipa í íslenskri lögsögu hættu að mestu um 1977 og til ársins 1985 var steinbítsafli á Íslandsmiðum um 10 þús. tonn að meðaltali á ári. Aflinn var minnstur á árunum 1980–1982, eða um 8 500 tonn á ári. Á árunum 1986–1992 jókst steinbítsafli verulega, einkum á línu og var að meðaltali um 15 þús. tonn á ári. Síðan minnkaði aflinn á árunum 1993–1998 einkum vegna minni steinbítsafli í botnvörpu og var þá árlega að meðaltali um 13 þús. tonn. Á árunum 1999–2007 jókst steinbítsafli, einkum í botnvörpu og hefur hann verið að meðaltali um 15 þús. tonn á ári (mynd 2.13.1. og tafla 2.13.1.).




Sókn í stofninn var í hámarki á árunum 1991 og 1992, bæði með botnvörpu og línu en verulega dró úr veiðum með botnvörpu á næstu árum. Upptaka aflareglu fyrir þorsk leiddi til minni botnvörpusóknar á Íslandsmiðum og þar með minni steinbítsafli í það veiðarfæri, því að steinbítur veiddist mest sem aukaafli við botnvörpuveiðar. Á árunum 1997–2003 jókst sókn í steinbít með botnvörpu á ný, fyrst vegna aukinna botnvörpuveiða á Íslandsmiðum en síðar vegna aukinnar beinnar sóknar togskipa í steinbít. Beinar veiðar standa einkum yfir frá hausti og fram á vor. Sókn með línu var nokkuð stöðug á árunum 1991–2003 ef undan eru skilin árin 2000 og 2001 þegar sókn var mun meiri vegna breyttra reglna um veiðar smærri báta.



2.13.2. Stofnmæling

Steinbítur hefur veiðst á um 450 af 557 stöðvum í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) og er dreifing hans frekar jöfn yfir allt athugunarsvæðið. Mest veiðist þó alltaf út af sunnanverðum Vestfjörðum. Steinbítur kemur fyrst fram í stofnmælingum við eins árs aldur eða um sjö árum áður en hann kemur inn í veiðina. Mynd 2.13.2. sýnir vísitölur veiðistofns og nýliðunar samkvæmt SMB. Vísitala nýliðunar er reiknuð sem fjöldi 20–40 cm steinbíts sem er u.þ.b. þriggja til sex ára, en vísitala veiðistofns sem þyngd stærri steinbíts en 60 cm. Samkvæmt niðurstöðum stofnmælinga lækkaði vísitala veiðistofns um ríflega helming frá 1985–1995 en hefur farið hratt vaxandi frá 2005 og mældist í ár jafnhá og árið 1985. Samkvæmt niðurstöðum úr SMB minnkaði nýliðunarvísitala steinbíts 1988 og var í lágmarki til ársins 1990. Á árunum 1991–1998 jókst nýliðun, en




síðan hefur hún farið minnkandi og er nú svipuð og hún var árin 1988–1990. Hækkandi vísitölur veiðistofns á undanfönum árum eru í takt við háar nýliðunartölur fyrir nokkrum árum síðan. Mæliskekkja er þó hærri en áður sem sýnir að stærri hluti aflans í SMB komi nú á fáum stöðvum.

2.13.3. Ástand stofnsins

Eins og undanfarin ár er mat á stofnstærð steinbíts byggt á aldurs-lengdarlíkani (BORMICON, sjá Viðauka 5.1), en líkanið hentar vel við stofnmat þar sem mikið er til af lengdargögnum en aldursgögn eru ófullkomin. Gögnin sem líkanið byggist á eru afli, lengdardreifingar, aldursgreiningar og vísitölur úr stofnmælingum. Af þessum gögnum hafa lengdarskiptar vísitölur úr SMB mest vægi, en aldursgreiningarnar nýtast til að meta vöxt fiskanna og hlutfallslega stærð einstakra árganga. Mynd 2.13.3. sýnir þróun veiðistofns og veiðidaða hjá steinbít sem er að fullu kominn inn í veiðina. Samkvæmt líkaninu var sókn fyrir árið 1990 yfirleitt undir kjörsókn ($F_k=0.25$) en síðan þá hefur sóknin oftast verið yfir kjörsókn og fiskveiðidaði árin 2006 og 2007 er metinn um 0.3. Veiðistofninn minnkaði um þriðjung árin 1989–1995, jókst aftur árin 1996–2000 en hefur verið nokkuð stöðugur síðan (mynd 2.13.3.).

Stofnmat á steinbít var einnig gert með árganga aðferðinni, en það var byggt á aldursgreindum gögnum úr lönduðum afla frá árunum 1999–2007. Svipaðar niðurstöður fengust úr því og þegar BORMICON líkanið var notað.

Vegna lækkandi nýliðunarvísitölu í SMB undanfarin ár er líklegt að stofninn muni ekki standa undir núverandi afla næstu árin.




Tafla 2.13.1			
Steinbítur. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) fiskveiðiárin 1996/97–2007/08.			
Wolffish. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) in the			
Fiskveiðiár	Tillaga	Heildaraflamark	Afli
Quota year	Recommended TAC	National TAC	Landings
1996/97	13 000	13 000	11 523
1997/98	13 000	13 000	11 689
1998/99	13 000	13 000	13 051
1999/00	13 000	13 000	14 906
2000/01	13 000	13 000	18 094
2001/02	13 000	16 100	13 667
2002/03	15 000	15 000	16 953
2003/04	15 000	16 000	13 253
2004/05	13 000	16 000	14 208
2005/06	13 000	13 000	16 473
2006/07	12 000	13 000	15 796
2007/08	11 000	12 500	

2.13.4. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2008/2009


Steinbítveiðar hafa verið umfram tillögur Hafrannsóknastofnunar undanfarin 3 fiskveiðiár (tafla 2.13.1). Þar sem steinbítur er hægvaxta og langlífur ber að nýta hann varlega. Líklegt er að afrakstursgeta stofnsins minnki á næstu árum er lélegir árgangar koma inn í veiðstofninn, en vísitölur benda til þess. Með hliðsjón af ofangreindu leggur Hafrannsóknastofnunin til að steinbítasafllinn miðist við kjörsókn ($F_k=0.25$). Sem samsvarar 12 þús. tonna afla á fiskveiðiárinu 2008/2009. Hafrannsóknastofnunin ítrekar nauðsyn þess að steinbítur á hrygningarslóð á Látragrunni verði friðaður yfir hrygningar- og klaktíma.

2.14. BLÁLANGA *Molva dypterygia*



2.14.1 Afli og sókn

Blálönguaflí á Íslandsmiðum árin 1966–2007 er sýndur á mynd 2.14.1. og í töflu 3.14.1. Árið 2001 var aflinn einungis um 800 tonn sem er minnsti blálönguaflí Íslendinga síðan í lok 8. áratugarins. Síðan hefur aflinn aukist og var heildaraflí um 2 100 tonn árið 2007. Síðastliðinn áratug hafa íslensk skip veitt yfir 95% heildaraflans.




Mynd 2.14.1. **BLÁLANGA**. Heildaraflí (þús. tonna) á Íslandsmiðum árin 1966–2007.

Fig. 2.14.1. **BLUE LING**. Total landings from Iceland grounds during the period 1966–2007 (thous. tonnes).

Veiðar á hrygnandi blálöngu voru stundaðar suður af Vestmannaeyjum á árunum 1980–1984 og náði blálönguaflí Íslendinga um 8 000 tonnum árin 1980 og 1981. Á árunum 1985–2000 var blálönguaflí á bilinu 1 100–2 600 tonn, að undanskildu árinu 1993 er hann var um 5 300 tonn. Aflaukningin 1993 byggðist að mestu leyti á tímabundnum veiðum á Franshól á mörkum fiskveiðilögsögunnar austan Reykjanes hryggjar. Þessar miklu beinu veiðar á hrygnandi blálöngu virðast hafa verið langt umfram afrakstursgetu stofnsins. Síðasta áratug hefur blálanga nánast eingöngu verið meðafli við botnvörpuveiðar.

Árið 2007 var hlutdeild blálönguaflans sem veiddist á línu um 10% og tæp 85% veiddust í botnvörpu. Hlutfall afla í botnvörpu hefur aukist síðustu árin.



BLÁLANGA. Veiðisvæði við Ísland árið 2007. Öll veiðarfæri. Dökku svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

BLUE LING. Fishing grounds in 2007. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

2.14.2 Ástand stofnsins


Vísbendingar eru um að ástand blálöngustofnsins hafi farið batnandi á undanförunum árum, m.a. vegna nýliðunar í veiðistofninn sem vart hefur orðið í stofnmælingum botnfiska í mars og október. Þar sem veiðipól stofnsins er lítt þekkt og litlar rannsóknir stundaðar á tegundinni ber að fara varlega við nýtingu hans og takmarka beina sókn. Hafrannsóknastofnunin leggur til að þekktum hryngingarsvæðum suður af Vestmannaeyjum og á Franshól verði áfram lokað á hryngingartíma frá 15. febrúar til 30. apríl ár hvert.

2.15. LANGA *Molva molva*



2.15.1. Afli og sókn



Lönguafliinn á Íslandsmiðum árin 1966–2007 er sýndur á mynd 2.15.1. og frá árinu 1950 í töflu 3.15.1. Afliinn á árunum 1950–1970 var lengst af 10–15 þús. tonn á ári, en dróst verulega saman á árunum 1972–1973. Síðan hefur afliinn verið á bilinu 3 200–7 600 tonn, minnstur árin 2001 og 2002 en mestur árið 2007. Afliinn á árinu 2007 er mesti lönguafli á Íslandsmiðum frá árinu 1972. Síðastliðna tvo áratugi hefur lönguafli Íslendinga verið um 85–90% heildaraflans á Íslandsmiðum en fyrir þann tíma var hlutur erlendra skipa mun meiri (tafla 3.15.1., mynd 2.15.1.).



Langa veiðist að mestu sem aukaafli við aðrar veiðar. Skipting aflans eftir veiðarfærum hefur breyst verulega síðustu árin og hefur hlutdeild löngu í línu-afla meira en tvöfaldast, úr 26% árið 1994 í rúm 60% árið 2007. Afli á sóknareiningu á línu minnkaði um nær helming árin 1998–2000 en hefur vaxið síðan. Afli á sóknareiningu síðustu tvö árin hefur verið hærri en sést hefur frá árinu 1991 er lögbundnar skráningar afladagbóka hófust. Frá árinu 2003 hefur netaafli verið innan við 15% aflans, sem er nærri helmingi lægra hlutfall en þrjú árin þar á undan. Lönguafli í botnvörpu var rúmlega 20% heildarafla, sem er svipað hlutfall og að jafnaði hefur verið undanfarin ár.

2.15.2. Stofnmæling

Stofnvísitala löngu í stofnmælingu botnfiska í mars lækkaði um meira en helming á árunum 1986–2001, en hefur hækkað mikið síðan þá og var árið 2007 sú hæsta frá upphafi stofnmælingarinnar (mynd 2.15.2.). Stofnvísitala ársins 2008 er ríflega fimmtungi lægri en árið 2007 og kemur lækkunin



fram í öllum lengdarflokkum löngu. Hækkun vísitölunnar á undanförunum árum hefur bæði verið merkjanleg í fjölda ungfiska sem og í veiðistofni (>60 cm). Aukning löngu í haustmælingu er mun minni en í SMB. Niðurstöður stofnmælinga sýna svipaðan vöxt í öllum lengdarflokkum löngu frá árinu 2001. Undir venjulegum kringumstæðum ætti uppsveiflu í stofni fyrst að verða vart í ungfiski áður en vísitala veiðistofns yxi. Ekki er hægt að útiloka að hluti þeirrar aukningar sem vart hefur orðið í stofnmælingum stafi af auknum veiðanleika samfara breyttum umhverfisaðstæðum og/eða göngum inn á hafsvæði Íslands. Því ber að fara varlega í að túlka gögn úr stofnmælingum sem mikinn vöxt í stofninum. Því er óvarlegt að túlka niðurstöðu stofnmælingar í mars sem mjög mikinn vöxt stofns-

ins þar sem aðrir þættir gætu haft áhrif á mælinguna svo sem aukinn veiðanleiki á síðustu árum samfara hlýnun sjávar.

2.15.2. Horfur og tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2008/2009

Tafla 2.15.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, úthlutað aflamark og afla löngu frá fiskveiðiárinu 1999/2000.

Niðurstöður stofnmælinga sem og þróun í afla á sóknareiningu benda til þess að löngustofninn hafi vaxið verulega á undanförunum árum.

Með hliðsjón af ofangeindu, og þess að veiðiþol stofnsins á Íslandsmiðum er lítt þekkt, leggur Hafrannsóknastofnunin til að lönguafllinn fiskveiðiárið 2008/2009 fari ekki yfir 6 000 tonn, að meðtöldum afla erlendra skipa sem verið hefur um 1 000 tonn á undanförunum tveimur árum.


Tafla 2.15.1. LANGA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) fiskveiðiárin 1999/2000–2007/08. LING. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) in the quota years 1999/2000–2007/08.			
Fiskeiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
1999/00	-	-	3 961
2000/01	-	-	3 451
2001/02	3 000	3 000	2 968
2002/03	3 000	3 000	3 715
2003/04	3 000	3 000	4 608
2004/05	4 000	4 000	5 238
2005/06	4 500	5 000	6 961
2006/07	5 000	5 000	7 617
2007/08	6 000	7 000	

2.16. KEILA *Brosme brosme*



2.16.1. Afli og sókn

Keiluaflí á Íslandsmiðum frá 1963 til 2007 er sýndur á mynd 2.16.1. Árið 1963 var heildaraflinn í sögulegu hámarki, rúmlega 10 þús. tonn. Um alllangt skeið hefur keiluaflinn verið á bilinu 5 000–8 000 tonn (tafla 3.16.1.) og árið 2007 er áætlað að aflinn hafi verið um 7 600 tonn. Frá árinu 1991 hafa Íslendingar veitt 75–80% heildaraflans en færeysk skip 20–25%. Árið 1990 jókst bein sókn Íslendinga í keilu sem fram að því hafði aðallega verið meðafli í öðrum veiðum. Keiluaflí Íslendinga náði hámarki,




Mynd 2.16.1. KEILA. Heildaraflí (þús. tonna) á Íslandsmiðum árin 1963–2007.

Fig. 2.16.1. TUSK. Total landings from Icelandic waters during the period 1963–2007 (thous. tonnes).

um 6 400 tonnum, árin 1991 og 1992. Frá þeim tíma og til ársins 2000 var heildaraflinn á bilinu 4 100–5 800 tonn (tafla 3.16.1.), mestur árið 1999. Frá árinu 2000 hefur aflinn verið á bilinu 3 100–7 600 tonn, minnstur árið 2004 en mestur árið 2007. Á undanförunum árum hefur langmest af keilu veiðst á línu, eða ríflega 95% aflans. Þá aukningu sem orðið hefur á afla síðan árið 2004 má að stórum hluta rekja til aukins afla á sóknareiningu (allar lagnir þar sem keila hefur verið meira en 10% af skráðum heildarafla í lögn). Afli á sóknareiningu hefur aukist um rúm 40% frá árinu 2004 og er nú svipaður og hann var á árunum 1995–2000. Markaðsaðstæður virðast að nokkru ráða beinni sókn í keilustofninn en afli á sóknareiningu í lögnum þar sem telja má að verið sé að sækja í keilu (meira en 30% afla í lögn) hefur aukist verulega á undanförunum árum.


2.16.2. Stofnmæling

Keila fæst á tæplega 300 stöðvum í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB). Útbreiðsla hennar er er jöfn og gott samræmi er í niðurstöðum frá ári til árs. Einnig er gott samræmi milli SMB og stofnmælingar að hausti þótt minna fæist í haustmælingunum. Í



KEILA. Veiðisvæði keilu við Ísland árið 2007. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

TUSK. Fishing grounds in 2007. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).



Mynd 2.16.2. KEILA. Vísitala veiðistofns (í þyngd, fiskar 40 cm og stærrí) og fjöldavísitala ungueilu (fjöldi fiska 25–40 cm) í stofnmælingu botnfiska árin 1986–2008.

Fig. 2.16.2. TUSK. Abundance indices for fishable stock (biomass 40 cm +) and juveniles (abundance of fish 25–40 cm) in annual groundfish surveys 1986–2008.

SMB hefur keila einkum fengist út af Vestur- og Suðausturlandi. Vísitala veiðistofns hefur farið hækkandi frá árinu 2001 og er nú tæp 80% af því sem hún var á árunum 1986–1989 (mynd 2.16.2.). Jafnframt hefur vísitala ungfisks hækkað verulega síðasta áratuginn.

2.16.3. Horfur og tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2008/2009

Tafla 2.16.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórnvalda um heildaraflamark og keiluafla síðan fiskveiðiárið 2001/2002.

Stofnmælingar benda til að nýliðun keilu hafi verið góð um árabíl og hefur þessi góða nýliðun skilað sér í hægt vaxandi vísitölum veiðistofns á undanförunum árum og einnig í aukningu afla á sóknareiningu hjá veiðiskipum. Ástand veiðistofns keilu er þó enn frekar slæmt og hefur vaxið mun

hægar en búast mátti við útfrá þeirri góðu nýliðun sem verið hefur. Bendir það til þess að of stíft hafi verið sótt í stofninn á undanförunum árum. Keila er mjög hægvaxta fiskur og árlegur vöxtur er á bilinu 2–3 cm. Byrjar keila að koma inn í veiðistofninn um 40 cm lengd en verður hún ekki kynþroska fyrr en um 55 sentimetra. Það eru því 5-7 ár frá því að keila kemur inn í veiðarnar þar til hún verður kynþroska. Mikil sókn getur því leitt til þess að mjög lágt hlutfall fiska nái að hrygna. Góð nýliðun og lélegt ástand eldri hluta stofnsins hefur leitt til þess að hlutfall smárrar, ókynþroska keilu hefur verið hátt í aflanum á undanförunum árum.

Í ljósi þess sem að framan greinir leggur Hafrannsóknastofnunin til að heildaraflinn á fiskveiðiárinu 2008/2009 fari ekki yfir 5 000 tonn, að meðtöldum afla erlendra skipa á Íslandsmiðum, sem að meðaltali hefur verið um fjórðungur aflans á undanförunum fimm árum. Jafnframt er lagt til að veiðar verði áfram bannaðar á uppvaxtarsvæðum keilu við Suðaustur- og Suðurland.

Tafla 2.16.1.
KEILA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og affi (tonn) fiskveiðiárin 2001/02–2007/08.

Tusk. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) in the quota years 2001/02–2007/08.


Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
2001/02	-		4 876
2002/03	3 500	3 500	5 046
2003/04	3 500	3 500	4 958
2004/05	3 500	3 500	4 901
2005/06	3 500	3 500	5 928
2006/07	5 000	5 000	7 942
2007/08	5 000	5 500	

2.17. SKÖTUSELUR *Lophius piscatorius*



2.17.1. Afli og útbreiðsla

Árið 2007 var skötuselsaflinn 2 791 tonn sem er næst mesti afli á Íslandsmiðum frá 1965 (tafla 3.17.1. og mynd 2.17.1). Allt að helmingur aflans fékkst lengst af sem meðafli í humarvörpu en hinn helmingurinn í botnvörpu og dragnót. Árið 1999 hófust beinar veiðar á skötusel með sérstökum fótrepisvörpum og árið 2000 með stórríðnum netum. Afli í net árið 2000, sem fram til þess hafði verið óverulegur, varð 764 tonn og heildaraflinn meiri en nokkru sinni fyrr, 1 503 tonn. Að undanskyldu árinu 2002 hefur aflinn síðan verið á bilinu 1 400–2 900 tonn, þar af netaafli um og yfir helmingur aflans.



Mynd 2.17.1. SKÖTUSELUR. Heildaraflni (tonn) árin 1965–2007.


Fig. 2.17.1. ANGLERFISH. Total landings (tonnes) during the period 1965–2007.

Veiðislóð skötusels var í áratugi aðallega bundin við svæði úti fyrir mið- og austurhluta suðurstrandarinnar en nær nú til norðanverðra Vestfjarða. Gögn úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) sýna sömu þróun í útbreiðslu. Líklegt er að þessi þróun sé afleiðing hækkandi sjávarhita á undanförunum árum en skötuselur er hlýsjávartegund.

2.17.2. Ástand stofnsins

Árið 1999 varð vart við töluvert magn af eins árs skötusel í stofnmælingu botnfiska og síðan þá hefur svipaður fjöldi af eins árs skötusel sést í 5 af 9 stofnmælingum en á árunum 1985–1998 var aldrei vart við eins árs skötusel. Bendir því margt til þess að árið 1998 hafi klak skötusels við Ísland heppnast vel í fyrsta sinn í töluvert langan tíma. Sambærilegar vísibendingar um nýliðun hafa einnig sést í stofnmælingu með humarvörpu.

Góð nýliðun skötusels leiddi til mikillar hækkunar á vísitölum eftir árið 2000 enda vex skötuselur mjög hratt fyrstu 4–5 ár ævinnar. Virðist vöxtur við Ísland vera svipaður og við strendur meginlands Evrópu. Vísitölur veiðistofns og ung-



SKÖTUSELUR. Veiðisvæði við Ísland árið 2007. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

ANGLERFISH. Fishing grounds in 2007. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).


fisks voru mjög háar í SMB 2008 og vísitölur eins árs fisks benda til að árgangur 2007 sé stór.

Afli á sóknareiningu hefur verið vaxandi í flest veiðarfæri síðan árið 2001. Þegar nýliðun er góð hjá skötusel, líkt og verið hefur undanfarin ár, eykst hlutfall ungfisks sem meðafli í öðrum veiðum. Þetta er einkum áberandi í humarveiðum en á einnig við veiðar í dragnót og botnvörpu.

2.17.3. Horfur og tillögur um hámarksaflla fiskveiðiárið 2008/2009

Tafla 2.17.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, úthlutað aflamark og afla skötusels frá fiskveiðiárinu 2001/2002.

Niðurstöður úr stofnmælingum og upplýsingar



Mynd 2.17.2. SKÖTUSELUR. Vísitala veiðistofns (í þyngd, fiskar ≥ 60 cm) og fjöldavísitala ungfisks (40–60 cm) í stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985–2008. Skyggða svæðið sýnir eitt staðalfrávik í mati á vísitölu.

Fig. 2.17.2. ANGLERFISH. Biomass indices for fishable stock (≥ 60 cm) and juvenile abundance (40–60 cm) in annual groundfish surveys in March 1985–2008. Shaded area show one standard deviation in the estimate.

frá fiskiskipum benda til að veiðistofninn sé í góðu ástandi og að nýliðun hafi verið góð síðan 1998. Svo virðist sem veiðarnar á undanförunum árum hafi verið nálægt afrakstursgetu stofnsins.

Þar sem skötuselur vex mjög hratt fyrstu árin má auka afrakstur stofnsins með því að draga úr sókn í ungfisk sem veiðist yfirleitt sem aukaafli, sérstaklega við humarveiðar.


Með hliðsjón af ofangreindu leggur Hafrannsóknastofnunin til að hámarksafli skötusels fiskveiðiárið 2008/2009 verði 2 500 tonn. Einnig leggur stofnunin til að leitað verði leiða til að draga úr meðafla ungs skötusels í togveiðum.

Tafla 2.17.1. SKÖTUSELUR. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) fiskveiðiárin 2001/2002—2007/08. <i>ANGLERFISH. TAC recommended by the Marine Research Institute,</i> <i>national TAC and landings (tonnes) in the quota years</i> <i>2001/2002—2007/08.</i>			
Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
2001/02	-	1 500	1 001
2002/03	Óbreytt sókn	1 500	1 363
2003/04	1 500	2 000	1 903
2004/05	1 500	2 000	2 420
2005/06	2 200	3 000	2 832
2006/07	2 200	3 000	2 672
2007/08	2 200	2 500	

2.18. HROGNKELSI *Cyclopterus lumpus*




Árið 2007 veiddust um 3 300 tonn af grásleppu, sem er ríflega helmingur af meðalafli árána 1971–2006. Miklar sveiflur hafa verið í grásleppuafli síðustu áratuginna (mynd 2.18.1.). Afli náði hámarki árið 1984, eða um 13 þús. tonnum, en var í lágmarki 2000, um 2 500 tonn. Árin 1998–2001 og 2005–2007 var aflinn fremur lítill eða á milli 2 500 og 4 þús. tonn. Tafla 3.18.1. sýnir heildarafla grásleppu og hrognafraframléiðslu síðan árið 1971.



Mynd 2.18.1. HROGNKELSI. Heildaraflí grásleppu (þús. tonna) árin 1971–2006 og sóknarvísitala árána 1980–2007.

Fig. 2.18.1. LUMPSUCKER. Total landings (thous. tonnes) of females 1971–2006 and effort index for 1980–2007.

Fyrirliggjandi gögn um sókn á árunum 1980–1990 skýra að nokkru sveiflur í afla á þessu tímabili. Þrátt fyrir að fjöldi báta á grásleppuveiðum hafi verið takmarkaður jókst sókn á árunum 1991–1997. Sóknaraukningin skilaði ekki meiri afla, sem var þessi ár um og undir langtímameðaltali. Frá árinu 1997 hefur dregið verulega úr sókn grásleppubáta og árið 2007 var hún ekki nema um fjórðungur af meðalsókn síðasta aldarfjórðungs (mynd 2.18.1.). Afli á sóknareiningu fór minnkandi á árunum 1990–1996 og var á árinu 1996 tæplega helmingur meðaltals árána 1980–2006. Eftir það jókst hann og var nálægt meðaltali árin 1999–2005. Afli á sóknareiningu 2006 og 2007 var sá hæsti frá því að skráningar hófust (mynd 2.18.2.).



Mynd 2.18.2. HROGNKELSI. Stofnvísitala grásleppu skv. stofnmælingu botnfiska árin 1985–2008 og afli á sóknareiningu 1980–2007.

Fig. 2.18.2. LUMPSUCKER. Female stock index from annual groundfish surveys 1985–2008 and CPUE 1980–2007.

Nokkuð gott samræmi er á milli vísitölu stofnstærðar úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) árin 1985–2007 og afla á sóknareiningu hjá grásleppubátum sömu ár (mynd 2.18.2). Niðurstöður stofnmælingar og veiðidagbækur benda til að veiðistofn hrognkelsis árið 1996 hafi einungis verið um helmingur þess sem hann var þegar stofnmælingar hófust árið 1985, en hafi vaxið síðan þá. Árið 2006 þegar afli á sóknareiningu var í hámarki var vísitala í SMB einnig nálægt hámarki. Vísitalan árið 2008 er nálægt meðalvísitölu árána 1985–2007.

Markaðsaðstæður ráða miklu um sókn í hrognkelsastofninn og skýrir það að talsverðu leyti sveiflur í veiðum á síðustu árum. Hagsmunaaðilar hafa komið að stjórnun veiðanna, meðal annars með því að takmarka lengd vertíðar, að því er virðist með ágætum árangri undanfarin ár.

Hafrannsóknastofnunin telur að fara beri varlega við nýtingu stofnsins en leggur ekki fram tillögu um hámarksafla fyrir fiskveiðiárið 2008/2009.

2.19. SÍLD *Clupea harengus*




Hér er fjallað um veiðar og ástand íslensku sumargotssildarinnar og horfur á vertíðinni 2008/09 (kaflar 2.19.1.–2.19.5.). Einnig er gerð grein fyrir veiðum og ástandi norsk-íslenska sildarstofnsins í kafla 2.19.6.

2.19.1. Síldveiðarnar 2007/2008


Heildaraflí sumargotssíldar á vertíðinni varð um 159 þús. tonn. Líkt og undanfarin ár hófst veiðin ekki að ráði fyrr en í október er um 24 þús. tonn veiddust. Mest af afla vertíðarinnar fékkst í nóvember og desember eða 64 og 50 þús. tonn. Það sem greindi þessa vertíð frá fyrri vertíðum var að stærsti hluti aflans fékkst í Grundarfirði (77%) og í Kiðeyjarsundi í Breiðafirði (12%). Hægt var að ganga að síldinni í Grundarfirði nær alla vertíðina og gengu því veiðar flotans mjög vel. Hlutdeild flotvörpu í heildarveiði vertíðarinnar var með minnsta móti eða einungis um 2,5%. Veiðar undan austurströndinni voru nær engar eða um 2 000 tonn og um 16 þús. tonn veiddust undan suðurströndinni. Á vertíðinni voru tvær svæðalokanir vegna smásíldar í afla á móti sex á vertíðinni 2006/2007. Hlutfall sildaraflans sem fór í bræðslu 2007/08 er áætlað 20% sem er svipað og undanfarinn ár, en þetta hlutfall náði hámarki á vertíðunum 1998/99–2000/01 er það fór í 72%.

Sildaraflinn á tímabilinu frá 1978 til fiskveiðiársins 2007/08 er sýndur á mynd 2.19.1. og aflinn allt frá 1951 í töflu 3.19.1. Tafla 2.19.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðun stórnvalda og afla frá 1986.



Mynd 2.19.1. SÍLD. Heildaraflí (þús. tonna) skipt eftir veiðarfærum síðan 1978 (aflí fiskveiðiárs frá 1991) og vegin veiddánartala 5–10 ára síldar.

Fig. 2.19.1. HERRING. Total landings by gear type (thous. tonnes) since 1978 (quota year since 1991) and weighted mean F_{5-10} .



SÍLD. Veiðisvæði við Ísland fiskveiðiárið 2007/08. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

HERRING. Fishing grounds in fishing season 2007/08. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

2.19.2. Aldursskipting í afla

Fjöldi landaðra sílda eftir aldri er sýndur í töflu 3.19.4. Líkt og á síðustu vertíð var það árgangurinn frá 2002 og að nokkru leyti árgangarnir frá 1999 og 2000 sem báru uppi veiðina. Spá um aflasamsetningu fyrir vertíðina hafði þó gert ráð fyrir hærra hlutfalli af 1999 árganginum. Um 25% aflans í þyngd var úr árgangi 2002, 17% aflans úr árgangi 1999, 15% úr árgangi 1999 og árgangarnir frá 2001, 2003 og 2004 gáfu um 10% aflans hver.

Tafla 3.19.2. sýnir meðalþyngd í afla og tafla 3.19.3. sýnir áætlað hlutfall kynþroska síldar eftir aldri og áætlaðan stuðul fyrir náttúrulegan dauða frá árinu 1986. Sama kynþroskahlutfall var notað öll árin þar sem árlegt mat með fyrirbyggjandi gögnum þykir ekki áreiðanlegt. Meðalþyngd í afla var lægri í öllum aldursflokkum á síðustu vertíð, samanborið við vertíðina 2006/07 og meðalþyngd margra árganga var lægri en þegar þeir voru ári yngri. Þetta skýrist af því að síld sem heldur sig við vestanvert landið vex hægar en síld við Austurland, en veiði síðustu vertíðar var nánast eingöngu Vestanlands úr hægvaðri síld.

2.19.3. Bergmálmælingar


Frá árinu 1973 hefur stofnstærð íslensku sumargotssildarinnar verið mæld árlega með bergmálmælingum. Þessar mælingar hafa yfirleitt farið fram í nóvember–desember og/eða í janúar við lok síldarvertíðar. Mælingar á vertíðinni 2007/08 fóru fram í desember 2007 í tveimur leiðongrum en einnig í nóvember fyrir austan og sunnan land í framhaldi af loðnuleit. Magnið sem fannst fyrir austan og sunnan var lítið en einna mest mældist í Litladýpi. Mælingarnar í desember sýndu mikinn þéttleika af síld í Kiðeyjarsundi í sunnanverðum Breiðafirði og í Grundarfirði. Einnig varð vart við síld í Kolluál. Alls mældust um 850 þús. tonn af

TAFLA 2.19.1.
SILD. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámurk, heildaraflamark samkvæmt ákvörðun stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1986–2007/08.
HERRING. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1986–2007/08.

Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings (Iceland)
1986	65	65	65
1987	70	73	75
1988	90	90	93
1989	90	90	97
1990/91 ¹⁾	80	110	105
1991/92 ²⁾	80	110	109
1992/93 ²⁾	90	110	107
1993/94 ²⁾	90	100	103
1994/95 ²⁾	120	120	132
1995/96 ²⁾	110	110	126
1996/97 ²⁾	100	100	96
1997/98 ²⁾	100	100	64
1998/99 ²⁾	90	70 ³⁾	87
1999/00 ²⁾	100	100	93
2000/01 ²⁾	110	110	100
2001/02 ²⁾	125	125	95
2002/03 ²⁾	105	105	94
2003/04 ²⁾	110	110	126
2004/05 ²⁾	110	110	115
2005/06 ²⁾	110	110	103
2006/07 ²⁾	130	130	135
2007/08 ²⁾	130	150	159

¹⁾ Veidítímabil. *Fishing season.*
²⁾ Fiskveiðiárið september-ágúst. *Quota year September-August.*
³⁾ Sjávarútvegsráðuneytið úthlutaði 70 þús. tonnum en samtals urðu veiðheimildir um 90 þús. tonn þar sem 20 þús. tonn voru færð frá vertíðinni 1997/98. *TAC was decided 70 thous. tonnes but because of transfers from the previous quota year the national TAC became 90 thous. tonnes.*

fullorðinni síld í leiðöngurum Hafrannsóknastofnunarinnar í nóvember-desember 2007 sem skiptist þannig eftir svæðum: Um 700 þús. tonn mældust í Kiðeyjarsundi, 70 þús. tonn í Grundarfirði, 70 þús. tonn í Kolluál og um 12 þús. tonn fyrir austan og sunnan land. Um 97% af síldinni sem mældist í leiðöngurum var fullorðin síld (>26 cm). Í fjölda mældist mest af átta ára síld, þ.e. árgangi 1999 (21%) en einnig töluvert af 2002 (16%) og 2000 árgöngunum (12%).






2.19.4. Stofnstærð

Úttekt á sumargotssíldarstofninum var gerð með nokkrum mismunandi stofnmatslíkönum, öll byggð á aldursgreindum afla og aldursgreindum vísitölum úr bergmálmælingum frá árunum 1986–2007. Munur á stærð hrygningarstofns í upphafi árs 2008 var mestur um 33 % samkvæmt mismunandi líkönum. Niðurstöður NFT-Adapt voru líkt og undanfarnin ár notaðar til grundvallar ráðgjafar og framreikninga. Ástæðan fyrir valinu á þessu líkani er mikill breytileiki í veiðimynstri (veiðihlutfalli eftir aldri) en NFT-Adapt, eins og flest líkön sem byggja á VP greiningu, (sjá Viðauka 5.2) er ónæmt fyrir breytilegu veiðimynstri.

Stærð hrygningarstofnsins í upphafi árs 2008 er metinn 650 þús. tonn (mynd 2.19.2 og tafla 3.19.5) og veiðidánartala síðustu vertíðar (2007/2008) 0.26 sem er yfir kjörsókn ($F=0.22$; tafla 3.19.6). Hrygningarstofninn árið 2008 skiptist þannig að 1999 árgangurinn er 25%, og árgangar 2000 og 2002 15% hvor. Þetta er nokkuð ólíkt hlutföllum í afla undanfarnar tvær vertíðir þar sem hlutdeild 2002 árgangsins hefur verið mest. Hefur 1999 árgangurinn yfirleitt mælst sterkari í bergmálmælingum en í veiðunum sem vekur upp spurningu um hvort hann sé eins sterkur og hann er metin í núverandi úttekt.

Við úttekt á síldarstofninum hefur verið



tilhneiging til að ofmeta stærð hans og vanmeta veiðidánartölur. Samkvæmt núverandi stofnmati eru vertíðirnar 2005/2006—2006/2007 þær einu síðan 1986 sem veiðidánartala var undir kjörsókn, sem stefnt hefur verið að. Vegna þess hve varfærin nýtingarstefnan er virðist kerfisbundið ofmat ekki haft alvarleg áhrif á stofninn.

2.19.5. Horfur og tillögur um hámarksaflla á vertíðinni 2008/2009

Eins og lýst er hér að framan er nokkur óvissa um

stofnmatið, sem birtist meðal annars í óvissu um stærð 1999 árgangsins, viðvarandi tilhneingingu til að ofmeta stofninn og lítilli vitneskju um nýliðun. Í framreikningum fyrir vertíðarnar 2008/2009 og 2009/10 er árgangurinn frá 2004 settur meðalstór sem og yngri árgangar (mynd 2.19.3.). Að gefnum forsendum í töflu 3.19.7 er talið að hrygningarstofninn verði 650 þús. tonn sumarið 2008 (mynd 2.19.2). Miðað við að veitt væri samkvæmt kjörsókn yrði aflinn á fiskveiðiárinu 2008/2009 um 131 þús. tonn (tafla 2.19.2). Spáin sýnir að framlag sterka 1999 árgangsins í heildaraflanum 2008/2009 miðað við þyngd verður 24% og framlag 2000 og 2002 árganganna um 15% hvors um sig (mynd 2.19.4). Þar sem sterku 1999 og 2000 árgangarnir hafa náð hámarki með tilliti til heildarlífsmassa mun hrygningarstofninn minnka næstu árin.

Hafrannsóknastofnunin leggur til, eins og flest undanfarin ár, að aflaghámark verði miðað við kjörsókn og að ekki verði veitt meira en 131 þús. tonn á fiskveiðiárinu 2008/2009.

TAFLA 2.19.2.
SILD. Áhrif mismunandi aflaghámarks á áætlaða stærð hrygningarstofns (þús. tonn) árið 2009.
HERRING. Projection of spawning stock biomass (thous. tonnes) in 2009 for different management strategies.

2007/2008		2008/2009			2009/2010			
<i>F</i> ¹⁾	Afli Catch	Hrygn. stofn Spawning stock	Aflahámark TAC	<i>F</i> ¹⁾	Hrygn. stofn Spawn. stock	Stofn 3+ Stock 3+	Hrygn. stofn Spawn. stock	Stofn 3+ Stock 3+
0.259	159	650	120	0.200	618	735	589	706
			131	0.220	618	735	586	703
			150	0.257	618	735	559	674


1) Vegin dánartala (F) fyrir 5-10 ára. F við kjörsókn=0.22. Weighted fishing mortality (F) of age-groups 5-10. $F_k = F_{0..i} = 0.22$.

2. 19.6. Norsk-íslensk vorgotssíld

Heildaraflí úr norsk-íslenska síldarstofninum tímabilið 1950–2007 ásamt afla Íslendinga á sama tímabili er sýndur á mynd 2.19.5. og töflu 3.19.8. Veiðar úr stofninum frá og með 2002 voru takmarkaðar við að veiðidánartalan færi ekki yfir 0.125 samkvæmt samkomulagi frá 2001 milli Norðmanna, Rússa, Íslendinga, Færeyinga og Evrópusambandsins. Vegna uppsagnar Norðmanna á samning um skiptingu aflans úr stofninum fyrir vertíðina 2003 var hins vegar ekki í gildi formlegur samningur þar til að samkomulag náðist aftur í janúar 2007. Samkvæmt því samkomulagi er hlutur Íslands 14,51% af heildarveiðinni. Fyrir árið 2007 lagði Alþjóðahafrannsóknaráðið til að aflinn færi ekki yfir 1280 þús. tonn og var hlutur Íslendinga því 186 þús. tonn.

Afli Íslendinga árið 2007 var um 174 þús. tonn. Íslensku skipin hófu veiðar í maí í lögsögu Íslands og veiddu þar vel í júní-ágúst. Eftir því sem leið á sumarið færðust veiðarnar einnig yfir á alþjóðlega hafsvæðið í Noregshafi og yfir í norsku lögsöguna um haustið. Á síldarvertíðinni 2007 fengust um 8 þús. tonn innan færeysku lögsögunnar, um 24 þús. tonn á alþjóðlega hafsvæðinu, 1500 tonn á Jan Mayen svæðinu og 33 þús. tonn innan norskrar lögsögu. Innan íslensku lögsögunnar veiddust um 107 þús. tonn sem er mesti aflí þar síðan á 7. áratug síðustu aldar. Ólíkt þremur síðustu árum veiddist nær ekkert af norsk-íslenskri síld haustið 2007 í bland við íslensku sumargotssíldina fyrir austan land enda nær engin síldveiði þar.

Samkvæmt stofnmati á norsk-íslenska síldarstofninum frá árinu 2007 var stærð hrygningarstofnsins um 12 milljónir tonna árið 2007. Stærð hrygningarstofns og vegin meðalveiðidánartala 5–14 ára síldar er sýnd á mynd 2.19.6. Mest áberandi í hrygningarstofninum er árgangurinn frá 2002, en ár-




Mynd 2.19.6. **NORSK-ÍSLENSK VORGOTSSÍLD.** Stærð hrygningarstofns í milljónum tonna árin 1950–2007 og vegin meðalveiðidánartala (F) 5–14 ára síldar 1950–2006.

Fig. 2.19.6. **NORWEGIAN SPRING SPAWNING (ATLANTO-SCANDIAN) HERRING.** Spawning stock size (million tonnes) from 1950–2007 and weighted mean F_{5-14} 1950–2006.

gangarnir frá 1998 og 1999 eru þó enn metnir stórir í hrygningarstofninum. Þá bendir margt til að 2004 árgangurinn sé mjög stór og árgangur 2003 sé vel yfir meðallagi.

Alþjóðahafrannsóknaráðið lagði til að ekki yrðu veidd meira en 1 518 þús. tonn árið 2008, en það er í samræmi við markmið langtíma stjórnuunar á veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum og var íslenskum skipum úthlutað 220 262 tonnum.

Þar sem vinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins um uppsjávarfiska hittist að hausti til, mun mat á stærð stofnsins og tillaga um hámarksafla fyrir árið 2009 liggja fyrir í október 2008.



Mynd 2.19.5. **NORSK-ÍSLENSK VORGOTSSÍLD.** Heildaraflí og aflí Íslendinga (þús. tonna) árin 1950–2007.

Fig. 2.19.5. **NORWEGIAN SPRING SPAWNING (ATLANTO-SCANDIAN) HERRING.** Total landings (thous. tonnes) from 1950–2007 and Icelandic landings in the same period.

2.20. LOÐNA *Mallotus villosus*



2.20.1. Afli og veiðar


Bráðabirgða upphafsafilahámark fyrir vertíðina 2007/2008 var 205 þús. tonn. Það skiptist milli Íslands, Noregs, Færeyja og Grænlands skv. samningi sem ríkir milli þjóðanna. Tafla 2.20.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, ákvarðanir stjórnvalda um heildar- aflamark og loðnuafli á svæðinu Ísland/Grænland/Jan Mayen frá 1984/85–2007/08.

Tafla 3.20.1. sýnir loðnuafli í þúsundum tonna á svæðinu Ísland/Grænland/Jan Mayen og skiptingu hans milli veiðitímabíla og þjóða frá því að loðnuveiðar hófust árið 1963. Loðnuafli og skipting aflans í sumar-, haust- og vetrarveiði á vertíðunum 1963/64–2007/08 er sýndur á mynd 2.20.1.

Haustveiðin hefur verið lítil allt frá því að mikil minnkun varð á stærð stofnsins veturinn 1990-1991 og engin síðustu 6 árin. Vetraraflinn síðustu 3 vertíðir er sá minnsti frá 1972 ef frá eru taldar vertíðarnar 1981-1983 og 1991.

Á vertíðinni 2007/08 byrjuðu veiðarnar í fyrstu viku janúar 2008 norðaustur af landinu, en fylgdu síðan göngunni suður með Austurlandi.

Venjulega kemur fyrsta hrygningargangan sunnan úr hafi upp að Suðausturströndinni í byrjun annarrar viku febrúar og gengur þaðan vestur með suðurströndinni. Í ár skilaði einungis hluti stofnsins sér þessa leiðina, en meginhluti veiðistofnsins kom upp úr Reynisdýpi dagana 25.-27. febrúar og var stofninn mældur á því svæði. Þar sem ítrekaðar mælingar í janúar og febrúar bentu til þess að veiðistofninn væri mun minni en spár gerðu ráð fyrir, lagði Hafrannsóknastofnunin til að veiðar yrðu stöðvaðar og var það gert 20. febrúar. Opnað var aftur fyrir veiðar 27. febrúar er tekist hafði að mæla veiðistofninn. Veiðum lauk 15. mars og höfðu þá



LOÐNA. Veiðisvæði við Ísland vertíðina 2007/08. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

CAPELIN. Fishing grounds in 2007/08 fishing season. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).


veiðst um 203 þús. tonn. Þar af veiddu erlend skip um 54 þús. tonn, en afli Íslendinga varð 149 þús. tonn.

Skipting aflans í fjölda fiska eftir aldri á sumar- og haustvertíðum 1978-2005 er sýnd í töflu 3.20.2, en árin 2006 og 2007 voru engar sumar- eða haustveiðar. Skipting aflans í fjölda fiska eftir aldri á vetrarvertíðum 1979-2008 er sýnd í töflu 3.20.3. Hlutfall fjögurra ára loðnu hefur farið minnkandi síðan veturinn 1998 og hefur það verið mjög lágt síðustu 3 vetur eða innan við 3%.

2.20.2. Stofnstærðarmælingar

Frá því um 1980 hefur verið farið árlega í leiðangra að hausti, í október/nóvember, til þess að kanna útbreiðslu og magn unglöðnu. Niðurstöður þessara leiðangra hafa verið notaðar til þess að reikna upphafsafلامark í mörg ár. Á árunum 2001–2005 virðist útbreiðslusvæði unglöðnu hafa breyst, því erfiðlega gekk að finna og mæla unglöðnu á þessum árum og tókst sum árin alls ekki. Haustið 2006 fannst lítið magn unglöðnu á hefðbundnum slóðum út af Norðvestur- og Norðurlandi. Alls mældust um 45 milljarðar 1 árs loðnu og var það grundvöllur upphafsafلامarks fyrir vertíðina 2007/08. Haustið 2007 fannst afar lítið magn unglöðnu. Niðurstöður þeirra mælinga eru langt undir því magni sem þarf til að hægt sé að mæla með upphafsafلامarki fyrir vertíðina 2008/2009 (Tafla 3.20.6 og mynd 2.20.2). Í apríl/maí 2008 var farið í leiðangur til þess að kanna magn unglöðnu. Mjög lítið fannst af loðnu í þeim leiðangri.

Leiðangrar sem beinast að kynþroska hluta stofnsins, þ.e.a.s. veiðistofninum, eru farnir að hausti (október/nóvember) og/eða að vetri (janúar/febrúar). Tilgangur þeirra er að mæla stærð veiðistofnsins og setja endanlegt aflamark fyrir vertíðina. Síðastliðin 8 ár hefur ekki tekist að mæla stærð veiðistofnsins fyrir áramót.




Mynd 2.20.1. LOÐNA. Heildarafli og skipting afla á sumar-, haust-, og vetrarvertíðum 1963/64–2007/08.

Fig. 2.20.1. CAPELIN. Total landings and partitioning of the landings taken in summer, autumn and winter in the 1963/64–2007/08 fishing seasons.

TAFLA 2.20.1.
LOÐNA. Endanlegar tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámurk, heildaraflamark
samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1984/85–2007/08.

CAPELIN. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1984/85–2007/08.

Vertíðir Seasons	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others)	Afli alls Total landings
1984/85	920	920	774	123	897
1985/86	1 280	1 280	987	325	1 312
1986/87	1 290	1 290	1 053	380	1 333
1987/88	1 115	1 115	912	204	1 116
1988/89	1 065	1 065	921	116	1 037
1989/90	900	900	666	142	808
1990/91	250	312	284	27	311
1991/92	740	740	635	47	682
1992/93	900	900	655	95	793
1993/94	1 250	1 250	1 001	178	1 179
1994/95	850	850	750	114	864
1995/96	1 150	1 150	883	46	929
1996/97	1 600	1 600	1 249	322	1 571
1997/98	1 265	1 265	940	260	1 245
1998/99	1 200	1 200	899	201	1 100
1999/00	1 000	1 000	844	90	934
2000/01	1 110	1 110	894	177	1 071
2001/02	1 300	1 325	1 051	198	1 249
2002/03	1 000	1 000	765	223	988
2003/04	875	875	575	167	742
2004/05	985	985	640	144	784
2005/06	215	238	193	45	238
2006/07	370	385	307	70	377
2007/08	308	207	149	54	203



Mynd 2.20.2. LOÐNA. Mældur fjöldi 1 árs loðnu að hausti árin 1981–2007. (árgangar 1980–2006)

Fig. 2.20.2. CAPELIN. Acoustically measured number of age 1 capelin in autumn 1981–2007.

Þann 9. janúar 2008 lagði r/s Bjarni Sæmundsson úr höfn í Reykjavík til þess að mæla veiðistofn loðnu fyrir Norður-, Norðaustur- og Austurlandi. Það sem eftir var janúar og á fyrstu tveim vikum febrúar voru gerðar 4 tilraunir til þess að bergmálmæla stofninn. Spáð aflamark fyrir vertíðina var 308 þús. tonn (byrjunaraflamark 205 þús. tonn) en sú spá byggðist á unglöðnumælingu frá haustinu 2006. Hæsta mælingin af þessum 4 var 280 þús. tonn. Þar sem allar mælingarnar fram undir miðjan febrúar voru lágur þá lagði Hafrannsóknastofnunin til við Sjávarútvegsráðuneytið þann 18. febrúar að öllum loðnuveiðum yrði hætt þar sem

mun minna hafði mælst af veiðistofninum en spáð hafði verið að ætti að vera til. Veiðum var hætt þann 20. febrúar kl. 12.

Þann 25.–27. febrúar tókst að mæla veiðistofnin fyrir sunnan land. Alls mældust um 470 þús. tonn í og vestan við Reynisdýpi. Hafrannsóknastofnunin lagði þá til að veiðar yrðu hafnar að nýju, sem var gert þann 27. febrúar. Næstu viku á eftir, þar til 3. mars, mældust um 56 þús. tonn til viðbótar af loðnu. Þar af voru um 50 þús. tonn kynþroska fiskur. Alls voru því um 530 þús. tonn mæld af kynþroska loðnu á vertíðinni 2007/2008. Á grundvelli þessa var gefið út endanlegt aflamark fyrir vertíðina, alls 207 þús. tonn.

Skipulögð loðnuleit átti sér stað 20.–22. janúar er tvö skip komu að leitinni ásamt r/s Bjarna Sæmundssyni. Þann 16.–20. febrúar var svæðið fyrir austan og norðan land kannað af 2 skipum ásamt r/s Bjarna Sæmundssyni en r/s Árni Friðriksson kannaði á sama tíma hafsvæðið út af Vestfjörðum.


Þrátt fyrir að loðna sæist víða á Vestfjarðar- og Norðvesturmiðum í mars þá mældist aðeins óverulegt magn í bergmálsleiðangri sem var farinn sérstaklega til könnunar á þessu svæði.

Stærð loðnustofnsins í fjölda fiska eftir aldri og kynþroska miðað við 1. janúar árin 1982–2008 er sýnd í töflu 3.20.5. Taflan sýnir enn fremur heildarstærð kynþroska og ókynþroska hluta stofnsins. Stærð hrygningarstofns í lok vertíðar bæði í fjölda og þyngd er einnig sýnd í sömu töflu. Stærð veiðistofns

1. janúar árin 1979–2008 og stærð hrygningarstofns við lok vertíðanna sama ár er sýnd á mynd 2.20.3. Ljóst er að veiðistofninn hefur verið lítill síðustu 3 vertíðar. Frá árinu 1979 hefur stærð veiðistofnsins aðeins 4 sinnum verið metin minni en hann var metinn 1. janúar 2006 og 2008. Það var árin 1981–1985 og 1991. Áætluð stærð hrygningarstofns í lok vertíðar 2007/2008 var um 406 þús. tonn.

2.20.3. Tillögur um hámarksafla á vertíðinni 2008/09.

Loðnuveiðunum er stjórnað með tveggja þrepa aflareglu, sem gerir ráð fyrir því að 400 þús. tonn séu skilin eftir til hrygningar í lok vertíðar. Fyrra þrepið



Mynd 2.20.3. LOBNA. Stærð veiðistofns 1. janúar og stærð hrygningarstofns (þús. tonna) á hrygningartíma á vertíðunum 1978/79–2007/08.

Fig. 2.20.3. CAPELIN. Abundance of the fishable stock 1-January in the 1978/79–2007/08 fishing seasons and the remaining spawning stock biomass at the end of each season (thous. tonnes).

er að reikna út leyfilegan hámarksafla, sem byggir á niðurstöðum úr bergmálmælingum unglöðnu að hausti, ári áður en hún kemur í veiðistofninn. Upphafskvóti er síðan settur sem 2/3 af áætluðum mögulegum heildarafla, að því tilskildu að 400 þús. tonn séu skilin eftir til hrygningar. Síðara þrepið er að mæla sömu árganga á vertíðinni þegar þeir eru komnir í veiðina og endurreikna leyfilegan hámarksafla, sem gerir áfram ráð fyrir að 400 þús. tonn séu skilin eftir til hrygningar í lok vertíðar.

Til þess að spá fyrir um fjölda loðnu í veiðistofninum hefur verið stuðst við spálíkan, þar sem annars vegar er borinn saman mældur fjöldi ársгамallar loðnu að hausti og fjöldi kynþroska tveggja ára loðnu árið eftir, og hins vegar mældur heildarfjöldi tveggja ára loðnu og fjöldi kynþroska þriggja ára loðnu ári seinna (tafla 3.20.6.).

Næsta loðnuvertíð (2008/2009) ætti að byggjast á kynþroska hluta árgangsins frá 2006, en auk þess á þeim hluta árgangsins frá 2005 sem ekki hrygndi vorið 2008. Þar sem mjög lítið mældist af ókynþroska loðnu haustið 2007 (mynd 2.20.2) eru ekki forsendur til þess að leggja til upphafsaflla fyrir vertíðina 2008/2009.


Með hliðsjón af ofangreindu leggur Haf-rannsóknastofnunin til að loðnuveiðar verði ekki heimilaðar fyrr en tekist hefur að mæla stofninn og niðurstaðan gefi til kynna að óhætt sé að leyfa umtalsverðar veiðar með tilliti til þess að 400 þús. tonn verði skilin eftir til hrygningar í mars.

2.21. KOLMUNNI *Micromesistius poutassou*



2.21.1. Veiðarnar

Á mynd 2.21.1 og í töflu 3.21.1 sést hvernig aflþróunin hefur verið í kolmunnaveiðunum í Norðaustur-Atlantshafi frá því árið 1970. Á árunum 1970–1981 jókst aflinn úr um 40 þús. tonnum í um 1,1 milljón tonn. Næstu ár minnkaði aflinn aftur og hélst nokkuð stöðugur á tímabilinu frá 1982–1997, um 600 þús. tonn. Jókst aflinn hratt frá 1998 og náði hámarki árið 2004 er hann var 2,4 milljónir tonna. Hann hefur lækkað síðan en reiknað er með að aflinn árið 2008 verði um 1,7 milljónir tonna.




Afli Íslendinga jókst ört á tímabilinu 1997–2003, úr rúnum 10 þús. tonnum í rúm 500 þús. tonna, en hefur farið minnkandi síðan (mynd 2.21.1). Afli Íslendinga árið 2007 var 237 þús. tonn. Á árunum 1995–2005 var 54–100% íslenska aflans veiddur í íslenski lögsögu, en á árunum 2005–2007 voru rúm 60% íslenska aflans veiddur í færeyski lögsögu. Árin 2006 og 2007 var 20% aflans veiddur á alþjóðlega hafsvæðinu vestur af Bretlandseyjum.

2.21.2. Aldursskipting í afla


Upplýsingar um aldursskiptingu heildaraflans árið 2007 liggja ekki fyrir en í heildaraflanum árið 2006 báru árgangarnir frá 2001–2003 uppi veiðina, en samtals voru þessir þrjú árgangar um 80% af fjölda veiddra fiska. Árið 2005 voru tæp 75% aflans í fjölda úr árgöngunum frá 2000–2002.


Í íslenska aflanum 2007 var árgangurinn frá 2002 algengastur í fjölda (35%), en næstir komu árgangarnir 2001 (24%) og 2003 (21%). Samtals voru þessir 3 árgangar með um 80% af fjölda landaðra fiska.



2.21.3. Ástand stofnsins


Í október ár hvert er gerð úttekt á kolmunnastofninum á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Ný úttekt á ástandi stofnsins mun því ekki liggja fyrir fyrr en í október 2008 og er því nýjasta mat á stærð stofnsins frá því í október 2007. Samkvæmt því stofnmati stækkaði hrygningarstofninn úr 2,1 milljónum tonna 1996 í um 7 milljón tonn árið 2003 með tilkomu mjög stórra árganga frá 1995–2002 en minnkaði aftur í um 4,2 milljónir tonna árið 2007. Stærð hrygningarstofns á árunum 1981–2007 er sýnd á mynd 2.21.2 og fjöldi eins árs nýliða á árunum 1981–2006 er





Mynd 2.21.3. **KOLMUNNI**. Mat á stærð árganga 19880-2005 við eins árs aldur (í milljörðum).

Fig. 2.21.3. **BLUE WHITING**. Size of the 1980-2005 year classes. Number of recruits at age 1 (in billions).



Mynd 2.21.4. **KOLMUNNI**. Niðurstöður bergmálmælinga (í þyngd) á stærð kolmunna á hrygningarslóð 1991-2008. Norskar mælingar 1991-2003 en fjölþjóðlegar mælingar frá þeim tíma.

Fig. 2.21.4. **BLUE WHITING**. Results of acoustic biomass estimate at spawning grounds since 1991. Norwegian results until 1993 but results from international surveys thereafter.

sýndur á mynd 2.21.3. Allir árgangar frá 1995-2004 eru taldir stórir eða mjög stórir og jafnframt sést að þeir eru allir metnir stærri en stærsti árgangurinn frá 1980-1994. Óvissa er um stærð 2005 árgangsins en sterkar vísbendingar eru um að hann sé lítill.

Meðalveiðidánartala (F) 3-7 ára kolmunna hefur verið 0.40-0.55 á árunum 1998-2006 (mynd 2.21.1.). Ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins er að veiðidánartalan sé lægri en 0.32.

Norðmenn og Rússar hafa metið stærð hrygningarstofnsins með bergmálmælingum á hrygningarstöðvunum vestan Bretlandseyja og við Færeyjar í mars-apríl hvert ár síðan árið 1983. Frá árinu 2004 hafa rannsóknirnar verið gerðar í samstarfi margra þjóða. Enda þótt niðurstöður bergmálmælinga á uppsjávarfiskum séu oft taldar mæla raunverulega stofnstærð er talið að svo sé ekki um kolmunna þar sem nokkur óvissa er um endurvarpsstuðul hans. Því eru niðurstöður bergmálmælinga-

anna notaðar sem vísitölur sem endurspeglar breytingar í stofnstærð. Niðurstöðurnar sýna að lífmassavísitala hrygningarstofns hefur verið á bilinu 4,1-11,1 árin 1991-2008 (mynd 2.21.4.). Í mars-apríl 2008 var vísitalan 7,9 sem er um 29% minnkun frá því árinu á undan.

2.21.4. Horfur og tillögur um hámarksaflla

Alþjóðahafrannsóknaráðið lagði til að ekki yrði veitt meira en 835 þús. tonn af kolmunna árið 2008. Þetta samsvarar fiskveiðidánartölu nálægt 0.32 og er í samræmi við varúðarsjónarmið. Íslendingar, Norðmenn, Færeyingar og Evrópusambandið gerðu með sér samkomulag í desember 2005 um veiðar úr kolmunna stofninum. Byggt á því samkomulagi þá var samþykkt á aðalfundi Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndar (NEAFC) í október 2007 að veiðar úr þessum stofni yrðu ekki meiri en 1 250 þús. tonn árið 2008. Hluttur Íslendinga er tæp 203 þús. tonn.


Aflatillögur Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir árið 2009 munu liggja fyrir í október að loknum haustfundi ráðgjafanefndar þess 2008.

2.22. GULLLAX *Argentina silus*



2.22.1. Afli og sókn

Gulllax hefur veiðst í botnvörpu við Ísland um langt árabil, einkum sem aukaafli við karfaveiðar og var lengst af kastað. Tilraunaveiðar hófust árið 1986 fyrir Suður-, Suðvestur- og Suðausturlandi. Þær voru hins vegar litlar og var heildarafli árána 1986–1995 innan við 4 000 tonn. Mestar voru veiðarnar á þessu tímabili árið 1993, en það ár var rúmum 1 200 tonnum landað. Á árinu 1997 jókst áhugi á gulllaxveiðum verulega og mörg skip fengu leyfi til tilraunaveiða með botnvörpu. Sóknin margfaldaðist á árunum 1997–1998 og jókst aflinn úr rúmum 800 tonnum árið 1996 í rúm 13 þús. tonn í júlí 1998, (mynd 2.22.1. og tafla 3.22.1.) er veiðar voru stöðvaðar. Aflinn árið 2007 var rúm 4 200 tonn. Frá árinu 1999 hefur aflinn verið á bilinu 2 500–5 500 tonn. Breytingar á afla á síðustu árum endurspeglar áhuga á veiðunum og markaðsaðstæður. Sú breyting hefur orðið í veiðunum á síðustu árum að meira er veitt af smærri og jafnframt yngri gulllaxi en var og hefur meðallengd í



GULLLAX. Veiðisvæði við Ísland árið 2007. Öll veiðarfæri sýnd. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).


GREATER SILVER SMELT. Fishing grounds. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

afla minnkað um 5 cm frá árunum 1997–1998.

Gulllax veiðist í stofnmælingu botnfiska en þó er útbreiðslusvæði hans að mestu utan mælingasvæðisins.

2.22.2. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2008/2009

Upplýsingar um afrakstursgetu gulllaxstofnsins eru mjög takmarkaðar og ber því að fara varlega í nýtingu hans þar til frekari vitneskja liggur fyrir. Hafrannsóknastofnunin ítrekar því fyrri ábendingar um að varúðar sé þörf við nýtingu stofnsins en leggur ekki fram tillögur um heildaraflamark fyrir fiskveiðiárið 2008/2009.



Mynd 2.22.1. **GULLLAX.** Heildarafli (þús. tonna) á Íslandsmiðum árin 1985–2007.

Fig. 2.22.1. **GREATER SILVER SMELT.** Total landings from Icelandic waters during the period 1985–2007 (thous. tonnes).


2.23. HUMAR *Nephrops norvegicus*



2.23.1. Veiðarnar

Fyrir fiskveiðiárið 2007/2008 var, í samræmi við tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, úthlutað 1 900 tonna veiðiheimildum fyrir humar.


Alls var landað 2 006 tonnum árið 2007 en 1 875 tonnum árið 2006. Þá var meðalafli á togtíma (kg/klst./maí-ágúst/staðlað miðað við eitt troll) 98 kg árið 2007, samanborið við 66 kg og 45 kg árin 2006 og 2005. Humarafa og veiðidánartölur árin 1970–2007 má sjá á mynd 2.23.1. Heildarafli allt frá 1951 er sýndur í töflu 3.23.1 og í fjölda eftir aldri árin 1981–2007 í töflu 3.23.3



Skipting humarafa eftir svæðum árið 2007 var eftirfarandi: Suðvesturmið (Jökuldjúp – Selvogsléir) 1 200 tonn, Vestmannaeyjamið (Selvogsbanki og Vestmannaeyjar) 53 tonn og Suðausturmið 753 tonn. Afli dróst saman á Vestmannaeyjamíðum og Suðausturmiðum en fjórfaldaðist við Suðvesturland. Skipting humarafa eftir svæðum á árunum 1970–2007 er sýnd í töflu 3.23.2. Í heildina var afli á togtíma sá mesti síðan skráningar hófust um 1960 og jókst afli á togtíma á öllum svæðum líkt og árið 2006, mest við Suðvesturland eða um 90% en minnst á Suðausturmiðum eða um 20%.


Mynd 2.23.2. sýnir spá í maí 2007 um skiptingu aflans eftir áætluðum aldri (miðað við fjölda) fyrir humarvertíðina 2007 og áætlaðan fjölda eftir aldri byggðan á sýnum úr afla á vertíðinni. Hlutfallslega minna veiddist af átta ára humri og yngri og 13 ára og eldri en gert hafði verið ráð fyrir. Þetta skýrist að mestu af óvenju mikilli veiði af stórum humri við Suðvesturland og minni veiði á Suðausturmiðum þar sem humar var smærri.

Tafla 2.23.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórnvalda og humaraplann frá árinu 1984.



HUMAR. Veiðisvæði við Ísland árið 2007. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

NEPHROPS. Fishing grounds in 2007. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).



2.23.2. Ástand stofnsins og horfur

Minnkandi nýliðun á síðari hluta níunda og fyrri hluta tíunda áratugarins (mynd 2.23.3. og tafla 3.23.4.) og mikil sókn lengst af á sama tímabili (mynd 2.23.1. og tafla 3.23.5.) endurspegladist í minni veiðistofni en nokkru sinni fyrr þegar kom fram á miðjan tíunda áratuginn (mynd 2.23.4. og tafla 3.23.4). Þetta má enn fremur merkja í lélegum afla á togtíma um og upp úr 1995 (tafla 3.23.2.).


Árið 2002 fór að bera á smáum humri á Suðausturmiðum vegna nýliðunar árganga frá 1996–1997. Þessa humars gætti í auknum mæli í veiðinni 2003–2005 og eru árgangar 1996–1997 enn þá nokkuð áberandi í veiði suðaustanlands það sem af er vertíðinni 2008. Samkvæmt stofnmælingu humars í maí 2008 er hins vegar 7–9 ára humar (árgangar 1999–2001) sá mest áberandi miðað við fjölda. Með

TAFLA 2.23.1.
Humar. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) árin 1984–2007/08.

Nephrops. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) 1984–2007/08.

Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli alls Total landings
1984	2 400	2 600	2 500
1985	2 300	2 400	2 400
1986	2 500	2 500	2 600
1987	2 700	2 800	2 700
1988	2 600	2 600	2 200
1989	2 100	2 100	1 900
1990	2 100	2 000	1 700
1991	2 100	2 100	2 200
1991/92 ¹⁾	2 100	2 100	2 200
1992/93 ¹⁾	2 200	2 400	2 400
1993/94 ¹⁾	2 200	2 400	2 200
1994/95 ¹⁾	2 200	2 200	1 000
1995/96 ¹⁾	1 500	1 500	1 600
1996/97 ¹⁾	1 500	1 500	1 200
1997/98 ¹⁾	1 500	1 200	1 400
1998/99 ¹⁾	1 200	1 200	1 400
1999/00 ¹⁾	1 200	1 200	1 300
2000/01 ¹⁾	1 400	1 400	1 400
2001/02 ¹⁾	1 500	1 500	1 577
2002/03 ¹⁾	1 600	1 600	1 687
2003/04 ¹⁾	1 600	1 600	1 437
2004/05 ¹⁾	1 500	1 500	2 035
2005/06 ¹⁾	1 600	1 800	1 946
2006/07 ¹⁾	1 700	1 800	1 946
2007/08 ¹⁾	1 900	1 900	

¹⁾ Fiskveiðiaríð september-ágúst. *Quota year September-August.*




1999. Samkvæmt fyrri reynslu var hins vegar óvarlegt að gera ráð fyrir viðvarandi jafnmikilli veiði eins og síðan kom í ljós árið 2006 og 2007 þó að afli á sóknareiningu hafi haldist áfram góður miðað við síðari ár. Í stofnmælingu humars í maí 2006 komu fram vísbendingar um batnandi aflahorfur á vestustu svæðunum við Reykjanes en þau höfðu verið slök um langt árabil. Svipaðar vísbendingar voru fyrir hendi í stofnmælingu 2007 og aflinn árið 2007 varð sá mesti síðan á öndverðum áttunda áratugnum. Þetta verður með engu móti rakið til nýliðunar yngri árganga í stofninn á svæðinu enda byggðist veiðin mikið á 10-15 ára humri en einnig að verulegu leyti á enn eldri humri. Þróun nýliðunar suðvestan lands er mun óljósari heldur en á flestum öðrum svæðum. Stækkun stofnsins á undanförunum árum vegna árganga frá tíunda áratugnum og jafnvel fyrir 1990 hefur ekki endurspeglast í auknum afla og afla á sóknareiningu fyrir en árið 2006 og þó sérstaklega 2007. Í framhaldi veiðanna 2007 má þó gera ráð fyrir einhverjum samdrætti í stærri humri eins og berlega kom í ljós í stofnmælingu 2008 þar sem 8-9 ára humar (árgangar 1999-2000) var orðinn sá mest áberandi miðað við fjölda á svæðinu norður af Eldey. Niðurstöður stofnmælinga benda jafnframt til batnandi nýliðunar á Suðvesturmiðum, en meira var vart við yngstu árgangana í stofnmælingunni árið 2008 en verið hefur í mörg ár þar á undan.

Veiðidánartölur frá 1970 eru sýndar á mynd 2.23.1. og frá 1981 í töflu 3.23.5. Allt frá því að núverandi aðferðir voru teknar upp við mat á stofnstærð humars, hefur ávallt verið stefnt að því að miða veiðar við kjörsókn í stofninn ($F=0.15$). Þó að það hafi að jafnaði gengið eftir til lengri tíma hafa sveiflur í stofnstærð og/eða mismunandi aðstæður eftir veiðisvæðum stundum leitt til óvenju mikillar sóknar tímabundið á tilteknum miðum.


Mynd 2.23.5. sýnir spá um aldursdreifingu humars í aflanum árin 2008 og 2009 sem gerð var að lokinni humarvertíð árið 2007 og stofnmælingu 2008. Gert er ráð fyrir því, miðað við fjölda, að átta

batnandi nýliðun árganga frá og með 1996 jókst afli á sóknareiningu á Suðausturmiðun þannig að árin 2006-2007 og það sem af er núverandi vertíð hafa aflabrogð verið betri en nokkru sinni fyrr.

Á Suðvestur- og Vestmannaeyjamiðu hafa léleg aflabrogð verið viðloðandi síðan á níunda áratugnum enda nýliðun almennt lítil. Árin 1999 og 2000 komu fram vísbendingar um batnandi nýliðun árganga frá um 1995 við Vestmannaeyjar og á Selvogsbanka. Stórauknar veiðar við Vestmannaeyjar árið 2005 byggðust á mörgum árgöngum frá árabílinu 1994–



ára gamall humar (árgangur 2000) verði mest áberandi í veiðinni 2008 og einnig átta ára humar (árgangur 2001) árið 2009. Miðað við þyngd mun þó 9–12 ára humar (árgangar 1996–1999) áfram veða mikið. Búast má við að árin 2008 og 2009 verði humarinn stærstur á Suðvesturmiðum, líkt og árið 2007.



2.23.3. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2008/2009

Veiðistofn humars (6 ára og eldri) árið 2008 telst samkvæmt núverandi mati vera um 18 000 tonn eða rúmlega 10% stærri en gert hafði verið ráð fyrir á síðasta ári. Þetta byggist á því að árgangar 1995–2000 eru allir metnir stórir og hversu mikið eldri árgangar veða í þyngd á Suðvesturmiðum miðað við fyrra mat. Stofninn virðist því hafa farið jafnt og þétt stækkandi undanfarið ár eftir að hafa verið í

TAFLA 2.23.2.
HUMAR. Áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð veiðistofnsins (tonn) árið 2010.
 NEPHROPS. Projection of fishable stock biomass (tonnes) in 2010 for different management strategies.

2008		2009		2010
Stofn 6+ Stock 6+	Afli F ¹⁾ Catch	Aflhá- mark TAC	Stofn 6+ Stock 6+	Stofn 6+ Stock 6+
18 100	0.14	1 900	18 100	18 200
		2 200	18 100	17 900
		2 500	18 100	17 600

¹⁾ F=Meðalveiðidánartala 6-13 ára humars.
 Mean fishing mortality of age groups 6-13.


sögulegu lágmarki um og upp úr 1995.

Í framreikningum á stofnstærð til ársins 2010, sem sýndir eru í töflu 2.23.2, eru árgangar 2003–2004 settir jafnir og meðalnýliðun árána 1985–2000. Þessir árgangar munu bætast í veiðistofninn árin 2009–2010. Þá er reiknað með því að meðalþyngd eftir aldri verði eins og sýnt er í töflu 3.23.6. og að afli fiskveiðiársins 2007/08 verði 2 000 tonn.

Af þessu leiðir að verði landaður afli 2 200 tonn (kjörsókn) fiskveiðiárið 2008/2009 mun veiðistofninn fara minnkandi á komandi árum nema nýliðun verði enn betri en núverandi visbendingar eru um í stofnmælingu humars.

Í ljósi þess sem að ofan greinir leggur Hafrannsóknastofnunin því til að hámarksafli humars fiskveiðiárið 2008/2009 fari ekki yfir 2 200 tonn.

2.24. RÆKJA *Pandalus borealis*



2.24.1. Veiðarnar

Rækjuveiðar hafa verið stundaðar á Íslandsmiðum síðan á 4. áratug síðustu aldar en lengst af var eingöngu um takmarkaðar veiðar á grunnslóð að ræða. Rækjuveiðar á djúpslóð hófust upp úr 1980 og urðu fljótlega mun umfangsmeiri en veiðarnar á grunnslóð (tafla 3.24.1 og mynd 2.24.1).

Rækjuveiðar á Íslandsmiðum náðu hámarki á árunum 1994–1997 þegar þær voru yfir 70 þúsund tonn á ári. Frá árinu 1997 hafa þær hins vegar dregist mjög hratt saman og voru einungis um 2 000 tonn árið 2007.


2.24.2. Ástand rækju á grunnslóð 2007/2008 og tillögur að upphafsafli á fiskveiðiárinu 2008/2009

Í töflu 3.24.2 er yfirlit yfir veiðisvæði rækju á grunnslóð síðan 1990/91 en á árinu 2007 var Kolluáll eina svæðið sem veiðar voru stundaðar á. Mynd 2.24.2 sýnir yfirlit yfir afla á einstökum svæðum, en þar sést einnig að rækjustofnarnir norðanlands hrundu á árunum 1997–2000 og kemur það bæði fram í stofnvisitölum og afla. Sama gerðist í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði á árunum 2002–2004. Á öllum þessum svæðum er talið að afrán þorsks og ýsu hafi átt verulegan þátt í hruni rækjustofnanna.

Undanfarin ár hafa veiðar nær eingöngu verið á svæðinu við Snæfellsnes. Að auki voru 150 tonna veiðar leyfðar í Arnarfirði að lokinni stofnmælingu í febrúar 2008.

Tafla 2.24.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, ákvarðanir stjórnvalda um heildaraflamark og rækjuafli á grunnslóð vertíðarnar 1984/85–2007/08.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að ekki verði gefinn út upphafskvóti fyrir fiskveiðiárið 2008/2009 á öðrum svæðum en við Snæfellsnes og að hann



RÆKJA. Veiðisvæði úthafs-rækju við Ísland árið 2007. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn á sjm²).

NORTHERN SHRIMP. Fishing grounds in 2007. Dark areas indicate highest catch (tonnes nm²).

verði 400 tonn.

Mat á ástandi rækjustofna á grunnslóð byggir á stofnmælingum, einni til tveimur á ári, á flestum svæðunum í október.


Á miðunum við Snæfellsnes hefur afli verið lítill undanfarin ár. Árin 2005 og 2006 veiddust aðeins 30 tonn inni á Breiðafirði og 13 tonn árið 2007. Í Kolluál veiddust 240 tonn árið 2005, 210 tonn árið 2006

Tafla 2.24.1.

RÆKJA Á GRUNNSLÓÐ. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (í tonnum) vertíðarnar 1984/85–2007/08.


NORTHERN SHRIMP, INSHORE. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) 1984/85–2007/08.

Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark TAC	Afli Catch
1984/85	7 200	7 400	7 400
1985/86	5 900	6 000	6 100
1986/87	2 900	3 000	2 600
1987/88	3 400	3 800	3 800
1988/89	3 500	3 800	3 800
1989/90	4 200	4 500	4 500
1990/91	6 800	6 900	7 000
1991/92	6 900	6 900	7 100
1992/93	7 400	7 400	7 400
1993/94	8 000	8 000	8 000
1994/95	9 100	9 100	9 100
1995/96	11 900	11 900	11 900
1996/97	10 000	10 000	10 000
1997/98	6 900	6 900	6 900
1998/99	4 900	4 900	4 900
1999/00	3 290	3 290	3 300
2000/01	2 500	2 500	2 500
2001/02	2 400	2 400	2 400
2002/03	1 950	1 950	1 700
2003/04	750	800	800
2004/05	650	650	705
2005/06	200	200	245
2006/07	200	200	320
2007/08	550		



Mynd 2.24.1. RÆKJA. Heildarafli á Íslandsmiðum á grunnslóð og djúpslóð árin 1964–2007.

Fig. 2.24.1. NORTHERN SHRIMP. Total landings at Iceland from inshore and offshore areas during 1964–2007.



og 300 tonn árið 2007. Afli hefur verið óverulegur undanfarnin ár í Jökuldjúpi nema árið 2000 en þá var hann tæp 1 100 tonn (mynd 2.24.2.). Lagt er til að afli á miðunum við Snæfellsnes verði 400 tonn á fiskveiðiárinu 2008/2009.

Samkvæmt stofnmælingu veturinn 2007/2008 er rækjustofninn í **Arnarfirði** undir meðallagi en hefur þó stækkað aðeins frá vetrinum 2005/2006 þegar

hann var í lágmarki. Um 440 tonn veiddust á þessu svæði vetur og sumar 2004/2005 (mynd 2.24.2.). Í haustkönnun 2007 mældist mjög mikið af ýsu og þorski en rækjan var einkum í Borgarfirði, líkt og haustin 2004, 2005 og 2006. Lagt var til að engar rækjuveiðar yrðu stundaðar veturinn 2007/2008, en eftir vorkönnun árið 2008 voru leyfðar veiðar á 150 tonnum af rækju fiskveiðiárið 2007/2008 þar sem

TAFLA 2.24.2. RÆKJA Á GRUNNSLÓÐ. Tillögur um upphafsafli (tonn) fiskveiðiárið 2008/2009. <i>NORTHERN SHRIMP, INSHORE. Recommended provisional TAC</i> <i>(tonnes) for the quota year 2008/2009.</i>	
Svæði Area	Fiskveiðiárið 2008/2009 Quota year 2008/2009
Eldey	0
Snæfellsnes	400
Arnarfjörður	0
Ísafjarðardjúp	0
Húnaflói	0
Skagafjörður	0
Skjálfandi	0
Öxarfjörður	0


mun minna fékkst af þorski og ýsu í firðinum og útbreiðsla rækjunnar var mun meiri en áður. Ekki er þó lagður til upphafsafli fyrir fiskveiðiárið 2008/2009.

Samkvæmt stofnmælingu í **Ísafjarðardjúpi** haustið 2007 hefur rækjustofninn aukist verulega eftir hrúnið árið 2004 og var stofnvísitalan 2007 svipuð og haustið 2003 (mynd 2.24.2.). Aukning í stofnstærð stafar sennilega mest af minna afráni á rækju en minni ýsu- og þorskgengd var veturinn 2007/2008 miðað við fjóra undanfarna vetur. Engar rækjuveiðar voru þó heimilaðar veturinn 2007/2008 og ekki er lagður til upphafsafli fyrir fiskveiðiárið 2008/2009.

Eftir góða rækjuveiði í **Húnaflóa** 1994/95 og 1995/96 (mynd 2.24.2.) hrundi rækjustofninn vegna mikillar þorsk- og ýsugengdar. Haustin 2006 og 2007 var rækjustofninn enn í algjöru lágmarki. Engar rækjuveiðar hafa verið leyfðar í Húnaflóa síðustu 9 vertíðir og ekki er lagt til að þær verði leyfðar fiskveiðiárið 2008/2009. Enda þótt þorskgengd hafi minnkað mjög haustin 2006 og 2007 er ýsugengd enn mjög mikil. Því er ólíklegt að rækjustofninn muni vaxa á næstunni.

Í **Skagafirði** mældist nánast engin rækja veturna 2000/01–2003/04 og voru engar veiðar leyfðar (mynd 2.24.2.). Ýsa og þorskur (eins árs og eldri) voru mjög áberandi í könnunum í firðinum allt frá árinu 2000. Á síðustu árum hefur fjörðurinn verið kannaður annað hvert ár. Í haustkönnun 2007 var mjög lítið af þorski en mjög mikið af ýsu og nánast engin rækja. Engar rækjuveiðar hafa verið leyfðar síðustu 8 vertíðir í Skagafirði og ekki er lagt til að þær verði leyfðar fiskveiðiárið 2008/2009.

Í **Skjálfanda** minnkaði rækjustofninn verulega veturinn 1998/99 (mynd 2.24.2.). Veturinn 1999/2000 var rækjan nánast horfin og engar rækjuveiðar hafa verið stundaðar þar síðustu 8 vertíðir. Talsverð þorsk- og ýsugengd árin 1998 og 1999 stuðlaði að minnkun rækjustofnsins í Skjálfanda. Haustið 2005 var lítið um rækju á svæðinu en gríðarlega mikið af ýsu. Engin könnun fór fram árið



Mynd 2.24.3. RÆKJA. Staðlaður afli á sóknareiningu (kg/klst.) 1974–2007 (á helstu úthafs-rækjusvæðunum) og stofnvísitala úthafs-rækju 1988–2007.

Fig. 2.24.3. **NORTHERN SHRIMP.** Standardized CPUE during 1974–2007 and stock biomass indices in 1988–2007 in major offshore fishing grounds.

2006, en í haustkönnun 2007 fékkst lítið af þorski en mikið af ýsu. Stofnstærðarvísitala rækju hefur hækkað lítils háttar. Ekki er þó búist við að rækjustofninn vaxi mikið í bráð og því ekki lagður til upphafsafli fyrir fiskveiðiárið 2008/2009.

Veturna 2000/01–2003/04 var talsvert meira af tveggja ára og eldri þorski í **Öxarfirði**, en áður hefur mælst á rækjuslóðinni og einnig talsvert af ýsu. Talið er að þetta skýri hrún rækjustofnsins. Í könnunum 2005 til 2007 fékkst lítið af þorski, en hins vegar mikið af ýsu. Ekki er því búist við að rækjustofninn vaxi mikið í bráð sökum mikils afráns og því ekki lagður til upphafsafli fyrir fiskveiðiárið 2008/2009.

Meðalstærð rækju (fjöldi/kg) á hinum ýmsu svæðum er sýnd í töflu 3.24.4. Smæst var rækjan á grunnslóð árið 2007 í Skagafirði (581 stk/kg) og í Skjálfanda (380 stk/kg). Sýni fengin í Breiðafirði voru eingöngu úr vörpu þar sem smárækjuskilja var notuð og er meðalstærð rækjunnar þar því óvanalega mikil fyrir grunnslóðasvæði.

2.24.3. Þróun úthafs-rækjuveiða og aflabrögð

Úthafs-rækjuveiðar fyrir Norðurlandi hófust á áttunda áratugnum og voru fremur litlar til ársins 1984 en þá jukust þær verulega og náðu hámarki árið 1997, rúm 62 þús. tonn. Frá 1998 til 1999 minnkaði afli úr rúmmum 48 þús. tonnum í rúm 25 þús. tonn og hélst á bilinu 20–25 þús. tonn til ársins 2003. Árin 2004 og 2005 minnkaði aflinn enn meira og var aðeins um 600 tonn árið 2006 (tafla 3.24.3.) en varð tæp 1 700 tonn árið 2007. Undanfarin sjö ár hefur rækjuafli verið minni en leyfilegur hámarksafli. Að aflamark náist ekki stafar af því að veiðarnar eru ekki arðbærar vegna afurðaverðs, olíuverðs og lélegra aflabragða. Úthafs-rækjuafli einstakra undirsvæða er sýndur í töflu 3.24.3.


Afli á togtíma (staðlaður miðað við 1600 möskva vörpu) hefur verið nokkuð breytilegur frá því að veiðar hófust en náði hámarki árið 1996, 200 kg/klst. en féll hratt eftir það í 83 kg/klst. árið 1999. Á

árunum 2001–2003 jókst afli á togtíma aftur en minnkaði árin 2004 og 2005 í um 100 kg/klst. (mynd 2.24.3.). Síðan þá hefur hann aukist en þar gæti áhrif minnkandi sóknar ráðið fremur en stækkun stofnsins. Meðalstærð rækju frá 1996–2007 á ýmsum svæðum er sýnd í töflu 3.24.4. Árið 2007 var úthafs-rækjan smæst í Bakkaflóadjúpi (359 stk./kg) en stærst við Kolbeinsey (174 stk/kg). Meðalstærð breytist aðallega eftir styrk árganga á hverju svæði.

Rauða torgið og **Hali** eru utan hefðbundins stofnmælingarsvæðis. Á Rauða torginu hafa fengist allt upp í 1 400 tonn og 2 000 tonn á Hala. Rækjuafli var enginn á þessum svæðum árin 2005–2007.

2.24.4. Stofnmælingar

Hafrannsóknastofnunin hefur staðið fyrir stofnmælingum á úthafs-rækju (SMR) allt frá árinu 1988. Árið 2006 var stofnmælingin endurskoðuð og stöðvum fækkað um 50%. Samanburður við fyrri stofnmælingar reiknaður út frá sömu stöðvum og notaðar voru árið 2006 og 2007 leiddi ekki í ljós marktækan mun á niðurstöðum á árunum 1988–2005 en óvissan í vísitölunum jókst um 40%. Stofnmælingin nær til



Mynd 2.24.4. RÆKJA. Nýliðun tveggja ára úthafs-rækju (fjöldi) á svæðinu Norðurkantur—Héraðsdjúpi árin 1988–2007.

Fig. 2.24.4. NORTHERN SHRIMP. Recruitment indices of 2 year old shrimp in the area Norðurkantur—Héraðsdjúpi during 1988–2007.

allra úthafs-rækjumiðanna fyrir Norðvestur-, Norður- og Austurlandi. Stofnvísitalan 2007 mældist 20% hærri en meðaltal undanfarinna þriggja ára en er þó enn nálægt sögulegu lágmarki. Vísitala kvendýra jókst frá síðasta ári og er nú að nálgast langtíma meðaltal. Tveggja ára rækja er notuð sem vísitala á nýliðun, en fjöldavísitala tveggja ára árið 2007 var mjög lág (mynd 2.24.4). Það lítur því út fyrir að árgangarnir 2003, 2004 og 2005 séu allir mjög litlir.

2.24.5. Stofnmat og forsendur


Afrán þorsks á rækju er talið hafa veruleg áhrif á stofnstærð rækju en til þess að geta metið afránið þarf að hafa mat á magni þorsks á útbreiðslusvæði rækjunnar. Mynd 2.24.5 sýnir þrjár mismunandi vísitölur um magn þorsks á Norðurmíðum þ.e. vísitölur þorsks í stofnmælingu botnfiska í mars (1985–2008), vísitölur þorsks í stofnmælingu úthafs-rækju (SMR) í júlí–ágúst 1987–2007 og vísitölur þorsks í stofnmælingu að hausti (1996–2007). Vísitölur SMB og SMH gefa vísbendingar um magn þorsks fyrir öllu Norður- og Austurlandi (frá Norðurkanti að Berufirði) að hausti og vetri. SMR vísitölur sýna þorskmagn þar sem rækjan heldur sig í djúpunum fyrir norðan og austan að sumri.

Vísitölurnar úr SMR og SMB gefa mjög ólíka mynd af þorskmagni á útbreiðslusvæði rækju. Samkvæmt SMR er mun meira af þorski á árunum 1996–2007 en árin 1987–1995. Á árunum 1989–1995 fékkst nánast enginn þorskur en á þeim tíma náði úthafs-rækjuafllinn hámarki. Allar stofnmælingarnar benda til minnkandi þorskgengdar á undanförunum 3–4 árum.

Samkvæmt fæðurannsóknunum í stofnmælingu úthafs-rækju á árunum 1998–2007 hefur rækja að meðaltali verið rúm 20% af magainnihaldi þorsks en loðna, sem er mikilvægasta fæðan samkvæmt þessum sýnum, er um 27%. Samkvæmt sýnum er mun minna af bæði loðnu og rækju á árunum 2003–2007 en á árunum 1998–2002.

Tafla 2.24.3. ÚTHAFSRÆKJA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (í tonnum) árin 1987–2007/08. <i>NORTHERN SHRIMP, OFFSHORE. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings</i>			
Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark TAC	Afli Catch
1987 ¹⁾	30 000	30 000	33 400
1988 ¹⁾	30 000	30 000	24 500
1989 ¹⁾	20 000	20 900	20 900
1990 ¹⁾	22 000	24 600	24 400
1991 ¹⁾	28 000	-	30 700
1991/92 ²⁾	35 000	40 000	34 200
1992/93 ²⁾	35 000	40 000	41 800
1993/94 ²⁾	40 000	52 000	53 200
1994/95 ²⁾	60 000	62 000	61 200
1995/96 ²⁾	40 000 ³⁾	63 000	65 000
1996/97 ²⁾	55 000	60 000	57 300
1997/98 ²⁾	70 000	75 000	60 900
1998/99 ²⁾	40 000 ⁴⁾	40 000	30 700
1999/00 ²⁾	20 000	20 000	20 700
2000/01 ²⁾	25 000	25 000	22 100
2001/02 ²⁾	35 000	35 000	27 400
2002/03 ²⁾	30 000	30 000	24 300
2003/04 ²⁾	20 000	20 000	18 000
2004/05 ³⁾	15 000 ⁵⁾	10 000	5 100
2005/06	10 000	10 000	600
2006/07	7 000	7 000	600
2007/08	7 000		

¹⁾ Almanaksár. *Calendar year.*
²⁾ Fiskveiðiár. *Quota year.*
³⁾ Tillaga um upphafsafli. *Provisional TAC.*
⁴⁾ Tillaga um leyfilegan hámarksafli var upphaflega 60 þús. tonn en var endurskoðuð í janúar 1999 og breytt í 40 þús. tonn. *Recommended TAC originally set at 60 thous. tonnes, but revised to 40 thous. tonnes in January 1999.*
⁵⁾ Engin tillaga um hámarksafli en sagt að óbreytt sókn leiði af sér 15 þús. tonna afli. *TAC not set but unchanged effort gives 15 thous. tonnes.*



Eins og undanfarin ár var fjölstofnalíkani (GADGET) beitt við stofnmat á rækju. Líkanið tekur bæði tillit til lengdar og aldurs rækjunnar. Í líkaninu er gert ráð fyrir að náttúruleg dánartala af völdum þorsks sé í réttu hlutfalli við magn þorsks á rækjussvæðinu.

Í líkaninu voru notaðar niðurstöður úr mismunandi stofnmælingum sem mælikvarði á fráfrá þorsks á rækju og var niðurstaðan að magn þorsks í SMR gaf besta samsvörun við önnur fyrirbyggjandi gögn.

Niðurstöður stofnmats benda til að rækjustofninn sé í mun verra ástandi en stofnmæling úthafsraekju

bendir til. Munurinn virðist tengjast nýliðunar-vísitölum en eins og sést á mynd 2.24.4 hefur nýliðun rækju undanfarin 3 ár verið mjög lítil. Þessi lélega nýliðun getur engan veginn haldið stofninum í stöðugu ástandi eins og niðurstöður SMR gefa þó til kynna. Samband nýliðunar og nýliðunarvísitalna virðist því flóknara en talið hefur verið og þarfnast það frekari rannsókna. Af þessum ástæðum var ákveðið að byggja ráðgjöf næsta fiskveiðárs ekki á stofnmatslíkaninu.

2.24.6. Ástand og horfur

Niðurstöður SMR árið 2007 benda til að stofninn sé lítill, fráfrá þorsks frekar mikið og nýliðun virðist áfram vera léleg eins og verið hefur undanfarin ár. Sókn í stofninn hefur verið mjög lítil undanfarin ár og skýrir það að vísitala kvendýra hefur vaxið og er að nálgast langtíma meðaltal, þrátt fyrir mikið fráfrá. Ástæða tiltölulega sterks kvendýrastofns nú má meðal annars rekja til þess að árgangur 2002 kom inn í stofninn á árinu 2007, er stór hluti árgangsins skipti um kyn.

Hafrannsóknastofnunin telur, í ljósi ofangreindra upplýsinga um ástand stofnsins, að ekki séu forsendur fyrir breytingum á aflamarki og leggur til að heildaraflamark úthafsraekju á fiskveiðiarinu 2008/2009 verði 7 000 tonn, sem er sama aflamark og lagt var til fyrir síðustu tvö fiskveiðiar. Náist sá afli mun það verða umtalsverð aukning frá því sem verið hefur undanfarin 3 ár. Afli sem hlutfall af vísitölu í stofnmælingu yrði engu að síður verulega undir því sem hann var á árunum 1987-2002.

2.24.7. Rækjuveiðar á öðrum hafsvæðum

Talið er að meirihluti rækjustofnsins á **Dohrnbanka** og við Austur-Grænland haldi sig vestan miðlínu milli Íslands og Grænlands. Miðlínan milli Íslands og Grænlands liggur yfir nyrstu rækjumíðin á Dohrnbanka. Engir samningar eru um sameiginlega stjórn veiða og aflskiptingu úr stofninum. Afli allra þjóða við Austur-Grænland var rúm 5 þús. tonn árið 2006 og rúm 4 þús. tonn árið 2007, samanborið við rúm 12 000 þús. tonn að meðaltali á árabílinu 1994 til 2003. Afli Íslendinga á Dohrnbanka hefur á undanföllum árum verið mjög breytilegur enda liggur oft ís yfir miðunum. Aflinn fór mest í 2 900 tonn árið 1997. Síðustu þrjú ár hafa Íslendingar veitt lítið sem ekkert á Dohrnbanka. Norðvestur-Atlantshafs-fiskveiðiráðið (NAFO) leggur til að afli fyrir allt svæðið við Austur-Grænland verði ekki meiri en 12 400 tonn fyrir árið 2008. Þetta er sama aflamark og fyrir árin 2004-2007. Afli Grænlandinga og Norðmanna á sóknareiningu hefur verið hár nær öll árin 2001-2007, einkum norðan 65° N og bendir það til að stofninn þar sé í góðu ásigkomulagi.

Vorið 1993 hófust rækjuveiðar á **Flæmingjagrundi**, alþjóðlegu hafsvæði austan efnahagslögsögu Kanada. Heildaraflinn jókst í rúmlega 63 þús. tonn

árið 2003 en minnkaði eftir það í 32 þús. tonn árið 2005 og 17 þús. tonn árið 2006 vegna slæmra markaðsskilyrða. Mjög litlar upplýsingar hafa fengist um rækjuafli árið 2007 en þær verða teknar saman af NAFO í október 2008. Afli Íslendinga jókst úr um 2 200 tonnum árið 1993 í tæplega 21 þús. tonn árið 1996. Síðan þá hefur aflinn verið á bilinu 3 600–9 300 tonn, en var tæp 2 000 tonn árið 2006 (tafla 3.24.1.). Íslendingar stunduðu ekki rækjuveiðar á Flæmingjagrunni árið 2007.


Í úttekt NAFO á rækju á Flæmingjagrunni í október 2007 kom fram að stofnstærð kvendýra í stofnmælingu Spánverja hefur aukist frá árinu 1997 til 2002 en verið svipuð eftir það. Staðlaður afli á togtíma er enn hár. Þar sem árgangar 2003, 2004 og 2005 virtust slakir var lagt til að sókn í rækju árin 2008 og 2009 yrði svipuð og árin 2005 og 2006, sem ætti að leiða til milli 17 og 32 þús. tonna afla. Á Flæmingjagrunni er sóknarstýring.

2.25. HÖRPUDISKUR *Chlamys islandica*



2.25.1. Afli og sókn

Hörpudisksveiðar voru ekki heimilaðar fiskveiði-árið 2007/2008, fimmta árið í röð. Til samanburðar var heildaraflinn að jafnaði 9 500 tonn á árunum 1996–2000, þar af 8 500 tonn í Breiðafirði. (mynd 2.25.1 og tafla 3.25.1). Á árunum 1996–1999 var meðalafli á veiðistund (afli hverja klst. að veiðum, miðað við einn plóg) í Breiðafirði um 1 600 kg en minnkaði í 709 kg árið 2003 þegar veiðar voru síðast stundaðar (mynd 2.25.2).




Mynd 2.25.1. HÖRPUDISKUR. Heildaraflinn 1969–2007 og afli í Breiðafirði.

Fig. 2.25.1. ICELAND SCALLOP. Total landings during the period 1969–2007 along with landings from the Breiðafjörður area.

2.25.2. Ástand stofnsins

Frá árinu 1991 til 1996 jókst afli á veiðistund í Breiðafirði um allt að 70%, úr tæpum 1 000 kg í rúmlega 1 600 kg, en stofnmælingar bentu til fremur lítilla breytinga á veiðistofninum á þessu tímabili. Aukinn afli á veiðistund á þessum árum er því að mestu leyti rakinn til bættrar veiðitækni. Samdráttur varð hins vegar í afla á veiðistund á tímabilinu 1999–2003 og var aflinn á síðasta veiðiárinu (2003) aðeins um 44% af meðaltali árunum 1996–1999 (mynd 2.25.2).

Niðurstöður stofnmælinga benda til þess að hörpudisksstofninn í Breiðafirði hafi minnkað verulega á níunda áratugnum sem hugsanlega má rekja til ofveiði en sex sinnum á árunum 1984–1993 var veitt 10–25% umfram tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar. Eftir að dregið var úr veiðum árið 1994 virðist stofninn hins vegar hafa haldist í nokkru jafnvægi til ársins 2000 en á þessum tíma voru veiðar í samræmi við tillögur (mynd 2.25.2 og tafla 2.25.1). Samkvæmt stofnmælingu í Breiðafirði í apríl 2001 mældist vísitala veiðistofnsins um 27% lægri miðað við þyngd en að jafnaði árin 1993–2000. Þessi þróun hefur haldið áfram í átta af þeim níu stofnmælingum sem gerðar hafa verið árin 2002–




HÖRPUDISKUR. Veiðisvæði við Ísland árin 1997–2002. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

ICELAND SCALLOP. Fishing grounds in 1997–2002. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

2007. Þannig mældist hörpudisksstofninn í sögulegu lágmarki árin 2006 og 2007 eða um 15% af meðaltali árunum 1993–2000. Haustið 2007 mældist stofninn svipaður að þyngd og árið áður en hlutdeild skelja í stærðarflokkum undir 50 mm hafði þó minnkað verulega vegna lélegrar nýliðunar.

Útbreiðslusvæði hörpudisks á Breiðafirði hefur farið minnkandi og samfara hnignun stofnsins hafa náttúruleg dauðsföll mælst há, einkum meðal stærri skelja, auk þess sem nýliðun virðist lélegri en að jafnaði áður (árgangar 2004–2006).

Rannsóknir síðustu ára sýna að náíð samband er á milli minnkunar stofnsins og aukinna dauðsfalla óháð veiðum. Dauðsföll eru metin sem hækkað hlutfall nýdauðra tómrá skelja samhangandi á hjör. Tíðni dauðsfalla fer vaxandi með stærð/aldri skeljanna og gætir mest í veiðistofninum en minna meðal yngri skelja. Óvissa ríkir því um hver afdrif



Mynd 2.25.2. HÖRPUDISKUR. Stofnvísitala í Breiðafirði árin 1977–2007 og afli á sóknareiningu hjá skelbátum á sama svæði og sama tíma.

Fig. 2.25.2. ICELAND SCALLOP. Survey stock size index in Breiðafjörður 1977–2007 and CPUE from scallop boats in the same area during the same period.

TAFLA 2.25.1. HÖRPUDISKUR. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) árin 1984–2007/08. <i>ICELAND SCALLOP. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) 1984–2007/08.</i>					
Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Alls Total	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings	Alls Total
	Breiðafjörður		Breiðafjörður	Breiðafjörður	
1984	11 000	14 100	11 000	11 900	15 600
1985	11 000	15 400	12 000	12 100	17 100
1986	10 000	14 200	12 000	12 700	16 400
1987	11 000	14 500	11 000	11 100	13 300
1988	10 000	13 500	10 000	9 800	10 100
1989	9 000	12 500	10 000	10 100	10 800
1990	10 000	13 500	10 000	10 100	12 400
1991	9 000	12 500	9 000	8 900	10 300
1992	8 500	11 200	8 500	10 600	12 400
1992/93 ¹⁾	8 500	11 500	8 500	10 300	11 600
1993/94 ¹⁾	8 000	10 100	9 800	8 000	9 400
1994/95 ¹⁾	8 500	10 200	8 200	8 800	9 400
1995/96 ¹⁾	8 000	9 500	8 000	7 400	8 000
1996/97 ¹⁾	8 000	9 300	8 000	8 400	9 200
1997/98 ¹⁾	8 000	9 300	8 000	8 900	10 600
1998/99 ¹⁾	8 500	9 800	8 500	8 100	9 100
1999/00 ¹⁾	8 500	9 800	8 500	8 700	9 200
2000/01 ¹⁾	8 000	9 300	8 000	7 900	8 200
2001/02 ¹⁾	6 500	6 750	6 500	6 400	6 600
2002/03 ¹⁾	4 000	4 150	4 000	4 435	4 505
2003/04 ¹⁾	0	0	0	0	0
2004/05 ¹⁾	0	0	0	0	0
2005/06 ¹⁾	0	0	0	0	0
2006/07 ¹⁾	0	0	0	0	0
2007/08 ¹⁾	0	0	0	0	0

¹⁾ Fiskveiðiárið September-ágúst. Quota year September-August.

hinna slöku árganga frá 2004—2006 verða þegar fram líða stundir.

Niðurstöður rannsókna á hörpudisk hafa sýnt fram á umtalsverða frumdýrasýkingu ásamt vefjabreytingum í vöðva þeirra sem líklega tengjast afföllum í stofninum. Sýkingin kemur einnig fram í skertri þroskun kynkirtla sem að líkindum, ásamt litlum hrygningarstofni, hefur áhrif á nýliðun.

2.25.3. Tillögur fyrir fiskveiðiárið 2008/2009

Mikil umskipti hafa orðið í stærð stofnsins síðan árið 2000 og mælist hann ennþá í sögulegu lágmarki. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að veiðar á hörpudiski verði ekki heimilaðar fiskveiðiárið 2008/2009.

2.26. KÚFSKEL *Arctica islandica*



2.26.1. Afli og sókn


Fram til ársins 1987 var kúfskel veidd í takmörkuðu mæli til beitu en veiðar á kúfskel til manndis voru stundaðar frá Vestfjörðum á árunum 1987–1999. Veiðisvæðið náði frá Breiðafirði að Skagatá og var landaður afli á bilinu 1 100 til 7 700 tonn (tafla 3.26.1.). Árið 1996 var gefið leyfi til veiða á 12 þús. tonnum af kúfskel á svæðinu frá Skagatá austur um að Ingólfshöfða. Veiðar á þessu svæði voru stundaðar með hléum til ársins 2001 og var landaður afli á bilinu 700 til 7 500 tonn (tafla 3.26.1.). Síðastliðin sjö fiskveiðiár var veitt tilraunaveiðileyfi á 24 þús. tonnum af kúfskel á ári, á svæðinu frá Garðskaga réttisælis að Ingólfshöfða. Landaður afli árið 2005 rúm 2 000 tonn, 2006 rúm 450 tonn og 2007 tæp 3 300 tonn (tafla 3.26.1.). Veiðar hafa verið takmarkaðar frá 2005 vegna slæmra markaðsaðstæðna. Afli á sóknareiningu samkvæmt afladagbókum hefur verið svipaður síðastliðin sjö ár, 6 100–9 500 kg/klst. en sóknin mismikil.

Aflamark hefur hingað til ekki verið svæðisbundið en til að koma í veg fyrir ofnýtingu einstakra svæða og tryggja að sókn dreifist jafnar á útbreiðslusvæði stofnsins, ætti aflamark að vera bundið ákveðnum veiðisvæðum.

2.26.2. Ástand stofnsins

Rannsóknir sýna að kúfskel er langlíf og hæg-vaxta. Uppistaða veiðistofnsins er stórar og gamlar skeljar. Elstu einstaklingar sem aldursgreindir hafa verið við Ísland eru yfir 200 ára gamlir. Talið er að nýliðun sé lítil.

Kúfskeljastofninn á 5–50 m dýpi í Faxaflóa, Breiðafirði og við Suðausturland var kannaður árið 1987, en við Vestfirði, Norður- og Norðausturland árið 1994. Stofninn við Norðausturland var endurmetinn árið 2005. Stofnstærðin á ofangreindum svæðum var árið 2005 metin vera um 1,3 milljónir tonna. Stofnstærð kúfskelja sunnan lands frá Garðsskaga að Tvískerjum hefur enn ekki verið metin.



2.26.3. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2008/2009

Í varúðarskyni er lagt til að á hverju 4–7 ára tímabili verði að jafnaði ekki veitt meira en sem nemur 2,5% af áætlaðri stofnstærð á hverju ári, á hverju veiðisvæði. Þar sem stofnstærð kúfskelja sunnan lands er óþekkt er ekki hægt að veita ráðgjöf varðandi aflamark á því svæði.

Með hliðsjón af ofansögðu leggur Hafrannsóknastofnunin til að heildarafli af kúfskel verði ekki meiri en 31 500 tonn fiskveiðiárið 2008/2009 á veiðisvæðunum fyrir vestan, norðan og austan land.


2.27. BEITUKÓNGUR *Buccinum undatum*



Tilraunaveiðar á beitukóngi hófust í Breiðafirði árið 1996 og veiddust 500 tonn. Síðan þá hefur aflinn verið sveiflukendur vegna markaðsaðstæðna, mest 1 284 tonn árið 1997 en nánast enginn árin 1998 og 2002. Síðan jókst sóknin aftur vegna hagstæðari markaða og fór aflinn upp í 991 tonn árið 2005. Á árinu 2007 varð aflinn alls 554 tonn en 839 tonn árið 2006 (tafla 3.27.1).

Meðalafli í hverja dregna gildru árið 2007 var 2,9 kg, sá sami og árið 2006. Það er talsvert undir meðaltali árána 1996-2005 en þá var aflinn að jafnaði 3,6 kg í dregna gildru. Heildarafli og afli á sóknareiningu árin 1996-2007 er sýndur í töflu 3.27.1.

Stofnmælingar fóru fram í Breiðafirði á ofanverðum tíunda áratugnum. Niðurstöður þeirra bentu til að veiðipól stofnsins væri á bilinu 800-1000 tonn á ári. Með tilliti til þess að 11 ár eru liðin síðan stofnmælingin var gerð og umtalsverðar veiðar hafa verið stundaðar á tímabilinu er nauðsynlegt að endurtaka stofnmælinguna sem fyrst.



BEITUKÓNGUR. Veiðisvæði við Ísland árið 1998–2007. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

WHELK. Fishing grounds in 1998–2007. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

Með hliðsjón af lækkandi afla á sóknareiningu og tíma frá stofnmælingu leggur Hafrannsóknastofnunin til að afli beitukóns í Breiðafirði fari ekki yfir 800-1000 tonn á ári.

2.28. HVALIR *Cetacea*



2.28.1. Hvalveiðar við Ísland

Veiðar á stórhvölum hafa verið stundaðar með hléum frá landstöðvum við Ísland síðan árið 1883. Frá árinu 1948 takmörkuðust veiðarnar við starfsemi stöðvarinnar í Hvalfirði en þar voru lengst af og mest fjögur skip að veiðum yfir vertíðarmánuðina júní-september. Á árunum 1948–1985 voru að meðaltali veiddar 234 langreyðar og 68 sandreyðar árlega og 82 búrhvalir árin 1948–1982 (alfriðaður í Norður-Atlantshafi frá árinu 1982). Hrefnuveiðar voru stundaðar á litlum vélbátum hér við land mestan hluta síðustu aldar. Veiðar þessar voru lengst af smáar í sniðum, nokkrir tugir dýra á ári. Á árunum 1977–1985 ákvað Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC) árlegan veiðikvóta fyrir svæðið Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen og komu flest árin um 200 hrefnur í hlut Íslendinga (tafla 3.28.1.).

Árið 1986 gekk í gildi ákvörðun IWC um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni. Í samræmi við ákvæði hvalveiðisáttmálans var veiddur takmarkaður fjöldi lang- og sandreyða í rannsóknaskyni árin 1986–1989, auk þess voru veiddar samtals 200 hrefnur á árunum 2003–2007.

Árið 2006 hófu Íslendingar atvinnuveiðar að nýju og veittu stjórnvöld leyfi fyrir veiðum á níu langreyðum og þrjátíu hrefnum á fiskveiðiárinu 2006/2007. Veiðar hófust í október og alls veiddust sjö langreyðar og ein hrefna í atvinnuskyni á árinu 2006 og auk þess 6 hrefnur árið 2007.

2.28.2. Hvalatalningar

Samhliða ákvörðun IWC um tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni árið 1986 var ákveðið að vinna að heildarúttekt á ástandi hvalastofna heimsins, sem ljúka átti árið 1990. Í samræmi við þetta ákváðu íslensk stjórnvöld að stórefla hvalarannsóknir, m.a. með umfangsmiklum líffræðilegum og vistfræðilegum athugunum, talningum og rannsóknum á áhrifum veiða á stofnana.

Hafrannsóknastofnunin hefur, í samstarfi við nágrannaþjóðir við Norður Atlantshaf staðið fyrir víðtækum hvalatalningum árin 1987, 1989, 1995, 2001 og 2007. Síðan 1995 hefur skipulagning talninganna og úrvinnsla niðurstaðna farið fram innan vísindanefndar Norður-Atlantshafs Sjávarspendýraráðsins (NAMMCO), auk þess sem niðurstöður hafa verið kynntar innan vísindanefndar IWC. Á grundvelli talninganna frá 2001 hefur vísindanefnd NAMMCO samþykkt stofnstærðarmat fyrir langreyði og hrefnu og vísindanefnd IWC hefur fjallað um og samþykkt mat á þessum tveimur tegundum til notkunar í veiðistjórnunarkerfi ráðsins. Langreyði hefur fjölgað talsvert frá því að talningar hófust árið 1987, sérstaklega vestur af landinu.

Niðurstöður talninganna sýna einnig marktækt mikla aukningu í þéttleika hnúfubaks.

Talningarnar sumarið 2007 (TNASS) voru víðtækari en nokkru sinni fyrr en þátttökubjóðir voru auk Íslands, Færeyjar, Grænland, Kanada, Rússland og Noregur. Auk þess voru talningarnar samræmdar talningum vestur af meginlandi Evrópu (CODA) og við austurströnd Bandaríkjanna (SNESSA).

2.28.3. Ástand stofna og veiðipól

2.28.3.1. Hrefna (*Balaenoptera acutorostrata*)

Fyrirliggjandi gögn benda til þess að í Norður-Atlantshafi séu a.m.k. þrjár hrefnustofnar með höfuð-útbreiðslu á hvalamiðunum við Vestur-Grænland, Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen (Mið-Atlantshafsstofn) og Noreg (Norðaustur-Atlantshafsstofn). Vísindanefnd NAMMCO samþykkti árið 2004 mat á stofnstærð hrefnu hér við land sem byggðist á talningum árið 2001. Samkvæmt þeim voru 43 600 (CV 0.19) hrefnur á flugtalningasvæðinu sem náði yfir mestan hluta íslenska landgrunnins. Niðurstöður talninga frá skipum benda til að um 23 600 (CV 0.26) hrefnur hafi verið á stofnsvæðinu utan flugtalningasvæðisins. Einfaldur samanburður á gögnum úr þeim fjórum flugtalningum sem fram hafa farið miðsumars á tímabilinu 1986–2001 og úrvinnslu er lokið á, bendir til að stofninn hafi verið stöðugur eða stækkað lítillega á þessu tímabili. Frumniðurstöður flugtalninganna sumarið 2007 benda til að mun færri hrefnur hafi þá verið á íslenska landgrunnssvæðinu en í fyrri talningum. Til að freista þess að meta í fyrsta sinn stofnstærð hnísu auk hrefnu, var nú flogið í 600 feta hæð, í stað 750 áður, og ráðin sérfræðingur með reynslu af hnísutalningum. Nokkur munur var á niðurstöðum talninganna eftir því hvort leiðangursmenn höfðu reynslu af hrefnu- eða hnísutalningum. Ef öll gögn eru notuð var fjöldi hrefna á talningasvæðinu 10 680 dýr (95% C.I.

5 873, 17 121). Ef einungis er stuðst við niðurstöður frá vönum hrefnutalningamanni er matið nokkru hærra (15 055 95% C.I. 6 357–27 278), en engu að síður aðeins rúmlega þriðjungur af þeim fjölda sem talinn var 2001. Endurtalning á Faxaflóa í lok leiðangurs gaf talsvert meiri þéttleika en í fyrri umferð sem gæti bent til þess að hrefnan hafi verið seinna á ferðinni en vanalega. Vegna óhagstæðs veðurs náðist ekki að leita frá skipum á stórum svæðum umhverfis íslenska landgrunnið eins og stefnt hafði verið að, og því ekki hægt að segja til um hvort aukinn þéttleiki þar gæti skýrt fækkunina á landgrunnssvæðinu. Vísindanefnd NAMMCO fjallaði um þessar niðurstöður á ársfundi sínum í apríl 2008 og ályktaði að hér væri að öllum líkindum

um að ræða breytingar á útbreiðslu fremur en stórkostleg afföll í stofninum. Þá taldi vísindanefndin ljóst að þær takmörkuðu hrefnuveiðar sem stundaðar hafa verið við Ísland frá 2003 geti ekki skýrt þessar breytingar.

Samkvæmt fyrri úttektum vísindanefndar NAMMCO á ástandi Mið-Atlantshafsstofns hrefnu var stofnstærð hér við land talin nálægt því sem talið er að hún hafi verið áður en veiðar hófust. Þær veiðar sem stundaðar voru á síðustu öld höfðu samkvæmt því lítil áhrif á stofnstærðina. Á grundvelli þessara úttekta hefur Hafrannsóknastofnunin á undanförunum árum lagt til að veiðum yrði haldið innan við 400 dýr á ári. Ljóst er að mikil fækkun hefur orðið á íslenska landgrunnssvæðinu ef marka má talningarnar 2007. Jafnframt er ljóst að þar sem skipatalningarnar misförust hvað varðar hrefnu er ekki unnt að meta stærð Mið Norður-Atlantshafs hrefnustofnsins með fullnægjandi hætti út frá gögnum.

Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um stofnstærð hrefnu eftir talningarnar 2007 og að enn hefur ekki farið fram formleg úttekt á veiðiþoli stofnsins skv. hinum nýju gögnum, leggur stofnunin áherslu á að fyllstu varúðar sé gætt við ákvörðun aflamarks.


Endurnýjunargeta hvalastofna hefur verið talin á bilinu 1-10% á ári, en algengast er að miðað sé við 2-6%. Ef miðað er við neðstu mörkin í þessu samhengi (1%) og lægra stofnstærðarmatið (10 700), er veiðiþolið 107 dýr. Ljóst er að hér er um mjög varlegt mat að ræða, því auk þess að miða við lægstu hugsanlegu nýliðun, er miðað við stofnstærðarmat á einungis litlum hluta útbreiðslusvæðis Mið N-Atlantshafs hrefnustofnsins.

Af ofansögðu má ljóst vera að veiðar á 100 hrefnum úr þessum stofni á árinu 2008 myndu ekki hafa teljanleg áhrif á stofninn og eru innan marka sjálfbærni. Hafrannsóknastofnunin ítrekar að hér er um að ræða mjög varfærna veiðiráðgjöf til eins árs og mun hún verða endurskoðuð þegar formleg úttekt á veiðiþoli stofnsins til lengri tíma hefur farið fram. Mikilvægt er að fylgst verði náið með stofninum á næstu árum.

2.28.3.2. Langreyður (*Balaenoptera physalus*)

Við stjórnun veiða hefur jafnan verið gert ráð fyrir að langreyðar í Norður-Atlantshafi skiptist í 7 stofna, þ.e. Á svæðunum við: 1) Nova Scotia, 2) Nýfundnaland-Labrador, 3) Vestur-Grænland, 4) Austur-Grænland-Ísland (EGI), 5) Norður-Noreg, 6) Vestur-Noreg/Færeyjar og 7) Bretlandseyjar, Spán og Portúgal.

Samkvæmt talningum árin 1987 og 1989 og fyrri merkingum við strendur Kanada var áætlað að stofnstærð langreyðar í Norður-Atlantshafi væri a.m.k. 50 þús. dýr, þar af um 16 þús. á svæðinu Austur-Grænland - Ísland - Jan Mayen (EGI stofnsvæði). Samkvæmt talningunum 2001 voru um 14 þús. dýr á svæðinu milli Austur-Grænlands og Íslands (mynd 2.28.1., svæði A og B) og um 23 700 (CV 0.13)



langreyðar alls á EGI-stofnsvæðinu. Samanburður á talningum sýnir að langreyði hefur fjölgað, sérstaklega vestur af landinu, síðan reglulegar talningar hófust árið 1987.

Í nóvember 2003 gerði vísindanefnd NAMMCO úttekt á ástandi langreyðarstofna í Norður-Atlantshafi þar sem gögn frá talningunum 2001 um stofnstærðir voru lögð til grundvallar. Samkvæmt þeirri úttekt er EGI-stofn langreyðar nálægt þeirri stærð sem talið er að hafi verið áður en veiðar úr stofninum hófust. Vegna óvissu í stofngerð ákvað nefndin í varúðarskyni að byggja ráðgjöf sína á þeirri kenningu að sérstakur undirstofn væri á hefðbundnum hvalamiðum vestur af landinu (svæði B á mynd 2.28.1). Vísindanefndin ályktaði að árlegar veiðar á 150 langreyðum á hefðbundnum hvalamiðum vestur af landinu (svæði B) næstu 20 ár myndu ekki fækka langreyði á þessu svæði. Ef veiðar yrðu einnig stundaðar utan þessa svæðis eru veiðar á 200 langreyðum innan marka sjálfbærni.

Frumniðurstöður talninganna 2007 benda til að 20 600 langreyðar (95% CI 15 053-26 540) hafi verið á EGI stofnsvæðinu. Þetta mat er ekki marktækt frábrugðið matinu frá 2001. Gert er ráð fyrir að endanlegt mat liggja fyrir síðar á árinu 2008.

Þar sem ekki liggur fyrir endanlegt stofnstærðarmat fyrir EGI stofn langreyðar og bráðabirgðamat er ekki frábrugðið matinu frá 2001 sér Hafrannsóknastofnunin ekki ástæðu til breytinga á veiðiráðgjöf varðandi þessa tegund, þ.e. að veiðar á langreyði nemi að hámarki 150 dýrum árlega séu veiðarnar bundnar við hefðbundið veiðisvæði (B) á mynd 2.28.1, en allt að 200 dýrum sé veiðunum dreift innan heildarútbreiðslusvæðis stofnsins.

Á síðasta ársfundi vísindanefndar IWC var samþykkt að hefja formlega úttekt á langreyðarstofnum í Norður Atlantshafi samkvæmt veiðistjórn-unarkerfi ráðsins (RMP). Úttekt þessi tekur tvö ár og lýkur vorið 2009.

2.28.3.3. Sandreyður (*Balaenoptera borealis*)

Samkvæmt talningunum 1995 voru um 9 200 sandreyðar á talningasvæðinu í Norður-Atlantshafi, þar af um 8 800 á íslenska svæðinu. Vegna suðlægrar útbreiðslu tegundarinnar er talið að talningar 1989 hafi náð til stærri hluta stofnsins, en þá voru um 10 500 sandreyðar vestan og suðvestan Íslands. Á þessu ári munu aðildarþjóðir hvalatalninganna 2007 taka saman öll gögn um sandreyðar til að meta fjölda á talningasvæðinu og er þess vænst að nýtt mat liggi fyrir vorið 2009.

Í áratugi og fram til ársins 1988 voru veiðar á sandreyði úr Mið-Norður-Atlantshafsstofninum aðeins stundaðar frá Íslandi. Líklegt er að stofninn hafi þolað þessar veiðar, enda námu þær aðeins um 0,6% af áætlaðri stofnstærð. Veiðiþol stofnsins hefur þó ekki enn verið metið eða aflareglur þróaðar sem fara mætti eftir við úthlutun aflamarks.

2.29. SELIR *Phocidae*



2.29.1. Selveiðar

Tvær tegundir sela eru staðbundnar við strendur Íslands, landselur og útselur. Auk þeirra koma nokkrar tegundir farsela frá norðlægari slóðum reglulega inn á íslensk hafsvæði.

Auk beinnar selveiði veiðist árlega nokkur fjöldi sela í net umhverfis landið (tafla 3.29.1.).

